

12 ORÐ OG TUNGA

2010

STOFNUN ÁRNA MAGNUSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



Orð og tunga

12

Orð og tunga

12

Ritstjóri
Guðrún Kvaran

Ritnefnd

Ari Páll Kristinsson, Ásta Svavarssdóttir, Jón Hilmar Jónsson,
Svavar Sigmundsson, Veturliði Óskarsson



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Reykjavík 2010

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

© Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2010.

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

ISSN 1022-4610

Umbrot: Bessi Aðalsteinsson.

Hönnun kápu: Björg Vilhjálmsdóttir.

Prentun og bókband: Leturprent.

Efnisyfirlit

Formáli ritstjóra	vii
Þemagreinar:	
Ari Páll Kristinsson: Um íslenska örnefnastýringu	1
Guðrún Kvaran: Öllum götum skal nafn gefa	25
Hallgrímur J. Ámundason: Óformleg örnefni í Reykjavík ...	41
Savar Sigmundsson: Um örnefnaskýringar	55
Torfi Hjartarson: Kennarinn og kennileitin Örnefni í námsefni og skóla	69
Aðrar greinar:	
Margrét Jónsdóttir: Beyging orða með viðskeytunum -ing og -ung. Söguleg þróun	83
Kirsten Wolf: Towards a Diachronic Analysis of Old Norse-Icelandic Color Terms: The Cases of Green and Yellow	109
Bókafregnir	131

Formáli ritstjóra

Í heftinu birtast fyrst þemagreinar eins og venja hefur verið undanfarin ár. Þemað að þessu sinni var *Nafnfræði í brennidepli* sem rætt var á málþingi *Orðs og tungu* 24. nóvember 2008 í Safnaðarheimili Neskirkjú. Fyrirlesarar voru fimm og birtast hér öll erindin endurskrif- uð í formi greina sem voru yfirlitunar og ritrýndar samkvæmt reglum tímaritsins.

Auk þemagreinanna birtast tvær orðfræðigreinar sem einnig voru ritrýndar. Önnur greinin er eftir Kirsten Wolf og fjallar um þróun litarheitanna *gulur* og *grænn*. Hin greinin er eftir Margréti Jónsdóttur sem ræðir um beygingu kvenkynsorða sem hafa viðskeytin *-ing* og *-ung*.

Þá tekur við kynning á nokkrum nýlegum bókum á sviði orðfræði, nafnfræði og málræktarfræði.

Allur undirbúningur undir prentun *Orðs og tungu* fór fram á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og var það verk í höndum Bessa Aðalsteinssonar. Björg Vilhjálmsdóttir, grafískur hönnuður, vann kápuna á heftið.

Guðrún Kvaran

Ari Páll Kristinsson

Um íslenska örnefnastýringu

1 Inngangur


Skipulag greinarinnar er þannig að byrjað verður á að gera grein fyrir því hvað hér er átt við með *nafnstýringu* og þó einkum *örnefnastýringu*. Síðan er stuttlega fjallað um þá örnefnastýringu sem lýtur að nöfnum erlendra staða, einkum ríkjaheitum. Eftir það víkur sögunni að örnefnum á Íslandi sjálfu. Minnt er á mismunandi uppruna þeirra og staldrað sérstaklega við dæmi um að þau hafi sannanlega orðið til fyrir tilstilli örnefnastýringar af einhverju tagi fremur en að vera „sjálf-sprottin“ ef svo má segja. Síðan er gerð grein fyrir því á hvern hátt fáeinir opinberir aðilar koma þar við sögu. Þar er megináherslan lögð á starfssvið örnefnanefndar samkvæmt gildandi bæjanafnalögum og reglugerð um starfsemi nefndarinnar. Einkum er fjallað um afskipti örnefnanefndar af nýjum býlanöfnum og óskir fólks um nafnbreytingar en miklar hömlur eru á breytingum á eldri bæjanöfnum.

2 Hugtakið örnefnastýring

Hugtakið *örnefnastýring* er hluti hugtakakerfis málræktarfræðinnar en hún fjallar um málstefnu í sínum margvíslegu myndum. Hinn **sýnilegi ásetningur** til að hafa áhrif á stöðu eða form tungumáls er nefndur *málstýring*, sbr. e. *language planning* (sjá t.d. Ara Pál Kristinsson 2007:105). Hafa mætti hugtakið *nafnstýringu* (e. *name planning*) um

þann hluta málstýringar sem lýtur að sýnilegum og meðvituðum afskiptum af nöfnum í tilteknu málsamfélagi.

Augljóst dæmi um nafnstýringu er framkvæmd laga og reglna um meðferð, notkun og skráningu nafna, svo sem mannanafna, tiltekinna örnefna (sjá nánar í 5. kafla hér á eftir) og vörumerkjja, sbr. þau íslensku lög sem mannanafnanefnd, örnefnanefnd og Einkaleyfastofan starfa eftir. Hér á eftir mun ég einbeita mér að örnefnum en láta aðra nafnaflokk, svo sem mannanöfn eða vörumerki, liggja milli hluta. Hugtakið örnefnastýring tekur þá sem sé til þeirrar nafnstýringar sem lýtur að örnefnum sérstaklega. Á 1. mynd sést innbyrðis afstaða ofangreindra hugtaka.



1. mynd. Sýnileg og meðvituð afskipti af nöfnum sem hluti af hugtakakerfi í málrækt-arfræði

Örnefnastýring, eins og önnur málstýring, getur tekið til mismunandi sviða tungumálsins. Stundum er aðeins um að ræða afskipti af rit-hætti eða annarri meðferð þeirra örnefna sem þegar eru í notkun. Það á t.a.m. oftast við um viðleitni til að laga ýmis örnefni utan Íslands að íslenskum rithætti, sbr. 3. kafla hér á eftir. Í öðrum tilvikum er fyrst og fremst um það að ræða að skipta sér af sjálfu nafnavalinu. Í íslensku bæjanafnalögnum, sem sagt verður frá í 5. og 6. kafla hér á eftir, beinist t.a.m. öll athyglan að því síðarnefnda, þ.e. nafngiftunum sem slíkum, en ekkert er fjallað í lögnum um ritun eða beygingu nafnanna beinlínis. Sjálfsgagt hefur verið litið svo á í lagasetningunni að slíkt sé tiltölulega vandalaust í íslensku þar sem lítið er um mállyskur og líklega óhætt að kalla íslenska ritmálið tiltölulega heilsteyp. ¹

¹Hins vegar fjallar 7. gr. Auglýsingar um íslenska stafsetningu frá 1974 (sbr. einnig 83. gr. ritreglna í Stafsetningarorðabókinni 2006) um bandstrik og upphafsstafi í „samsettum örnefnum“, þ. á m. bæjanöfnum á borð við Ytri-Mælifellsá.

3 Örnefni utan Íslands

Örnefni í íslensku máli geta vitaskuld vísað til staða utan hins íslenska málsvæðis. Einn angí íslenskrar örnefnastýringar getur því lotið að rithætti og annarri meðferð þeirra. Taka má nöfn erlendra borga sem dæmi um slíkan nafnaflokk. Sum þeirra eiga fullkomlega íslenskan búning í ritmyndum, framburði og beygingu, svo sem borgarheitið *Stokkhólmur* og *Kaupmannahöfn*. Önnur eiga fastar rit- og/eða framburðarmyndir en ekki fasta beygingu, svo sem borgarheitið *Madríð* sem ýmist fær eignarfallsendingu eða ekki. Enn önnur hafa að meira eða minna leyti íslenskaðan framburð, svo sem *New York*, sem íslenskumælandi fólk ber fram með órödduðu *r-i*, eða *Washington*, með íslenskum *v-* og *s-hljóðum*, en þau halda eftir sem áður ritmynd veitímálsins og fá ekki íslenskar beygingarendingar. Borgarheitið *Peking* hefur nú fengið keppinautinn *Beijing* í íslensku eins og fleiri vestrænum tungumálum. Raunar eru mörg dæmi um að hægt sé að velja milli mismunandi nafna: *Lundúnir/London*, *Kænugarður/Kiev* o.fl.

Hérlandis hefur stöðlun á nöfnum erlendra staða ekki verið á hendi neins eins stjórnvalds.² Raunar voru leiðbeiningar um erlend landfræðiheiti meðal þeirra verkefna sem orðabókarnefnd Háskólans tiltók í bréfi til menntamálaráðherra, dags. 17. mars 1962, þar sem lagt er til við stjórnvöld í fyrsta sinn að þau stofni íslenska málnefnd (Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson 1993:29–30). Heiti á erlendum stöðum voru hins vegar ekki tilgreind sérstaklega í reglum um málnefndina 1964 né heldur í þeim lögum sem síðar átti eftir að setja um nefndina. Höfundar landafræðibóka og landalýsinga, kortaútgefendur, fjölmöðlar, rithöfundar og útgefendur hafa því í gegnum tíðina orðið að finna viðeigandi lausnir hver fyrir sig. Stöðlun í því sambandi, að ríkjaheitum frátöldum, hefur ekki verið á ábyrgð neinnar einnar stofnunar. Eðlilegt er raunar að hér sé horft til landabréfabóka Námsgagnastofnunar (og áður Ríkisútgáfu námsbóka) enda þótt samræmi í frágangi þess háttar nafna sé þó ekki lögþundið hlutverk hennar.

²Formaður dönsku örnefnanefndarinnar hefur bent á (Holmberg 2008) að þar í landi séu þess háttar nöfn á verksviði bæði dönsku örnefnanefndarinnar og Danskra málnefndar. Örnefnanefndin danska tekur þátt í stöðlunarstarfi Norden Division innan sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um örnefni (UNGEGN) en á sama tíma hefur Dönsk málnefnd það meðal skilgreindra hlutverka sinna að „give vejledning i stavning og udtale af udenlandske navne“ (2008:117).

Ríkjaheiti hafa hér ákveðna sérstöðu eins og áður segir. Íslensk málnefnd tók þau upp á sína arma, fyrst í samnorrænni útgáfu í tímaritinu *Språk i Norden* árið 1974³ og eftir það á ymsan hátt uns breytingar urðu á hlutverki nefndarinnar 2006. Eftir þær breytingar er viðhald landaheitaskrárna hluti almenns ráðgjafarhlutverks Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum⁴ með sama hætti og aðrar hliðstæðar leiðbeiningar um aðlögun erlendra orða að íslensku máli.

Um samnorrænu ríkjaheitaskrána í *Språk i Norden* 1974 segir að skráin, með dönskum, færeyskum og íslenskum heitum, „omfatter ikke alle de navneformer og afledninger der er i brug, men blot de former som Dansk Sprognævn, Fróðskaparsetur Føroya og Íslenzk málnefnd tilråder“ (1974:81). Þarna er m.ö.o. á ferðinni einhvers konar nafnastöðunarviðleitni. Forvitnilegt er að skoða hinar leiðbeinandi íslensku nafnmyndir í skránni og bera saman við endurskoðaða gerð sem birtist í samsvarandi samnorrænni útgáfu 20 árum síðar (*Statssavn og nationalitetsord* 1994). Íslensk málnefnd lagði einnig til íslenska efnið í þeirri útgáfu. Þar er víða gengið talsvert lengra en gert var 1974 í aðlögun ritmyndanna að hefðbundnu sambandi bókstafa og framburðar í íslensku. Í 1. töflu eru heitin *Paraguay/Paragvæ* og *Trinidad/Trinidad* tekin sem dæmi um hina vaxandi kröfu um aðlögun í rithætti sem sjá má á tímabilinu. Útgáfan 1974 mælir með *Paraguay*, *Trinidad* en útgáfan 1994 mælir með *Paragvæ*, *Trinidad*. Í 1. töflu er sýnt að landabréfabækur Ríkisútgáfu námsbóka, síðar Námsgagnastofnar, hafa *Paraguay* og *Trinidad* í útgáfum 1979 og 1989 en aftur á móti

³Skráin í *Språk i Norden* 1974 ber yfirskriftina „Navne på stater. Nationalitetsbetecknelser. Dansk-færøsk-islandske“ (1974:81). Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson (1993) segja um íslenska efnið í skránni: „Jakob Benediktsson tók íslensku heitin saman, í fyrstu með aðstoð Helgu Kress“ (1993:59).

⁴Sjá vefsíðuna *Landaheiði og höfuðstaðaheiði*. Aðrar opinberar eða hálfopinberar ríkja- og/eða landaheitaskrár hafa komið út sem vafalaust hafa einnig veruleg stöðunarhárfir hver með sínum hætti. Þar má nefna skrána í *Íslenskum gjaldmiðlaheimum* (1997), skrá utanríkisráðuneytis (sjá *Handbók utanríkisráðuneytisins* 2006) og skrá *Almanaks Háskóla Íslands* (sjá *Almanak fyrir Ísland* 2009). Þessum þremur síðarnefndu skrám ber í mars 2009 í meginatriðum saman við þá landaheitaskrá sem birt er á vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og á rætur að rekja til starfsemi Íslenskrar málnefndar. Allar skrárnar nota t.a.m. ritháttinn *Singapiúr* svo að dæmi sé nefnt. Þó er ekki algert samræmi. Sem dæmi um mismun má nefna að vefsíða stofnunarinnar (2009) hefur „Mjanmar [] Eða Burma“ og *Íslensk gjaldmiðlaheiði* (1997) hafa „Burma (Mjanmar)“ en *Almanak fyrir Ísland* 2009 hefur hins vegar „Mýanmar (Búrma)“. Aftur á móti nefnir ekki *Handbók utanríkisráðuneytisins* (2006) þetta land enda hefur Ísland ekki stjórnmálasamband við það.

Paragvæ og Tríniðad í útgáfu frá 2002.⁵

Íslensk málnefnd 1974:
Paraguay, Tríniðad

Landabréfabók (1979, 1989)
Paraguay, Tríniðad

Ensk-íslensk orðabók (1984)
Paraguay, Tríniðad

Íslenska alfræðiorðabókin (1990)
Paraguay (aukamynd Paragvæ), Tríniðad

Íslensk málnefnd 1994:
Paragvæ, Tríniðad

Kortabók handa grunnskólum (2002)
Paragvæ, Tríniðad

Íslensk orðabók (2002, 2007)
Paragvæ, Tríniðad

1. tafla. Dæmi um viðleitni til örnefnastýringar eins og hún birtist í leiðbeinandi skrám Íslenskrar málnefndar 1974 og 1994, ásamt dæmum úr kortabókum handa grunnskólum – jafnframt sýnd meint áhrif á fáeinrar mikilvægar orðabækur

Ef litið er í fáeinrar stórar íslenskar orða- og alfræðibækur virðast þær samsvara skrám málnefndarinnar og landabréfabókum Námsgagna-stofnunar á hvoru tímabili fyrir sig. Í 1. töflu sést t.a.m. að í *Ensk-íslenskri orðabók* (1984) er aðeins að finna ritmyndirnar *Paraguay* og *Tríniðad* sem er í samræmi við opinber leiðbeinandi gögn frá sama tíma. Í *Íslensku alfræðiorðabókinni* (1990) er einnig ritað *Tríniðad* og þar er *Paraguay* aðalritmynd. Athyglisvert er raunar að þar kemur *Paragvæ* fram sem aukamynd.⁶ Eins og sýnt er í 1. töflu kemur í ljós þegar litið er á tímabilið eftir 1994 að í *Íslenskri orðabók* (2002 og 2007) er sama leið farin og hjá opinberu aðilunum, málnefndinni og Námsgagnastofnun, þ.e. einvörðungu eru birtar ritmyndirnar *Paragvæ* og *Tríniðad*.

Hér á undan hefur verið fjallað um þá tilteknu tegund íslenskrar örnefnastýringar sem eru afskipti af nöfnum á erlendum stöðum í íslensku máli. Komið hefur fram að leiðbeiningar um meðferð slíkra nafna eru ekki beinlínis tilgreindar á verksviði neinnar Íslenskrar stofnunar enda þótt Námsgagnastofnun hafi sinnt slíku við gerð landafræðiefnis. Íslensk málnefnd létt nær eingöngu til sín taka á sviði ríkjaheitanna og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur viðhaldið þeim arfi eftir 2006. Lausleg athugun bendir til þess að mikilvægar íslenskar handbækur og orðabækur hafi á hverjum tíma

⁵Ritháttur árheitisins *Paraguay* er þar þó eftir sem áður svo enda eru greinilega gerðar ríkari kröfur um aðlögun ríkjaheita en annarra örnefna.

⁶Líkleg ástæða þessa er að ritmyndin *Paragvæ* er í skrá um ríkjaheiti og þjóðernis-ord í *Orðalykli Árna Böðvarssonar* (1987). Ární vann mikið starf á þessu sviði og hafði vafalaust áhrif sem málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins 1984–1992.

samræmst ríkjaheitaskrám Íslenskrar málnefndar og kortum Námsgagnastofnumar að því er varðar ríkjaheiti. Af því má e.t.v. álykta að opinberir aðilar gætu náð árangri við víðtækari stöðlun á frágangi þess háttar nafna en nú er ef þeir tækju sér það hlutverk eða yrði falið það.

Eftir þennan útúrdúr um erlenda staði og viðleitni til íslenskrar örnefnastýringar á því sviði verður hér á eftir rætt um örnefni sem vísa til staða á Íslandi sjálfu.

4 Örnefnaforðinn og samfélagið

Aragrúi örnefna kemur fyrir þegar í elstu heimildum um búsetu á Íslandi og í gegnum tíðina hafa smám saman bæst við ný nöfn á stöðum, hvort heldur kennileitin eru náttúruleg eða gerð af mönnum á einhvern hátt. Elstu örnefni hafa stundum lagst af og önnur leyst þau af hólmi. Í stað nafnsins *Balljökull* (í Grettis sögu), síðar *Baldjökull*, kom nafnið *Eiríksjökull*, e.t.v. dregið af *Eirksgnípu* sem er mikill hamar við jökulinn (Pórhallur Vilmundarson 1996:75). Í óbyggðum Íslands eru mörg kennileiti raunar enn nafnlaus og önnur bera til þess að gera ung nöfn. Dalur sunnan við Tungnafellsjökul var t.a.m. kannaður 1845 í leiðangri Bárðdælinga sem nefndu hann *Jökuldal*. Síðar var einnig farið að nefna sama dal *Nýjadal*. Skaginn milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar fékk nafn sitt, *Tröllaskagi*, ekki fyrr en á 20. öld. Af og til verða breytingar í náttúrunni sjálfrí, s.s. eldgos og jökulhlaup, og til verða ný kennileiti sem þurfa sín nöfn. Þekkt dæmi af þeim toga er *Surtsey* frá 1963. Nýkönnuð svæði á sjó og landi kalla á ný nöfn. Í Fréttablaðinu 13. október 2008 er frásögn um nýjar og nýlegar nafngiftir á hafsvæðinu kringum Ísland. Haft er þar eftir Hauki Jóhannessyni, hjá Íslenskum orkurannsóknum, að „starfsmenn Orkustofnum hafi sótt nöfn í landvættirnar og nefnt Drekasvæðið eftir drekanum sem fló út Eyjafjörð, Bergrisann [Hatton-Rockall] eftir risanum sem kom út úr Lómagnúp og stefndi suður“. Tillögur Hauks um nöfn á landslagsfyrbrigðum á Drekasvæðinu eru sótt í Völsunga sögu, t.d. *Fáfnir*, *Otur*, *Sigurður*, *Gunnar* og *Gjúki* (Fréttablaðið 13. október 2008, bls. 12).

Örnefni geta átt sér margháttan uppruna. Stundum má hann teljast óumdeildur en í öðrum tilvikum verður hann líklega aldrei staðfestur. Örnefni eru oft dregin af sérkennum í viðkomandi náttúrufyrribæri, t.d. hefur fjallsnafnið *Esja* verið skýrt þannig að það sé dreg-

ið af ljósri steintegund sem er til í fjallinu, sbr. norska orðið *esje* í merkingunni 'kleberg, tálgusteinn' (sjá *Algengar spurningar um örnefni*). Örnefnin veita oft vísbendingar um nytjar eldri kynslóða af landinu, t.d. árheiti á borð við *Lambá*, *Geitá*, *Kiðá* og *Nautá* „þar sem húsdýr voru rekin fram fyrir tilteknar ár og höfð þar á beit og árnar oft notaðar sem eins konar girðingar“ (Pórhallur Vilmundarson 1996:140). Örnefnin veita einnig vísbendingar um hugmyndaheim genginna kynslóða og ýmsar sagnir.⁷ Eins og fram hefur komið hér á undan er stundum vitað með nokkurri eða algerri vissu hver eða hverjir gáfu tiltekið nafn og hvers vegna. Þegar hefur verið minnst á *Jökuldal* við Tungnafellsjökul sem dæmi um slíkt. Þeir sem nefndu íslensku jöklana „eru menn eins og Þorvaldur Thoroddsen, Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson og Steinþór Sigurðsson“ segir Oddur Sigurðsson jarðfræðingur í samtali við *Fréttablaðið* 16. október 2008. Það er einmitt eitt afbrigði örnefnastýringar, hinna sýnilegu og meðvituðu afskipta af nöfnum, þegar tilteknir áhrifamiklir einstaklingar, á borð við þá sem Oddur nefnir, ákveða nöfnin. Annað dæmi, sem þegar hefur verið minnst á, er *Surtsey* sem „Örnefnanefnd skíði 1963“ (Pórhallur Vilmundarson 1980:32). Þar er á ferðinni ákaflega óvenjulegt dæmi um bein afskipti örnefnanefndar af nýjum nöfnum á náttúrulegum kennileitum.

Í hverju málsamfélagi er ákveðin þörf á festu á hverjum tíma um það hvaða nöfn eru notuð um staðina sem fólk þarf að tala um. Ætla má að slík festa komi oftast nær meira og minna af sjálfu sér með tímanum í málsamféluginu; nöfn á borð við *Þjórsá* hafa fengið ótvírað merkingarmið og til þess hefur ekki þurft atbeina stjórnvalda. Afskipti stofnana samfélagsins af slíkum nöfnum virðast fyrst og fremst felast í því að örnefnin koma fyrir í námsefni í landafræði í skólum og þau eru prentuð á kort sem styðjast við örnefnaskráningu sem unnið hefur verið að m.a. á vegum opinberra stofnana. Mörg eða flest örnefni í

⁷Pannig er nafn *Þjórsár* skýrt svo í Landnámabók að Pórarinn landnámsmaður hafi komið skipi sínu í ós árinnar og hafi hann haft þjórshöfuð, þ.e. nautshaus, á stafni skipsins. En nútímmamenn hafa oft aðrar skýringar á uppruna nafnanna en sagnir af því tagi. Pórhallur Vilmundarson (1996:137) getur þess til að eldra nafrn árinnar kunni að hafa verið *Þjótsá* þar sem þrengslin í ánni ofan og neðan við Urriðafoss, þar sem áin þýtur fram, hefðu hugsanlega nefnist *Þjótur* enda stendur bærinn *Þjótandi* skammt frá. Enn aðra tilgátu um uppruna *Þjórsá*nafnsins er að finna hjá Svavari Sigmundssyni (1992:131–132) sem telur ekki ólíklegt að orðið *þjór*, af ie. **teu-* 'bólgnar', hafi vísað til íshrannanna sem mynduðust í frostum þegar *Þjórsá* bólgnæði upp.

náttúru Íslands, á fjöllum og heiðum, ám og fossum, víkum og fjörðum o.s.frv., virðast vera sambærileg við nafnið *Pjórsá* að þessu leyti. Stjórnvöld, sem slík, hafa sjaldnast önnur afskipti af slíkum nafngiftum en að aðstoða við að skrá örnefnin, beita sér fyrir rannsóknum á þeim og fræðslu um þau. En nokkra opinbera aðila má nefna sem beinlínis gegna skilgreindu hlutverki við örnefnastýringu.

Landmælingar Íslands

grunnur að kortum handa almenningi

Nafnfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
rannsóknir og ráðgjöf

Námsgagnastofnun

kort, landafræðinámsefni

Sveitarstjórnir

nýjar götur, torg, hverfi

Örnefnanefnd

verkefni skv. bæjanafnalögum (sjá nánar í 5. og 6. kafla)

2. tafla. Nokkrir opinberir aðilar sem gegna hlutverki í íslenskri örnefnastýringu

Landmælingar Íslands hafa um árabil séð um skráningu og eftir at-vikum stöðlun örnefna á landakortum.⁸ Við skráninguna og nafnsetningu á landabréf geta Landmælingar Íslands notið fræðilegrar ráðgjafar nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Örnefnastofnunar Íslands og þar áður Örnefnastofnunar *Pjóðminjasafns*). Sjálf kortaútgáfan á Íslandi var einnig á hendi Landmælinga til skamms tíma. Námsgagnastofnun gefur út kort og annað landafræðiefni handa skólum. Þessi starfsemi er sem sé á vegum íslenskra stjórnvalda og hún styðst við ákvæði í lögum.

En stjórnvöld hafa einnig viss önnur áhrif á örnefni á Íslandi en einungis þau að halda utan um skráningu nafnaforðans og styðja rannsóknir á honum og fræðslu um hann í skólum og víðar. Sumir opinberir aðilar hafa bein áhrif á nafnaval. Áhrif þeirra snúa þá vitaskuld sérstaklega að nýjum nöfnum. Sveitarstjórnir velja t.d. nöfn á nýjar götur, torg og hverfi (sjá t.d. grein Guðrúnar Kvaran í þessu hefti *Orðs og tungu*). Í því sem hér fer á eftir mun ég halda mig við verksvið örnefnanefndar og nefna dæmi um úrlausn mála sem örnefnanefnd hefur fengist við, einkum frá og með árinu 1998 þegar lögum um verkfni hennar var síðast breytt.

⁸Í stafræna gagnagrunninum IS 50V á vef Landmælinga eru rúmlega 23.000 örnefni (2009).

5 Verksvið örnefnanefndar

Lög voru fyrst sett árið 1913 á Íslandi um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum.⁹ Lög um bæjanöfn o.fl. voru sett 1937 og síðan endurskoðuð 1953 (Þórhallur Vilmundarson 1980:25–26).

- | | |
|------|---|
| 1913 | Lög um nafnbreytingar og ný nöfn á býlum |
| 1935 | Örnefnanefnd |
| 1937 | Lög um bæjanöfn o.fl. |
| 1953 | Lög um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 |
| 1998 | Verulegar breytingar með lögum nr. 40/1998
Ákvæði í 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998 |
| 1999 | Reglugerð um störf örnefnanefndar nr. 136/1999
Ákvæði í reglugerð um Stofnun Árna Magnús-
sonar í íslenskum fræðum nr. 861/2008 |

3. tafla. Helstu lög og reglur í tæpa öld um bæjanöfn og starf örnefnanefndar

Örnefnanefnd var sett á laggirnar 1935 og starfar nú samkvæmt áður-nefndum lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953. Hún er stjórnskipuð og heyrir undir menntamálaráðuneyti. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ráðuneytisins samkvæmt stjórnsýslulögum. Á bæjanafnalög-unum hafa orðið breytingar í tímans rás (sjá Þórhall Vilmundarson 1980 um löggjöfina og helstu breytingar á henni fram til 1978). Af breytingum síðari ára ber einkum að nefna verulegar breytingar sem urðu með lögum nr. 40/1998 en þau tóku gildi 1. ágúst 1998. Einnig er að finna lagaákvæði um verkefni örnefnanefndar frá sama ári í 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Um störf örnefnanefndar gildir reglugerð nr. 136 frá 22. febrúar 1999. Nefndin hefur nú aðsetur hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem er skrifstofa nefndarinnar skv. reglugerð um stofnunina nr. 861/2008.

Enda þótt bæjanafnalögini hafi tekið nokkrum breytingum á tæpri öld þá hefur kjarni þeirra og megintilgangur frá upphafi verið hinn sami, þ.e. að stuðla að skipulagi og festu í vali og notkun þeirra ör-nefna sem lögin taka til. Meginástæða slíkrar löggjafar er sú að nauð-

⁹Um öll Norðurlönd hafa verið gefin út stjórnvaldsfyrirmæli og sett lög um ör-nefnamál, hvort heldur þau varða rannsóknir, stöðlun eða önnur opinber afskipti af örnefnum. Um örnefnamál á Norðurlöndum má fræðast í safni greina sem birt-ust í tímaritinu *Sprák i Norden* 2008 og í ýmsum greinum í ráðstefnuritum NORNA-samtakanna. Einnig er sagt stuttlega frá þeim hjá Ringstam (2005:67–69) sem hefur að öðru leyti að geyma fróðlegt yfirlit um örnefnastarf á vegum Sameinuðu þjóðanna. Heimasíða UNGEGN, sérfræðinganeftndar Sameinuðu þjóðanna um örnefni, er fróð-leiksbrunnur um opinbera skipan örnefnamála um heim allan.

synlegt getur verið í samféluginu að einhver hafi formlegt umboð til að úrskurða um meðferð tiltekinna örnefna af margvíslegum hagnýtum ástæðum, svo sem vegna þinglýsinga á fasteignum eða þegar ágreiningur rís við nafnsetningu á kortum. Þetta umboð hefur sem sé verið fengið örnefnanefnd.

Verkefni örnefnanefndar skv. lögum og reglugerð undanfarinn áratug, þ.e. eftir síðustu lagabreytingu, koma fram í 4. töflu.¹⁰

Verksvið örnefnanefndar:

1. að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra
2. að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra
3. að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra
4. að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni og því hafi verið skotið til nefndarinnar
5. að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar
6. að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kauptíni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar
7. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess

4. tafla. Verksvið örnefnanefndar eftir lagabreytingu 1998

Eins og ráða má af 4. töflu má skipta verkefnum örnefnanefndar í úrskurði og umsagnir.

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerð eru úrskurðarverkefni örnefnanefndar einkum tvenns konar. Annars vegar eru, sem fyrr segir, bæjanöfn og raunar einnig nöfn á nýjum þéttbýliskjörnum sem kunna að verða til innan einhverrar jarðar eða jarða. Hins vegar eru úrskurðir m.a. um hvaða örnefni eigi að standa á kortum ef óvissa ríkir eða ágreiningur er um slíkt. Meðal breytinga á bæjanafnalögum

¹⁰ Á vefsíðu örnefnanefndar má finna lög og reglugerð um störf nefndarinnar, meginjónarmið hennar um nöfn sveitarfélaga, leiðbeiningar og eyðublöð fyrir tilkynningu um nafn býlis og beiðni um breytingu á nafni býlis, ársskýrslur, nöfn nefndarmanna og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998.

árið 1998 var að örnefnanefnd skyldi úrskurða ef ágreiningur risi um það hvaða örnefni færð landakort sem væru gefin út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra. Eftir lagabreytinguna 1998 hafa örnefnanefnd borist nokkur erindi þess efnis að nöfn á landakortum séu ekki eins og þau ættu að vera að mati málshefjenda. Sem dæmi um þekkt þrætuepli af því tagi má nefna ágreininginn um hvort sprengigígar í Mývatnssveit skyldi merktur sem *Hverfell* eða *Hverfjall* á slíkum kortum. Áður en örnefnanefnd úrskurðar birtir hún auglýsingu um þau örnefni sem ágreiningur er um. Auglýsingin birtist m.a. í dagblöðum og er jafnframt send m.a. landeigendum og sveitarstjórnunum. Þannig er reynt að sjá til þess að allir geti kynnt örnefnanefnd álit sitt. Nefndin skal einnig úrskurða ef ágreiningur rís um ný og breytt götunöfn o.p.h. eða nöfn einstakra húsa. Eins og kunnugt er ráða sveitarstjórnir götunöfnum og í sumum tilvikum, m.a. í Reykjavík, hafa sveitarstjórnirnar á sínum snærum sérstakar nafnanefndir sem gera tillögur um ný götunöfn.

Örnefnanefnd veitir einnig faglegar **umsagnir** um mál ef á þarf að halda. Þar má einkum nefna að í sveitarstjórnarlögum, frá 1998, er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli leita umsagnar örnefnanefndar um ný og breytt nöfn sveitarfélaga áður en samgönguráðherra staðfestir nöfnin (félagsmálaráðherra hafði það hlutverk til ársins 2007). Í 4. gr. laganna segir: „Nafn sveitarfélags skal samrýmast íslenskri málfræði og málvenju.“ Frá því um og eftir síðustu aldamót hefur sveitarfélögum verið fækkað stórlega og það hefur kallað á mörg ný sveitarfélaganöfn.

Hér verður ekki farið yfir allt stjórnsýsluhlutverk örnefnanefndar með dænum af öllum þessum verksviðum heldur verður eftirfarandi umfjöllun takmörkuð við **bæjanöfn**. Hvað varðar starfsemi örnefnanefndar og núverandi afskipti hennar af íslenskri örnefnastýringu skal að öðru leyti vísað til fyrrgreindra laga og reglugerðar, sem og til vefsíðu og ársskýrslna örnefnanefndar. Fjallað er m.a. um afskipti af nöfnum á landakortum, götunöfnum og nöfnum sveitarfélaga hjá Ara Páli Kristinssyni (2008) og Svavar Sigmundsson (2005) ræðir ný sveitarfélaganöfn og bæjanöfn. Yfirlit um starfsemi og verksvið örnefnanefndar fram til 1978 má finna hjá Þórhalli Vilmundarsyni (1980).

6 Afskipti örnefnanefndar af bæjanöfnum

6.1 Nýbýlanöfn

Örnefnanefnd tekur við tilkynningu um nafn á nýju býli. Tilkynningunni verður að fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt málsaðila á býlinu (t.a.m. staðfest ljósrit úr fasteignabók eða þinglýst afsal) og afrit af leyfisbréfi ráðherra til stofnunar nýbýlis. Örnefnanefnd hefur, a.m.k. frá 1998, metið úrskurðarsvið sitt svo að það nái aðeins til lögþýla og ýmissa annarra býla þar sem fólk á lögheimili. Nefndin hefur því vísað frá sér án úrskurðar erindum, sem henni hafa borist, um nöfn á t.d. sumarbústöðum eða óbyggðum lóðum og landspildum þar sem hvorki hefur verið stofnað lögþýli né lögheimili (sbr. Svavar Sigmundsson 2005:273). Þegar örnefnanefnd hefur borist tilkynning um nafn á býli kannar nefndin hvort nafnið fullnægi skilyrðum bæjanafnalaganna. Sé svo er samþykkið sent sýslumanni svo að eigandi geti þinglýst nafninu. Að öðrum kosti gerir nefndin athugasemd við nafnið, óskar eftir öðru nafni og veitir aðrar leiðbeiningar um úrlausn málsins.

Bæjanafnalögin mæla svo fyrir að við upptöku nýnefna skuli gæta þess að fylgja þeim venjum sem ráðið hafi nafngjöfum býla á Íslandi. Hjá Þórhalli Vilmundarsyni (1980) og Svavari Sigmundssyni (2005) er m.a. greint frá leiðbeiningum örnefnanefndar um ný bæjanöfn í gegnum tíðina. Í leiðbeiningum örnefnanefndar 1951 var lögð áhersla á að nöfn samræmdust staðháttum. Þar sagði einnig m.a. að ef nýbýli væri reist við sama hlað eða í sama túni og eldra býli væri eðlilegt að nota sama nafn en greina á milli með númerum og þau eru rituð með rómverskum tölustöfum. Þá voru tilgreindar nokkrar tegundir nýbýlanafna sem ekki yrðu leyfðar (sjá Þórhalli Vilmundarson 1980:28).

Í bæjanafnalögunum er ákvæði um að ný býlanöfn megi ekki leiða til samnefna á fasteignum í sama héraði né nafna sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í héraðinu að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum. Fram til 1988 var í lögunum miðað við sýslufélag en Alþingi breytti því í *hérað* við lagabreytingu um skipan sveitarsjórnarmála 1988. Í reglugerð nr. 136/1999 er hugtakið *hérað* í þessu sambandi túlkað svo að miðað skuli við sama sýslumannsumdæmi. Bannið við samnefnum getur leitt til þess að ekki er hægt að fallast á nöfn sem þó virðast ákjósanleg miðað við staðhætti. Sem dæmi um þetta má nefna að tilkynnt var til örnefnanefndar fyrir nokkrum árum um nafn-

ið *Höfða* á nýbýli í tilteknu sýslumannsumdæmi. Nafnið var dregið af svölitum höfða í landinu. En svo vildi til að í sama sýslumannsumdæmi, en þó í allt annarri sveit, var þá þegar til býlið *Höfði*. Þar af leiðandi þurfti örnefnanefnd að synja tilkynnendum um nýbýlisnafnið *Höfði*, þótt hún teldi nafnið ágætt, og óska eftir öðru nafni.

Savar Sigmundsson (2005) tók saman ný bæjanöfn á tímabilinu 1969–2002, þ.e. á 34 ára tímabili. Þriðjungur þeirra, eða 152 af 461, reyndist myndaður með því að bæta númeri aftan við eldra nafn, t.d. *Ósabakki III*. Tveir þriðju nýrra nafna á tímabilinu (309 talsins) voru hins vegar „raunveruleg“ nýnefni ef svo má segja. Algengustu ósamsettu nýnefni á tímabilinu reyndust vera *Ás*, *Brún* og *Straumur* og samsvarandi fleirtölunafnmyndir (2005:271). Á sama árabili voru í samsettum nýnefnum algengustu síðari liðir þessir: *-holt*, *-brekka*, *-gerði*, *-bú*, *-flöt* og *-tún* (2005:272). Sjá 5. töflu. Innbyrðis hlutfall ósamsettra og samsettra nýnefna kom ekki fram.

- „Númeranöfn“ (*Ósabakki III* o.p.h.)
- Ósamsett nöfn (*Ás*, *Brún*, *Straumur* o.p.h.)
- Samsett nöfn. Algengustu síðari liðir: *-holt*, *-brekka*, *-gerði*, *-bú*, *-flöt*, *-tún*

5. tafla. Tegundir nýrra bæjanafna 1969–2002. Athugun Svavars Sigmundssonar (2005)

Ég athugaði til samanburðar næstu 5 árin eftir að athugun Svavars (2005) sleppir, þ.e. árin 2003–2007. Af 165 nýjum eða breyttum bæjanöfnum á þessu árabili voru 36 númeranöfn, þ.e. nöfn á borð við *Hnaus II*. Það samsvarar fimmungi af heildinni. Ósamsett nöfn voru á þessu tímabili um 5% nýrra bæjanafna. Þar af kom *Mörk* tvísvar fyrir en önnur einu sinni hvert. Langstærsti flokkur nýnefnanna á tímabilinu 2003–2007 eru sem sé samsett nöfn, á borð við *Langholt*, *Grenhóll*, *Pjórsárbakki* o.s.frv. Í þeim koma fyrir um 50 mismunandi síðari liðir svo að fráleitt væri að halda því fram að nýmyndun íslenskra bæjanafna væri einsleit. Langvinsælasti einstaki síðari liður á þessu 5 ára tímabili var sem fyrr nafnliðurinn *-holt* (14) en það þýðir að riflega 8% nýrra bæjanafna á tímabilinu eru mynduð með þeim síðari lið. Að frá töldum síðari liðnum *-holt* eru á tímabilinu 2003–2007 þessir helstir: *-ás* (7), *-hóll* (5), *-bakki* (4) og *-nes* (4). Liðirnir *-brekka* (2), *-gerði* (3) og *-tún*

(3) eru einnig í fullu fjöri eins og verið hafði undanfarna áratugi.¹¹ Sjá 6. töflu.

- „Númeranöfn“ (*Hnaus II o.þ.h.*) um 20%
- Ósamsett nöfn (*Mörk o.þ.h.*) um 5%
- Samsett nöfn (*Langholt o.þ.h.*) um 75%

Algengustu síðari liðir *-holt* (14), *-ás* (7), *-hóll* (5), *-bakki* (4), *-nes* (4), *-gerði* (3) *-tiún* (3), *-brekka* (2)

6. tafla. Tegundir nýrra bæjarnafna 2003–2007

Af undanfarandi yfirlitum um nýmyndun nafna undanfarna áratugi má ráða að hún samræmist í aðalatriðum vel íslenskri nafngiftahefð. Síðari nafnliðrnir *-holt*, *-nes* og *-hóll*, sem virðast hafa verið vinsælir undanfarin 5 ár, sbr. 6. töflu, hafa t.a.m. jafnframt verið með hinum allra algengustu í bæjanöfnum á Íslandi allt frá landnámi (sbr. Svavar Sigmundsson 1996:413). Greining á samsettum bæjanöfnum bendir sem sé til þess að enn séu í stórum stíl notaðir sömu síðari liðir og hafa tilökast frá landnámi. Ólafur Lárusson (1960) tilgreinir 16 algengustu síðari liði íslenskra bæjanafna frá landnámi til vorra daga. Þíu þeirra teljast til náttúrunafna: *-á*, *-bakki*, *-dalur*, *-fell*, *-hóll*, *-holt*, *-nes*, *-tunga*, *-vellir*, *-vík* og sex til búsetunafna: *-staðir*, *-kot*, *-gerði*, *-hús*, *-sel*, *-bær* (1960:642–643). Í nýnefnum undanfarinna 5 ára má sjá 14 af þessum 16 algengustu viðliðum. Af þeim vantar aðeins liðina *-á* og *-fell* en það þarf ekki endilega að vera merki um breytta orðmyndun því að finna má liðinn *-á* á nýnefnaskrá 2002 og *-fell* árið 2001.

Hafa verður í huga að yfirlitin um nýnefni 1969–2007 hér á undan, sbr. 5. og 6. töflu, sýna nöfn sem komast á skrá eftir að hafa farið í gegnum hin opinberu afskipti. Því er rétt að spyrja í þessu samhengi hvort yfirlitið segir okkur þá nokkuð um vilja eða smekk landeigendanna, þ.e. fólk kann að hafa sent örnefnanefnd tiltekin nöfn sem ekki hljóta síðan náð fyrir augum nefndarinnar svo að niðurstaðan verður á endanum önnur. Spurningin er m.ö.o.: hve mikið er um að örnefnanefnd synji fólkum um tiltekið nýbýlisnafn á þeirri forsendu að nafnið teljist andstætt íslenskri nafngiftahefð?

¹¹Hins vegar virðist liðurinn *-bú* vera dottinn upp fyrir sem síðari liður eftir stutt blómaskeið á árunum 1983–1987 sem fór saman við fjölgun loðdýra- og kjúklingabúa (Svavar Sigmundsson 2005:272).

Áðurnefnt ákvæði bæjanafnalaganna um að nýnefni skuli fylgja íslenskum nafngiftavenjum leggur örnefnanefnd augljóslega á herðar þá skyldu að vega og meta hvort nafn, sem hefur verið tilkynnt til nefndarinnar, samræmist slíkri hefð. Ég tók sjálfur við tilkynningum frá fólki um ný bæjanöfn á tímabilinu frá ágúst 1998 til júlí 2006 og get staðfest að það var mat örnefnanefndar að mikill meirihluti þeirra nafna, sem landeigendur tilkynntu nefndinni um á tímabilinu, fullnægði þeim kröfum sem nefndin taldi eðlilegt að gera með hliðsjón af ákvæðinu um íslenska nafnahefð. En ýmsum þeirra nafna, sem annars hefðu verið vel tæk að mati nefndarinnar, þurfti hún þó eigi að síður að hafna vegna þess að lög og reglugerð banna samnefni innan sama sýslumannsumdæmis, sbr. dæmið um nafnið *Höfða* sem nefnt var hér á undan.¹²

Örnefnanefnd bárust 85 erindi um ný bæjanöfn árið 2007

Nafn staðfest	68	(80%)
Erindi vísað frá / frestað	6	(7%)
Erindi synjað	11	(13%)
Ástæða synjunar:		
Samnefnareglan	8	(9,5%)
Nafn talið andstætt nafngiftahefð	3	(3,5%)

7. tafla. Afdrif erinda til örnefnanefndar um ný bæjanöfn árið 2007

Taka má árið 2007 sem dæmi. Heimild míni er ársskýrsla örnefnanefndar 2007. Það ár fjallaði nefndin um 85 erindi um ný bæjanöfn og staðfesti 68 nöfn eða 80% þeirra nafna sem fólk hafði valið. Þar á meðal voru *Mýrarholt*, *Steinahlíð* og *Útkot III* svo að einhver dæmi séu til tínd. Sex (6) erindum, eða 7%, var vísað frá eða frestað og ástæðan var yfirleitt einhvers konar formgalli, s.s. skortur á fylgiskjölum o.p.h. Árið 2007 var 11 erindum af 85 hafnað, eða 13%, og var það langoftast gert vegna samnefnareglunnar (8 tilvik af 11). Eftir standa aðeins 3 dæmi árið 2007, eða 3,5% af heildinni, þar sem tilkynningu um nýnefni var hafnað á grunni þess að nafnið teldist andstætt nafngiftahefð.

Enda þótt hlutfall tilkynninga um nöfn, sem örnefnanefnd telur í blóra við nafngiftahefð, sé svo lágt sem hér hefur komið fram þá berast slíkar tilkynningar sem sé vissulega stundum frá fólki. Má sem dæmi

¹²Enn fremur má nefna að allmögum tilkynningum um nöfn sem nefndin taldi prýðileg, t.d. *Ásholt* og *Skammilækur*, var vísað frá formlegri afgreiðslu vegna þess að ekki var um eiginleg býli að ræða og erindin áttu því ekki undir úrskurðarsvið nefndarinnar.

af því tagi nefna erindi þar sem tilkynnt var um nafn með seinni liðinn -hlíð á býli sem stendur í ákaflega flötu landslagi. Örnefnanefnd synj-aði um nafnið með vísan til ákvæðisins um nafngiftahefð. Tilkynnend-ur kærðu raunar úrskurðinn til menntamálaráðuneytis eins og nefnd-in hafði leiðbeint þeim um. Menntamálaráðuneyti staðfesti niðurstöðu nefndarinnar.

Af framansögðu má sjá að mjög fátítt er um þessar mundir að eig-endur býla tilkynni um ný bæjanöfn sem örnefnanefnd síðan hafnar á þeirri forsendu að þau brjóti í bága við nafngiftahefð (3,5% árið 2007). Langmestur hluti tilkynninganna fellur að íslenskum nafngiftavenj-um og samræmist raunar bæjanafnavenjum allar götur frá upphafi byggðar eins og ráða mátti af yfirlitum hér á undan um helstu síð-ari liði bæjanafna. Þetta vekur e.t.v. þá spurningu hve mikil þörf sé á eftirliti með nafnavalinu af hálfu hins opinbera, þ.e. hvort almenn-ingi væri ekki vel treystandi til að vernda og rækta bæjanafnaforðann án eftirlits örnefnanefndar. Ef til vill mætti a.m.k. halda því fram að nauðsyn á almennu eftirliti með vali bæjanafna sé heldur augljósari þegar kemur að óskum sumra jarðeigenda um að víkja frá eldri bæja-nöfnum. Um það er rætt í næsta kafla.

6.2 Nafnbreytingar á býlum

Í bæjanafnalögum eru reistar býsna rammar skorður við nafnbreytingum á býlum. Nöfnunum má ekki breyta nema með leyfi örnefnanefndar og nefndin má ekki heimila breytingar nema alveg sérstak-lega standi á, svo sem að býlið sé samnefnt öðru lögbýli í sama um-dæmi sýslumanns eða því um líkt. Samkvæmt reglugerð nr. 136/1999 má einnig taka beiðni til greina ef svo háttar til að eldra nafn er mjög óviðeigandi eða óheppilega myndað eða þannig að það geti skaðað þá starfsemi sem fram fer á býlinu. Hvatinn að elstu lögum um bæja-nöfn, 1913, var einkum að sporna við tilhneigingu til nafnbreytinga á býlum. Með lögum um bæjanöfn 1937 var enn skerpt á skilyrðum fyrir nafnbreytingum enda höfðu breytingar haldið áfram þrátt fyr-ir fyrri lagasetninguna. Þannig hafði t.a.m. *Geitastekkur* orðið *Bjarmaland* (1916) og *Svangi* breyst í *Haga* (1932) (Pórhallur Vilmundarson 1980:25–26).

Örnefnanefnd berast yfirleitt nokkur erindi á hverju ári með beiðni um breytingu á nafni býlis. Áratuginn 1998–2007 var skilyrðum laga

til nafnbreytingar fullnægt í 20 tilvikum að mati örnefnanefndar eða sem nemur að jafnaði tveimur nöfnum á ári. Taka má sem dæmi að nafninu *Tjaldbúðir* var breytt í *Ósakot*; þar með var eldra bæjarnafn tekið upp aftur í stað yngra nafns. Þá má nefna að fallist var á að breyta langa nafninu *Voðmúlastaðamiðhjáleiga* í *Miðhjáleiga* enda hafði styttu myndin öðlast ríka hefð. Stundum er heimilað að breyta nöfnum til að greiða úr nafnabrenglum svo sem þar sem nöfn nálægra bæja hafa reynst óþægilega lík. Veigamikið sjónarmið í starfi örnefnanefndar er allajafna að eldri nöfn hverfi ekki með öllu af sjónarsviðinu. Árið 2007 heimilaði nefndin t.d. að breyta nafninu *Vorsabær III* í *Vorsabæjarholt* enda var ljóst að nafnið *Vorsabær* myndi lifa áfram á öðrum býlum á sömu torfunni. Sem dæmi um nafnbreytingarbeiðni sem var hafnað má nefna mál þar sem eigandi býlis vildi fá að breyta nafni þess í *Sögustaðir*. Í rökstuðningi örnefnanefndar fyrir höfnuninni segir að nafnið sé ótækt vegna fastmótaðrar merkingar samnafnsins *sögustaður*; á sögustöðum hafi gerst sögufrægir atburðir. Í raun og veru var ætlun eigandans í þessu tilviki að kenna býlið við meri sína sem hét *Saga* (Savar Sigmundsson 2005:273).

Hér á undan var þess getið að samkvæmt reglugerð nr. 136/1999 mætti taka beiðni um nafnbreytingu til greina ef eldra nafn gæti skaðað starfsemi á býlinu. En í reglugerðinni segir jafnframt m.a. um verkefni örnefnanefndar að nefndin skuli í störfum sínum „miða að varðveislu íslensks menningararfs og örnefnavernd“. Fyrir kemur að gera verði upp á milli þessara sjónarmiða og verður hér sagt frá slíku dæmi.

Örnefnið *Saurar* merkir því sem næst ‘blautlendi’ eða ‘rótlaus mýri’.¹³ Í Landnámabók segir um Saurbæ í Döllum: „þar létt hann [Steinólfur] bœ gera ok kallaði Saurboe, því at þar var mýrlent mjók“ (Landnámabók. *Íslenzk fornrit* I:156).

Nafnliðurinn *Saur-* kemur fyrir í nöfnum hátt í 30 býla á Íslandi. Auk 6 býla, sem nefnast *Saurar*, eru 18 *Saurbæir*¹⁴ og enn fremur *Saur-brúargerði*, *Saurhóll*, *Saurlátur*, *Saurstaðir*. Orðið *saur* í íslensku merkir einnig ‘skítur’ eins og kunnugt er. Athugun á 43 dæmum um orðið

¹³ „Um orðið *saur* í til dæmis *Saurbæ* og *Saurum* er það að segja, að talið hefur verið að það gæti merkt „bleytu, vætu“. Það er skylt lýsingarorðinu *sír*. Í norscum mállyskum er lýsingarorðið *sur* haft um „blautan jarðveg“. *Saurar* geta því merkt „votlendi“, samanber seyra „kelda, dý, lækjarsytra““ (Savar Sigmundsson 2002).

¹⁴ *Saurbær* er sjötta algengasta samsetta íslenska bæjarnafnið skv. athugun Savar Sigmundssonar (1991:193). Til gamans má minna að *Saurbæir* eru víðar en á Íslandi, t.a.m. er *Soroby* á eynni Tiree vestur undan Skotlandi (Savar Sigmundsson 1998:335).

saur í ritmálsskrá Orðabókar Háskólans bendir þó til þess að merkingin 'skítur' sé langoftast bundin orðinu *saur* í eintölu. Fleirtalan *saurar* er á hinn bóginn mun fremur höfð um blautan jarðveg, mýri eða slíkt.

Örnefnanefnd barst fyrir fáeinum árum beiðni um breytingu á nafni eins hinna 6 býla á Íslandi sem heita *Saurar*. Umsækjendur sögðu að nafnið *Saurar* félli ekki lengur að málvenjunum þar sem eldri skilningur á nafnninu væri horfinn en í hans stað væri alls ráðandi skilningurinn 'skítur'. Þeir töldu nafnið *Saurar* fæla fólk frá því að koma og velja sér lóð á sumarhúsalóðasvæði í landinu og að heimilisfangið *Saurar* væri ekki gott til að auglýsa þá starfsemi sem þar væri stunduð.

Við úrlausn málsins vó örnefnanefnd sjónarmið eigenda um ama af nafnninu á móti þeim sjónarmiðum um varðveislu íslensks menningararfs og örnefnavernd sem nefndinni ber að vinna eftir, sem og öðrum takmarkandi ákvæðum um nafnbreytingar sem er að finna í bæjanafnalögunum. Niðurstaða örnefnanefndar var sú að sjónarmið um ama af nafnninu væru léttvægari en þau sem lúta að örnefnavernd og sú takmörkun á nafnbreytingum sem kveðið er á um í bæjanafnalögunum. Beiðninni var því hafnað.¹⁵ Í rökstuðningi nefndarinnar, í bréfi dags. 12. janúar 2006, sagði m.a.:

Ljóst þykir að mjög ríkar ástæður þurfi til að örnefnanefnd sé heimilt að leyfa nafnbreytingu. Í bæjanafnalögunum segir að það megi ekki gera nema alveg sérstaklega standi á, s.s. að býlið eigi samnefnt við annað lögbýli. Ákvæði reglugerðarinnar um þetta, sem gefa færi á slíku sé eldra nafn mjög óviðeigandi eða óheppilega myndað eða þannig að það geti skaðað þá starfsemi sem fram fer á býlinu, hafa ekki sömu þýðingu og texti laganna sjálfra. Hafa ber og í huga að í reglugerðinni segir að nafnbreyting komi til álita sé eldra nafn „mjög“ óviðeigandi. Þá ber að líta til þeirrar skyldu örnefnanefndar að miða í störfum sínum að varðveislu íslensks menningararfs og örnefnavernd. Við það síðastnefnda má bæta að samþykktir sérfræðinganeftnar Sameinuðu þjóðanna um örnefni (United Nations Group of Experts on Geographical Names) hníga nú orðið mjög

¹⁵Örnefnanefnd fylgdi með þessari niðurstöðu að vissu leyti fordæmi því sem sett var árið 1936 þegar nefndin hafnaði beiðni um að breyta bæjarnafninu *Saurar* í *Hliðarendi* (Þórhallur Vilmundarson 1980:29).

í þá átt að hvetja þjóðir heims til örnefnaverndar sem sé hluti af varðveislu menningararfs mannkyns.

Í þessu dæmi má segja að kristallist ákveðið grundvallaratriði allrar opinberrar örnefnastýringar, þ.e. að örnefnaforðinn í landinu, þar á meðal jarðanöfnin, sé menningarleg sameign allrar þjóðarinnar og stjórnvöldum beri að hamla gegn því að sú eign rýrni enda þótt eigendur einstakra jarða á afmörkuðu tímabili í byggðarsögu landsins vilji heldur einhver önnur nöfn. Hér togast því á umráðaréttur einstaklings yfir eign sinni og sameiginlegir hagsmunir af varðveislu íslenskra menningarminja.¹⁶

Örnefnastýring af opinberri hálfu miðar í slíkum tilvikum m.a. að því að hindra að einkaaðilar fái skaðað sameiginlegan arf. Meðferð slíks valds getur auðvitað verið vandasöm og borgarar verða að geta treyst því að stjórnvöld virði meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

7 Samantekt

Hér á undan var sagt frá íslenskri örnefnastýringu og það hugtak útskýrt stuttlega. Svolítið var staldrað við nöfn á erlendum stöðum,

¹⁶Hliðstæð togstreita kemur oft upp á yfirborðið í nágrannalöndunum þar sem hagsmunir eða sjónarmið eigenda stangast á við meginreglur stjórnvalda um bæjanöfn. Í Noregi hefur t.a.m. ritháttur bæjanafna verið þralátt þrætuepli ekki síst þar sem ættarnöfn, sem tengjast tilteknum jörðum, eru oft rituð öðruvísi en nafnaráðgjafar stjórnvalda telja vera réttan rithátt í bæjanöfnum. Hér má sem dæmi nefna algeng norsk ættarnöfn á borð við Dahl, Myhre, Lie eða Vold en tilsvarandi bæjanöfn er talið rétt að rita Dal, Myre, Li og Voll. Þeir sem eru kenndir við jörð, sem ætt þeirra tengist, mega því oft búa við ósamræmi í rithætti ættarnafns og bæjarnafns, svo sem þar sem ættfeður hafa valið dönsku- eða þýskulegan rithátt á ættarnafninu en örnefnastýringaraðilar hafa kosið norsuklegri rithátt á bæjarnafninu. Óáægja sumra norska jarðeigenda með bæjanafnalöggiðfina varð til þess í maí 2008 að fjölskyldu- og menningarmálanefrd Stórbingsins sendi menningarmálaráðherranum erindi með ósk um að örnefnalöggiðfinni norsku yrði breytt á þann veg að eigandi býlis fái neitunarvald þegar kemur að rithætti bæjarnafnsins (Helleland 2008; ég þakka Svavari Sigmundssyni fyrir að benda mér á þetta). Stórbingsið tók undir tillögu nefndarinnar og menningarmálaráðherrann hófst í framhaldinu handa við að undirbúa lagafrumvarp (sjá *Nytt om namin* 48(2008):34). Verði það samþykkt felur það í sér að eigandi býlis þarf ekki að lúta almennum reglum eða álti sérfræðinga um rithátt býlisnafnsins. Sem dæmi mætti taka að þótt sérfræðingar stjórnvalda mæltu með rithættinum Vik gæti eigandi býlisins hafnað honum og skráð býlið sem t.d. Wiig eða Wich ef hann vill. Næsti eigandi gæti siðan e.t.v. kosið enn annan rithátt, t.d. Wigh eða Viig.

einkum ríkjaheiti, en meginhluti greinarinnar fjallar um afskipti af nöfnum á Íslandi sjálfu. Aðallega var sagt frá bæjanafmalögunum svo-nefndu og starfsemi örnefnanefndar, einkum afskiptum hennar af nýjum og breyttum bæjanöfnum. Greint var frá athugunum sem benda til þess að tilkynningar fólks um ný bæjanöfn fylgi enn í dag mjög endregið forn num nafngiftavenjum. Sagt var frá hömlum á breytingum á eldri bæjanöfnum. Meðal annars var greint frá nafnbreytingaróskum sem var hafnað. Það eru sérlega forvitnileg mál af því að í þeim kristallast ákveðið grundvallaratriði allrar opinberrar örnefnastýringar þar sem vega verður almannahagsmuni á móti einkahagsmunum, þ.e. þar togast á það sjónarmið að örnefnaforðinn í landinu sé menningarleg sameign allrar þjóðarinnar sem stjórnvöldum beri að vernda og hins vegar er vilji eigenda einstakra jarða á afmörkuðu tímabili í byggðarsögu landsins sem í einstaka tilfellum vilja kasta fyrir róða hefðbundnu bæjarnafni.

Heimildaskrá

Algengar spurningar um örnefni. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_algengar_spurningar. Skoðað 2. október 2008.

Almanak fyrir Ísland 2009. 2008. 173. árgangur. Reiknað hefur og búið til prentunar Þorsteinn Sæmundsson Ph.D. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ari Páll Kristinsson. 2007. Málræktarfræði. *Íslenskt mál* 29:99–124.

Ari Páll Kristinsson. 2008. Stedsnavn på Island – lov og forvaltning. I: *Språk i Norden* 2008:175–184.

Auglýsing um íslenska stafsetningu. [Auglýsing nr. 132/1974, með innfelldum breytingum skv. auglýsing nr. 261/1977.] <http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir>. Skoðað 8. júlí 2009.

Árni Böðvarsson. 1987. *Orðalykill.* Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi. 1984. Höf. Sören Sörenson. Jóhann S. Hannesson bjó til prentunar ásamt fleirum. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Fréttablaðið 13. október 2008. „Gefur landslaginu á hafsbotninum nafn.“ Bls. 12.

Fréttablaðið 16. október 2008. „Þarf furðufugla í svona verk.“ Bls. 22.

- Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson. 1993. *Íslensk málnefnd 1964–1989. Afmælisrit*. Baldur Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Handbók utanríkisráðuneytisins*. 2006. [Reykjavík: Utanríkisráðuneyti.]
- Helleland, Botolv. 2008. Striden om gardsnamna. Í: *Aftenposten* 8. júní 2008. <http://www.aftenposten.no/meninger/kronikker/article2470860.ece>. Skoðað 4. mars 2009.
- Holmberg, Bente. 2008. Danske stednavne – officielt og uofficielt. Í: *Språk i Norden* 2008:115–124.
- IS 50V stafrænn kortagrunnur af öllu Íslandi*. Landmælingar Íslands. <http://www.lmi.is/sersvid/is-50v>. Sótt 8. júlí 2009.
- Íslensk gjaldmiðlaheiti*. 1997. Baldur Jónsson tók saman í samráði við Anton Holt, Ólaf Ísleifsson og Veturliða Óskarsson. Smárit Íslenskrar málnefndar 1. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Íslensk orðabók*. 2002. (3. útgáfa, aukin og endurbætt.) Ritstj. Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
- Íslensk orðabók*. 2007. (4. útgáfa, byggð á 3. prentun frá 2005 með allnokkrum breytingum.) Ritstj. Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
- Íslenska alfræðiorðabókin*. 1990. Ritstj. Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Íslenzk fornrit I*. 1986. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Kortabók handa grunnskólum*. 2002. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Landabréfabók*. 1989. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Landabréfabók 2*. 1979. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.
- Landaheiti og höfuðstaðaheiti*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_landaheitaskra. Skoðað 9. mars 2009.
- Lög nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum*.
- Navne på stater. Nationalitetsbetegnelser. Dansk-færøsk-islandske. Í: *Språk i Norden* 1974:81–113.
- Nytt om namn*. Meldingsblad for norsk namnelag. Nr. 48 (2008).
- Ólafur Lárusson. 1960. Gårdnavne – Island. Í: *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid*, V, d. 642–645. Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar.
- Reglugerð nr. 136/1999 um störf örnefnanefndar*.
- Reglugerð nr. 861/2008 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

- Ringstam, Hans. 2005. *Standardisering av geografiska namn. Om FN:s ortnamnsarbete*. Ortnamn och namnvård 7. Gävle: Lantmäteriet.
- Skjalasafn örnefnanefndar*. Varðveitt í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Språk i Norden* 2008. Tema: Namn.
- Stafsetningarárðabókin*. 2006. Ritsj. Dóra Hafsteinsdóttir. Reykjavík: Íslensk málnefnd og JPV-útgáfa.
- Statsnavne og nationalitetsord*. 1994. Oslo: Nordisk språksekretariat.
- Svavar Sigmundsson. 1991. Analogi i islandske stednavne. Í: Gordon Albøge, Eva Villarsen Meldgaard og Lis Weise ritstj. *Analogi i navngivning*. Tiende nordiske navneforskerkongres Brandbjerg 20.–24. maj 1989, bls. 189–197. NORNA-rapporter 45. Uppsala.
- Svavar Sigmundsson. 1992. Örnefni í Árnesþingi. Í: *Árnesingur II*:123–137.
- Svavar Sigmundsson. 1996. Namnmönster i isländska gårdsnamn. Í: Kristoffer Kruken ritstj. *Den ellevte nordiske navneforskerkongressen*. Sundvollen 19.–23. juni 1994, bls. 413–427. NORNA-rapporter 60. Uppsala.
- Svavar Sigmundsson. 1998. Icelandic and Scottish Place-Names. Í: W.F.H. Nicolaisen ritstj. *Proceedings of the XIXth International Congress of Onomastic Sciences*, Aberdeen, August 4–11, 1996, 2, bls. 330–342. Aberdeen.
- Svavar Sigmundsson. 2002. „Hvað þýða bæjarnöfnin Saurbær og Saurar? Hvað þýðir Ballará?“ *Vísindavefurinn* 14.6.2002. <http://visindavefur.is/?id=2496>. Skoðað 29. september 2008.
- Svavar Sigmundsson. 2005. Namn på nya gärder och kommuner på Island. Í: Staffan Nyström ritstj. *Namnens dynamik*. Utvecklingstendenser och drivkrafter inom nordiskt namnskick. Handlingar från den trettonde nordiska namnforskarkongressen i Tällberg 15–18 augusti 2003, bls. 269–278. NORNA-rapporter 80. Uppsala.
- Sveitarstjórnarlög*, nr. 45/1998.
- UNGEGN. *United Nations Group of Experts on Geographical Names*. <http://unstats.un.org/unsd/geoinfo/ungegn.htm> Skoðað 7. október 2008.
- Þórhallur Vilmundarson. 1980. Nýnefni og örnefnavernd á Íslandi. *Grímnir* 1:24–36.
- Þórhallur Vilmundarson. 1996. Safn til ÍSLENZKRAR ÖRNEFNA-BÓKAR 3. *Grímnir* 3:67–144.

Örnefnanefnd [Ársskýrslur]. 1. ágúst 1998 til 31. desember 1999 / 2000 / 2001 / 2002 / 2003 / 2004 / 2005 / 2006 / 2007. Reykjavík: Örnefnanefnd.

Örnefnanefnd. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefnanefnd
Skoðað 2. október 2008.

Lykilorð

örnefni, bæjanöfn, málræktarfræði, örnefnastýring, örnefnanefnd

Key words

place names, farm names, language policy and planning studies, place name planning, place name committee

Abstract

'On Icelandic place name planning'

Place name planning refers to overt and deliberate efforts to influence place names in a particular speech community, cf. related concepts in language policy and planning studies. Various actors and authorities may be involved here, and their efforts may be aimed at place names, which are used in a particular speech community, of either local or foreign places. This article focuses especially on the activities of the Icelandic Place Name Committee, and on the present legislation on farm names in Iceland. It seems that people in Iceland generally seek to follow ancient traditions when choosing names for new farms. However, the owners' suggestions are not formally validated unless they receive approval by the Place Name Committee. The Icelandic farm names legislation is quite rigid when it comes to any proposed changes in previously established farm names. This article describes, among other things, one particular request for such a change which was subsequently refused by the Place Name Committee. Such cases can be quite interesting since they reveal in a way the essence of place name planning, where public interests may be in conflict with private ones. On the one hand there is the principle that place names are common cultural heritage which requires protection by proper authorities, and on the other hand there are the views and interests of the owner of a particular farm who demands full authority over his/her property, its name included.

Ari Páll Kristinsson

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum / Háskóla Íslands

Neshaga 16

IS-107 Reykjavík

aripk@hi.is

Guðrún Kvaran

Öllum götum skal nafn gefa

1 Inngangur

Viða erlendis, m.a. á Norðurlöndum, er vaxandi áhersla lögð á nöfn sem finnast innan borgar- eða bæjarmarka en lítið hefur farið fyrir slíkum rannsóknum hérlandis. Fyrir rúmum áratug stóð NORNA, félag norrænna nafnfræðinga, fyrir málþingi um nöfn í borg (Byens navne) og gerðu skipuleggjendur sér vonir um að fyrirlestrar yrðu boðnir fram um margvísleg viðfangsefni innan sviðsins. Reyndin varð sú að um helmingur þátttakenda vildi tala um götunöfn eins og fram kemur af ráðstefnuriti því sem gefið var út eftir málþingið (Dalberg/Jørgensen 1997:7). Svo virðist því sem götunöfn séu það svið nafnfræðinnar sem mesta athygli fær meðal nafnfræðinga af þeim nöfnum sem teljast til bæja- eða borgasamfélaga.

Um íslensk götunöfn hefur lítið verið fjallað. Helst er að nefna grein Þórhalls Vilmundarsonar í áður nefndu ráðstefnuriti (1997:171–184) og bók Páls Líndal frá 1988 með fróðleik um götunöfn í Reykjavík. Ég ætla í þessari grein að ræða fyrst stuttlega hvaða lög og reglur eru til um götunöfn. Síðan nefni ég fáein dæmi um mismunandi aðferðir sveitarfélaga við val á götunöfnum en eftir það sný ég mér sérstaklega að Reykjavík og hvernig þar var staðið að vali eldri götunafna. Eftir það ræði ég um starfshóp Reykjavíkurborgar sem kemur með tilögur um nöfn á hverfum, götum og torgum innan borgarmarkanna. Sérstaklega verður fjallað um hverfið Norðlingaholt sem nú er að mestu

byggt. Sérstakur kafli er um viðliði götunafna á höfuðborgarsvæðinu en greininni lýkur á samantekt um helstu niðurstöður.

2 Lög og reglur um götunöfn

Öllum sveitarfélögum er gert að skyldu að gefa götum, vegum og torgum nöfn en engar reglur virðast til um það hvaða aðferðum skuli beitt við val á nöfnum. Í 29. grein, 1. mgr. Skipulags- og byggingarlagi nr. 73 frá 1997, sem nálgast má á vef Alþingis (<http://www.althingi.is>), stendur eingöngu:

Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins, landeignaskrá. Skrá þessi skal hafa tilvísun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu nöfn og númer sem skal þinglýsa.

Ef menn eru ekki á eitt sáttir um val á nýjum götunöfnum kemur það í hlut örnefnanefndar að leysa ágreininginn. Í lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35 frá 1953, sem einnig má nálgast á vef Alþingis, stendur um þetta:

Örnefnanefnd skal fjalla um nafngiftir býla skv. 5., 7. og 8. gr. laganna. Jafnframt úrskurðar örnefnanefnd um hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands, eða með leyfi þeirrar stofnunar, sé ágreiningur eða álitamál um það efni. Þá sker nefndin úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga.

Í reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar er þetta atriði áréttar að í 3. gr. sem fjallar um verkefni nefndarinnar en eitt þeirra er: „að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið“ (<http://brunnur.stjri.is/mrn/logogregl.nsf/nrar-reglugerdir1361999>), skoðað síðast 15. 3. 2009). Þessar tvær lagagreinar og reglugerðargreinin eru hinar einu sem koma á einhvern hátt að götunöfnum.

3 Hvernig er staðið að vali nafna?

Sveitarfélögin hafa lengstum farið mismunandi leiðir að vali nafna. Stundum er einstaklingum falið að koma með tillögur til skipulagsnefndar sveitarfélags, stundum er boðað til samkeppni og stundum kemur skipulagsnefndin sér sjálf saman um nöfn en bæjar- eða borgarráð verður síðan að samþykkja tillögurnar. Hér verða nefnd fáein dæmi um aðferðir við nafnaval.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti í október 2006 tillögu Í-listans um að götunöfnum í hverfi, sem fram að því hafði verið kallað Lundahverfi, yrði breytt þannig að þau tækju mið af sögu og landsháttum svæðisins. Tillögunni fylgdi greinargerð þar sem ástæður nafnbreytinganna voru m.a. raktar:

Dæmi eru um að götunöfnum hafi verið breytt, og má þar nefna þvergötunar um miðja Skutulsfjarðareyri sem áður hétu Steinsteypuhúsagata, Templaragata og Bankagata á Ísafirði voru endurskírðar á þriðja áratug síðustu aldar og fengu þá hin ágætu nöfn: Sólsgata, Hrannargata og Mángata. Nú hefur það gerst að götur í nýju hverfi í Skutulsfirði sem lagðar hafa verið í landi jarðarinnar Tungu hafa verið látnar taka nöfn af skógarlendum og með forskeyti hinna ýmsu trjá og runnategunda. Þessar nafngiftir eru hvorki í anda sögulegrar né náttúrulegrar hefðar á þessu landi. Á túnum og sléttum jarðarinnar Tungu hafa ekki verið skógar eða skógarlundir um margar aldir (ef þeir hafa nokkurntímann verið þar). Jörðin Tunga er hinsvegar ævagamalt höfuðból í Skutulsfirði, jafnvel landnámsjörð. Þar var þingstaður Eyrarhrepps á 17. og 18. öld og örnefni því tengt, Pinghóll er þar.

(<http://www.bb.is/Pages/26?NewsID=84341>, skoðað síðast 15. 3. 2009).

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tilnefndi þær Ólínú Þorvarðardóttur og Jónu Símoníu Bjarnadóttur til að koma með tillögur að nýjum nöfnum á götur í þessu nýja hverfi í landi Tungu í Skutulsfirði. Götunar höfðu áður viðliðinn *-lundur* en í tillögu bæjarstjórnar kom fram að nöfnnum skyldi breytt þannig að þau höfðuðu betur til náttúru og sögulegar hefðar og fengju viðliðinn *-tunga*. Ólína og Jóna Símonía skiliðu

af sér með bréfi dagsettu 14. nóvember 2006 og lögðu til eftirfarandi breytingar:

- Asparlundur verði Ártunga.
- Eikarlundur verði Daltunga.
- Grenilundur verði Fífutunga.
- Birkilundur verði Bræðratunga.
- Furulundur verði Engjatunga.
- Hnotulundur verði Hrauntunga.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn að tillögurnar yrðu samþykktar (<http://www.isafjordur.is/isafjordur/fundargerdir/>, skoðað síðast 15. mars 2009).

Annað dæmi kemur úr Mosfellsbæ. Þar var ekki verið að breyta nöfnum heldur að velja nöfn á götur í alveg nýju hverfi. Á heimasíðu Helgafellsbygginga í Mosfellsbæ er eftirfarandi greinargerð um ný götunöfn í Helgafellshverfi eftir Hannes Sigurgeirsson framkvæmdastjóra: (http://www.helgfell.is/index.php?option=com_content&task=view&id=36&Itemid=45, sótt 8. 3. 2009):

Eins og í öllu skipulagi hverfisins þá fannst okkur mikilvægt að vanda vel til verka í þessum efnim og bjóða upp á áhugaverð götunöfn. Hugmyndin sjálf, að sækja til verka Halldórs Laxness er að sumu leyti flókin því auðvitað skiptir öllu máli að gera þetta vel. Eftir talsverða yfirlегu kom fram sú hugmynd að nota falleg kvenmannsnöfn úr verkum skáldsins. Auk þess að vera einföld og smekkleg lausn þá gátum við notað nöfnin til að mynda einfalt kerfi og raðað götunum í stafrófsröð, réttsælis kringum miðju hverfisins. Þannig verður auðvelt fyrir fólk að rata í Helgafellshverfi.

Hér lýkur tilvitnun í orð Hannesar en á heimasíðunni stendur áfram:

„Þá verða tvær götur sem mynda kjarna hverfisins nefndar eftir tveimur af þekktustu skáldsögum Halldórs Laxness; Gerplustræti og Vefarastræti. Útfærslan var unnin af Erni Úlfari Sævarssyni, íslenskufræðingi, með aðstoð Halldórs Guðmundssonar, sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2005 fyrir ævisögu Halldórs Laxness.“ Götturnar

sem fengu kvenmannsnöfnin voru *Ástu Sólliljugata, Sölkugata, Diljárgata og Snæfriðargata*.

Af umsögnum að ráða á Netinu mæltust þessi nöfn vel fyrir. Helst var fundið að því að *Ástu Sólliljugata* væri svolítið stirt í framburði.

Stundum er gripið til samkeppni um nafngjafir. Það var t.d. gert þegar nefna þurfti hverfi í Kópavogi sem verið var að skipuleggja í landi *Smárahvamms*. Kópavogsþær auglýsti eftir nöfnum á hverfið og götum innan hverfisins. Mikil þátttaka var meðal almennings og ofan á varð hverfisheitið *Smárar* og síðari liðurinn –smári í götunöfnum eins og *Lækjarsmári, Dalsmári, Lindasmári, Laufasmári*, sem taka mið af náttúru og umhverfi, en einnig nöfn eins og *Eyktasmári, Foldasmári, Gullsmári*.

Flestir þekkja tillögur Þórhalls Vilmundarsonar að gatnaheitum í Grafarvogi og Grafarholti en hann var um tveggja áratuga skeið ráðgjafi byggingarnefndar Reykjavíkurborgar. Sem dæmi um aðferðir Þórhalls eru *Foldirnar* í Grafarvogi. Þórhallur benti á að Bjarni Thorarensen skáld hafi á árunum 1816–1833 búið í Gufunesi og segir hann frá því í greininni *Om islandske gadenavne* (1997:182) að kveðskapur hans hafi verið kveikjan að nafnavalinu. Pekktasta kvæði hans sé *Íslands minni* sem hefjist á hendingunni „*Eldgamla Ísafold*“. Þaðan sótti hann viðliðinn –fold, gaf götum sem lágu lægra forliði sem vísuðu til hita eða hlýju eins og *Funa-, Hvera-, Loga- og Reykjafold* en þeim sem lágu hærra forliði sem vísuðu til kulda eins og *Fanna-, Frosta- og Jöklafold*. Hugmyndina um hita og kulda sótti hann í kvæði Bjarna *Ísland*: „*Fjör kenni oss eldurinn,/ frostið oss herði,/ fjöll sýni torsóttum gæðum að ná.*“ Úr kvæðinu *Íslands minni* kom hugmyndin að *Fjallkonuvegi*: „*Eldgamla Ísafold / ástkæra fósturmold / fjallkonan frið*“, en í kvæðið *Veturinn* var *Gullinbrú* sótt: „*Hver ríður svo geyst/ á gullinbrúvu*“ og sömuleiðis nafnið *Fjörgyn* á félagsmiðstöðinni: „*Harðnar Fjörgyn/ hans í faðmlögum*.“

Aðalgötuna inn í Húsahverfið nefndi Þórhallur *Gagnveg* (1997:183) og sótti það nafn í *Hávamál*: „en til góðs vinar / liggja gagnvegir“.

Þórhallur kom einnig með tillögur að nöfnum í svokölluðu *Þúsaldarhverfi* í Grafarholti þar sem nöfnin voru sótt til íslenskrar kristnisögu. Þær tillögur hlutu brautargengi. Hann lagði einnig til nöfn á suðurhluta Arnarneslands í Garðabæ sem bæjarstjórn samþykkti á fundi 9. september 1999 og vísaði til byggingarnefndar. Hún hélt fund sama dag og í fundargerð stendur:

Framlagt bréf bæjarráðs Garðabæjar ásamt greinargerð, þar sem bæjarráð vísar greinargerð Þórhalls Vilmundarsonar um götunöfn í nýju hverfi í Arnarneslandi, dags. 20. ágúst 1999, til byggingarnefndar til umsagnar. Umsögn: Fyrirliggjandi eru tillögur byggingarnefndar frá 9. júní 1999, sem byggingarnefnd telur einfaldari og öruggar í framkvæmd.

(<http://www.gardabaer.is/Stjornsysla/fundargerdir/fundur?newsid=2532>, skoðað síðast 15. 3. 2009).

Ekki kom fram í fundargerðunum hverjar tillögur Þórhalls eða byggingarnefndar voru.

Af umfjöllun um götunöfn á Netinu er ljóst að mikill áhugi er meðal almennings á götunöfnum og sterkar skoðanir á því hvaða nöfn séu „ljót“ og hvaða nöfn „falleg“.

Áður en ég kem að nöfnum í Reykjavík sérstaklega ætla ég til gamans að nefna hvernig hægt er að leika sér með nöfn. Á heimasiðu um „Fiskidaginn mikla á Dalvík“ (<http://fiskidagur.muna.is/?mod=fretir&view=one&id=66>, skoðað síðast 15. 3. 2009) kom fram að götur í bænum fengu nýtt nafn í eina viku 2006, en ekki kemur fram hvort þetta var gert aftur síðar. Til skýringar stendur:

Áður nefnda viku hvílum við fyrri partana af gömlu götunöfnum og setjum fiskanöfn í staðinn. Í samvinnu við Skarphéðin Ásbjörnsson fiskasýningarástjóra Fiskidagsins mikla voru um 40 fiskanöfn sett í pott og úr honum drógu fulltrúar gatnanna í sundlaug Dalvíkur föstudaginn 4. ágúst, Kristján Hjartarson fulltrúi tæknideildar Dalvíkurbyggðar færði nýju nöfnin til bókar. Listinn var blanda af lítt þekktum og sjaldgæfum fiskum og meira þekktum.

Hér er sýnishorn af breytingunni en alls fengu 37 götur ný nöfn:

- Miðtún → Grálúðutún
- Hringtún → Sæsteinssugutún
- Steintún → Kolskeggstún
- Skógarhólar → Fýlingshólar
- Lynghólar → Barrahólar
- Reynihólar → Gulllaxhólar

- Böggvisbraut → Laxabraut
- Dalbraut → Marhnútabraut
- Sunnubraut → Péturskipsbraut
- Mímisvegur → Risarækjuvegur

Nöfnunum var síðan breytt aftur til fyrra horfs eftir „fiskidaginn“.

Á Netinu má finna mikinn fróðleik um nafngiftir gatna á síðari árum í fundargerðum bæjarfélaga, skipulags- og bygginganefnda og annarra sem koma á einhvern hátt að nafngjöfum.

4 Nafngjafir og nafnanefndir í Reykjavík

Fljótlega eftir að Reykjavík tók að vaxa um miðja 18. öld mynduðust stígar og síðar götur sem innan tíðar fengu nöfn. Um þessar götur má lesa í bók Páls Líndals *Reykjavík – sögustaður við Sund*. Fyrst voru þau dönsk eins og *Adelgaden* sem seinna fékk nafnið *Aðalstræti* (PL I:8) og *Lange Fortoug* sem síðar varð *Langastétt*. Því nafni hélt gatan til 1848 þegar því var breytt í *Austurstræti* (PL I:30). Núverandi nöfn eins og *Vallarstræti* og *Hafnarstræti* hétu áður *Kæmnergade*, þar sem bæjargjaldkerinn (d. *kæmner*) rak verslun við götuna (PL III:134), og *Rebslagerbanen* (PL II:6). Þessar tvær götur fengu einnig núgildandi nöfn formlega árið 1848.

Þegar Reykjavík tók að stækka virðist byggingarnefnd bæjarins hafa valið nöfn á götur og beitt þar sömu aðferðum og þekkjast í bæjum og borgum erlendis. Götur voru nefndar eftir nafngreindum húsum (Bergstaðastræti), eftir legu og landslagi (Vesturgata), eftir nafngreindum persónum (Ingólfsstræti) og eftir starfsemi við götuna eða í grennd svo eitthvað sé nefnt (Bókhlöðustígur).

Götur í Pingholtunum voru fáar í upphafi 20. aldar. Á uppdrætti Landmælingadeildar herforingjaráðsins frá 1902 voru austan við Lækjargötu aðeins sýndar göturnar *Pingholtsstræti* og *Ingólfsstræti*, *Amtmannsstígur* og *Spítalastígur*. Á uppdrætti af Reykjavík frá 1920, sem Egill Hallgrímsson teiknaði, má sjá að allar þær götur sem draga nafn af persónum í norrænni goðafræði höfðu þá þegar verið nefndar, þ.e. *Óðinsgata*, *Pórsgata*, *Lokastígur*, *Freyjugata*, *Baldursgata*, *Válstígur*, *Bragagata*, *Njarðargata*, *Haðarstígur*, *Týsgata*, *Nönnugata* og *Urðarstígur*. *Frigg* virðist hin eina af megingoðunum sem engin gata var nefnd eftir. Í fyrrnefndri bók Páls Líndal má finna ártal við nöfn sumra þess-

ara gatna og virðast að minnsta kosti *Pórsgata*, *Lokastígur Njarðargata*, *Nönnugata* og *Urðarstígur* hafa fengið nafn 1919. Óðinsgata er elst þessara gatna og tók að byggjast 1908, hinar allar á milli 1920 og 1930 en samkvæmt upplætti Egils voru nöfnin þegar til 1920.

Yngri eru nöfnin á götum sem kenndar eru við persónur í Íslendinga sögum. Hugsanlegt er að nafnið á *Ingólfsstræti*, sem gefið var 1880 eins og reyndar nafnið *Þingholtsstræti*, hafi orðið kveikjan að því að nöfn voru sótt í þessa uppsprettu en þó þarf það ekki að vera. Nafnið *Ingólfur* varð á mjög stuttum tíma eftir miðja 19. öld vinsælt eiginnafn og tengdist það sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Því var ekki að undra að mikilvæg gata á þeim tíma fengi nafn eftir landnámsmanninum.

Á upplættinum frá 1902 er *Grettisgata* hin eina af fornmannagötunum sem komin er á kort. Hún virðist þó ekki skipulögð gata og liggur í umhverfi sem merkt er á kortinu „stórgrýti“. 1920 er *Grettisgata* orðin lögð gata og við hafa bæst *Njálgata* og *Bergþórugata*. *Hringbraut* hétt þar sem nú er *Snorrabraut* en það nafn var ekki gefið á austasta hluta gömlu Hringbrautar fyrr en 1948.

Árið 1935 setti Pétur Halldórsson borgarstjóri á laggirnar nefnd sem átti að gera tillögur um nöfn á nýjum götum og torgum, eftir því sem byggingarnefnd Reykjavíkur taldi þörf á. Í nefndinni sátu Ólafur Lárusson prfessor, Pétur Sigurðsson háskólaritari og Sigurður Nordal prfessor. Svo virðist helst sem leitað hafi verið beint til þessara þriggja manna þótt allir kæmu þeir úr háskólanum. Magnús Guðmundsson, skjalavörður Háskóla Íslands, leitaði í gömlum fundargerðum háskólaráðs frá þessum tíma og í öðrum skjölum sem komu til greina en fann ekkert um tilnefningu háskólans í nefndina. Einar Ólafur Sveinsson tók síðar við af Sigurði.

Eitt fyrsta verk þessarar nafnanefndar virðist hafa verið að gefa nýjum götum í Norðurmýrinni nöfn. Jón Karl Helgason hefur skrifao um þær nafngjafir í bókinni *Hetjan og höfundurinn* og vísast til hans hér á eftir. Í ályktun frá götunafnanefndinni í árslok 1936 segir:

Vér höfum valið götunum nöfn eftir fornaldarmönnum, af því að götur með samskonar nöfnum liggja að þessu hverfi á two vegu. Næst Njálgötu eru 2 nöfn úr Njálssögu, þá 4 nöfn úr landnámi Ingólfss og síðast 5 nöfn úr Laxdæla sögu. Inn á milli er skotið nafni Flóka (Jón Karl Helgason 1998:178).

Þessi nöfn voru á nýjum götum austan þáverandi Hringbrautar. Þau eru: *Skarphéðinsgata, Gunnarsbraut, Karlagata, Vífilsgata, Mánagata, Skeggjagata, Auðarstræti, Hrefnugata, Kjartansgata, Guðrúnargata og Bollagata.*

Árið 1926 var tekinn upp nýr siður við nafngjafir gatna í Reykjavík en hann var sá að láta götuheitin enda á sama viðlið. Elsti viðliðurinn af þessu tagi er –vallagata á götum í hverfinu Sólvellir, eins og Ásvallagata, Sólvallagata, Hofsvallagata eftir bæjaheitunum Ás, Sólvellir og Hof (Pórhallur Vilmundarson 1997:175).

Nafnanefnd borgarstjóra fékk það verkefni 1937 að gera tillögur að götunöfnum í nýju hverfi, sem verið var að skipuleggja í vesturbænum, og fylgdi hún þessari nafnmyndun. Hún lagði til að götuheitin enduðu á viðliðnum –melur. Eftir þetta hefur sú aðferð verið ráðandi við nafngjafir í Reykjavík, og reyndar víða um land, að velja sama viðliðinn á götur í nýju hverfi (sjá 6. kafla). Eftir að nafnanefndin hætti störfum var val á nöfnum í höndum byggingarnefndar Reykjavíkur þar til leitað var aðstoðar Þórhalls Vilmundarsonar á Örnefnastofnun. Hann gerði tillögur um götunöfn í um tvo áratugi eða þar til starfsþópur á vegum Reykjavíkurborgar var settur á laggirnar.

5 Starfshópur Reykjavíkurborgar

5.1 Skipun starfshópsins

Í september árið 2001 var lögð fram hjá Reykjavíkurborg sú tillaga að skipaður skyldi starfshópur til að ráðleggja um nafngiftir á götum, torgum og hverfum. Í starfshópnum skyldu sitja tveir fulltrúar tilnefndir af meirihluta skipulags- og byggingarnefndar og einn frá minnihluta, byggingarfulltrúi og ráðgjafi sem starfshópurinn velur. Þessi tillaga var samþykkt. Starfshópurinn var síðan skipaður á fundi í borgarráði 17. október sama ár. Í hann voru tilnefnd Magnús Sædal Svavarsson byggingarfulltrúi, og er hann formaður, Ármann Jakobsson, Ásrún Kristjánsdóttir og ég sjálf. Fulltrúi Borgarskipulags í nefndinni og ráðgjafi nefndarinnar er Þórarinn Þórarinsson arkitekt. Starfshópurinn kom fyrst saman í nóvember 2001, hittist þegar þörf er á og hefur haldið 33 fundi til þessa (mars 2009).

5.2 Helstu verkefni starfshópsins til þessa

Fyrsta verkefni starfshópsins var að nefna götur í Norðlingaholti, sem ég kem að hér á eftir. Næst var Geldingarnesi vísað til nefndarinnar, sem lagði til að götur í íbúðarhverfi svæðisins enduðu á -fjara en hefðu skelja- og náttúruheiti að forlið, og að sá hluti svæðisins sem ætlaður var undir fyrirtæki fengi götunöfn sem hefðu viðliðinn -blá. Nefndin lagði til að á Gufunesi yrði notaður viðliðurinn -bás á nyrðri hluta fyrirhugaðs hverfis og tæki þar mið af örnefninu *Básar* en í forliði yrðu valin sækonungaheiti úr dróttkvæðum. Viðliðurinn -bót var valinn á syðri hlutann. Hann átti að vísa til landuppfyllinga á staðnum, en í forliði voru valin konungaheiti úr dróttkvæðum. Á iðnaðarsvæði norðan Suðurlandsvegar austan við skógræktina var lagt til nafnið *Merkurhverfi*, með -mörk að viðlið í götuheitum en dvergaheiti úr Völuspá að forlið. Viðliðnum var síðar breytt í -heiði vegna nálægðar við Hólmsheiðina. Síðan bættist við hverfið í undirhlíðum Úlfarsfells þar sem lagðir voru til viðliðirnir -tjörn, -brunnur, -á og -vatn. Fyrsti hluti hverfisins hefur verið skipulagður og nöfnum raðað á götur og torg sem hafa ásynjuheiti að forlið en -brunnur að viðlið. Þar fær Frigg loksins reykvískra götu nefnda eftir sér. Á síðustu misserum hefur nefndin valið nöfn á nokkrar götur í eldri hluta borgarinnar og á Kjalarnesi.

5.3 Götur á Norðlingaholti

Eitt af þeim hverfum sem nefndin hefur fjallað um er nánast fullbyggjt en það er holtið milli Rauðavatns og Elliðavatns. Árið 2002 afgreiddi starfshópurinn frá sér þá tillögu að hverfið fengi nafnið *Norðlingaholt*. Pessu fylgdi eftirfarandi skýring:

Uppruni heitisins er óviss og eru minnst tvær kenningar á lofti hvernig á nafngiftinni standi. Í Þingnesi var þingstaður og er talið að Kjalarnesþing hið forna hafi þar verið háð. Það þing mun hafa verið sótt af Borgfirðingum sem komu þá að norðan og hafa þess vegna verið kallaðir Norðlingar. Talið er að þeir hafi átt búðir í Norðlingaholti, rétt utan þingstaðarins þar sem þeir voru utan þinghár. Önnur tilgáta er að holtið taki nafngift af ferðum Norðlendinga suður með sjó á vertíð þeirra til skreiðarkaupa. Hvort sem er

hefur til forna verið mikil umferð um holtið til þinghalds, vegna vertíða og skreiðarferða. Ber að hafa í huga að fáir áttu erindi út á Seltjarnarnes nær þriðjung þingmanna-leiðar. Með skírskotun til langra ferðalaga hvort sem er til þinghalds eða lestarferða, þar sem farið var yfir fjölda vatnsfalla, stórra og smárra, leggur nefndin til að götur í hverfinu fái –vað í endingu nafns en þær tvær meginbrautir sem umlykja hverfið heiti *Norðlingabraut* og *Bugða* og er vísað til nafna á svæðinu.



1. mynd. *Norðlingaholt*.

Bugðuheitið á annarri meginbrautinni er fengið frá ánni Bugðu sem hlykkjast austanmegin við hverfið og rennur í Elliðavatn. *Elliðabraut* tengir *Norðlingabraut* og *Bugðu* og er næst Elliðavatni. Nefndin lagði síðan til lista með sextán nöfnum og eru allmögur þeirra fengin úr

Ritmálssafni Orðabókar Háskólans. Fjórtán þeirra eru nú á götum í hverfinu en til viðbótar voru valin næst vatninu götuheitin *Þingvað* og *Búðavað* til að minna á þinghaldið og *Elliðavað*. Aðrar götur eru Árvað, *Bjallavað*, *Helluvað*, *Hestavað*, *Hólmvað*, *Hólavað*, *Kólguvað*, *Krókavað*, *Lindarvað*, *Lækjarvað*, *Móvað*, *Reiðvað*, *Sandavað* og *Selvað*. Tvö torg eru á svæðinu og fengu þau nöfnin *Búðatorg* og *Þingtorg* en nú er lögð á það rík áhersla að öllum torgum í hverfum séu gefin nöfn um leið og götunum í öryggisskyni.

Ekki löngu eftir að skólahald hófst í hverfinu var Magnús Sædal byggingarfulltrúi beðinn um að koma í Norðlingaskóla og skyra fyrir nemendum valið á nafni hverfisins og götuheitunum. Fékk sú heimsókn mjög góðar undirtektir og í framhaldi af því hefur þróast sú venja að gefa rýmum í skólanum nöfn úr náttúrunni í grennd. T.d. dregur skólastofan *Mörk* nafn sitt af *Heiðmörk*, stofan *Hólar* af *Rauðhólum*, rýmin *Vað* og *Bjalli* af götuheitunum í grennd o.s.frv. og nemendur eru t.d. ekki í fyrsta eða annars bekkjar stofum heldur í *Vaði*, *Bjalla*, *Mörk*. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og bæði börn og fullorðnir væru meðvitaðri um umhverfi sitt en áður.

6 Viðliðir götunafna

Við val á forliðum er reynt að halda til haga ef unnt er gömlum örnefnum eins og *Breiðholtsbraut* eftir bænum Breiðholti og *Hádegismóar* eftir örnefni í grennd. Annars er leitast við að velja samstæð nöfn merkingarlega, t.d. fugla, jurtir, forna dverga, ásynjur, sækonunga, eitthvað í umhverfinu eða annað sem þykir henta fyrir hverfið. Hér lendis er fremur sjaldgæft að götur fái nöfn eftir lifandi persónum eins og vel þekkist erlendis, en þó má nefna *Pórufell* eftir Póru Jónsdóttur sem bjó í torfbænum *Breiðholti*, en eftir systrum hennar voru nefndar göturnar *Lóuhólar* og *Maríubakki* sem báðar eru í Breiðholtshverfi (Ólafur H. Torfason 1986:136).

Það virðist mun algengara hér lendis að sækja síðari samsetningarlíðinn í landslag en að velja viðlið sem hefur merkinguna 'gata', þ.e. *stígur*, *stræti*, *vegur*, *tröð*. Í mars 2009 voru viðliðir götunafna á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Kjalarnesi) alls 107 miðað við götunafnaskrá *Símaskrár* (bls. 1599–1605). Forliðunum er síðan oft raðað innþyrðis í stafrófsröð: *Arnarbakki*, *Blöndubakki*, *Ferjubakki*, *Grýtubakki*, *Hjaltabakki*,

Írabakki o.s.frv. til þess að auðvelda ókunnugum að rata um hverfið. Viðliðirnir voru:

akur	ás	bakki	bali	barð
baugur	berg	borgir	braut	brekka
brunnur	brú	brún	bryggja	búð
búðir	byggð	bær	endi	fell
fit	flót	fold	fótur	garðar
gata	geisli	gerði	gil	grandi
gróf	grund	grunn	hagi	hamrar
háls	heiði	heinar	hella	hjalli
hlein	hlíð	holt	hólar	hólmi
hraun	hús	hvammur	hvarf	hverfi
hvoll	hylur	hæð	höfði	höfn
kinn	kot	kór	kriki	kvísl
kvörn	land	laug	leið	leiti
leynir	lind	lína	lundur	lækur
melur	móar	mói	múli	mýri
naust	nes	rimi	salir	sel
skeið	skógur	slóð	smári	staðir
stekkur	stétt	stígur	strönd	stræti
sund	tangi	teigur	tröð	tunga
tún	vað	vallagata	vangur	vegur
vellir	vík	vogur	vör	þing
þúfur	öld			

Það vekur athygli hversu fá götunöfn eru ósamsett. Þau reyndust vera tólf, þar af helmingur með viðskeyttum greini: Bugða, Búðir, Grófin, Kríglan, Mörkin, Naustin, Skeifan, Spöngin, Straumur, Strengur, Stríkið og Stöng. Þá eru ekki taldar með göturnar Fjörgyn í Grafarvogi og Amsturdam í Mosfellsbæ.

Á síðari árum hafa borgaryfirvöld reynt að vera vakandi yfir því að sömu viðliðir séu ekki notaðir og í nágrannasveitarfélögum. Því ráða fyrst og fremst öryggismál, svo sem löggæsla og brunavarnir. Eldri samnefndar götur má þó finna víða í Reykjavík og nágrannabæjum. Í Hafnarfirði er t.d. Flókagata, Vesturgata, Tunguvegur, Lækjargata, Sunnuvegur, Holtsgata, Suðurgata, Hringbraut, Úthlíð, Birkihlíð og Öldugata. Í Garðabæ er til Ásgarður, í Kópavogi Melgerði, í Mosfellsbæ Þverholt og Engjavegur og í Bessastaðahreppi Hátún. Minna máli skiptir þótt á

Sauðárkróki megi finna *Lindargötu*, *Freyjugötu*, *Sæmundargötu*, *Barmahlíð*, *Háuhlíð*, *Birkihlíð*, *Spítalastíg* og *Borgargerði*.



Götuheiti	Reykjavík	Seljavallamas	Kópavogur	Gardabær	Hafnarfjörður	Bessastaðahreppur	Njarðvík	Keflavík	Garður	Sandgerði	Grindavík	Mosfellsbær	Akranes	Borgarnes	Svíkuskólinn	Ísafjörður	Sudurnesfjörður	Síðusíðufjörður	Dalvik	Akureyrir	Húsavík	Safnshús	Vopnafjörður	Erlitsstaðir	Frýðiðhólar	Ryðarfjörður	Eldhólar	Nekkjaessetið	Síðuborðar	Hfn	Vestmannaeyjar	Hvalfjörður	Seltíos	Hveragerði	Höfn	Eyrarbakki	Sundals
Siglún	x																										x										
Síðlabréði	x																																				
Síklagata	x													x	x																						
Síðarágata	x																																				
Síðaústurgata	x													x																							
Síðeyargarða	x													x																							
Síðhvallagata	x							x																													
Síðtaiasturgata	x															x																					
Starengi	x																																				
Starmyni	x																																				
Stórágerði	x																																				
Stórholt	x													x	x																						
Sudúrgata	x	x	x	x	x									x							x													6			
Sundabakki	x													x																					2		
Sunnuvegur	x		x																	x															3		
Sæmundargata	x													x																					2		
Sætun	x													x																					2		
Tjarnargata	x		x	x										x																				4			
Tryggvagata	x																										x								2		
Túngata	x		x	x	x								x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	14						
Tunguvégvur	x		x																																2		
Útlíði	x	x																																	2		
Vesturgata	x	x	x	x									x			x																		5			
Vonarland	x																			x	x	x												2			
Þverholt	x		x	x	x								x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	4						
Æðsgata	x																																		3		
Óldugata	x		x														x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	4					

Samantekt: 1999-04-11/MSS

2. mynd. Götunöfn.

Frá byggingarfulltrúa Reykjavíkur fékk ég yfirlit yfir 87 götunöfn sem til eru í Reykjavík og einhverjum af 37 bæjum og hreppum á landinu. Á 2. mynd má sjá sýnishorn af þessum nöfnum. Það vekur athygli að Túngata er til á fjörtán stöðum, Miðtún á sjö, Dalbraut og Suðurgata á sex, Vesturgata á fimm. Önnur nöfn koma sjaldnar fyrir.

7 Niðurlag

Hér á undan hefur verið rætt um götunöfn og val á þeim. Byrjað var á að nefna lög og reglugerðir sem við er að styðjast en slíkar samþykktir eru mikilvæg hjálþargögn öllum sem fást við nafngjafir, hvort heldur um er að ræða örnefni eða mannanöfn.

Sveitarfélögum er í sjálfsvaldi sett hvernig þau standa að vali á götunöfnum. Stundum er fenginn til einstaklingur til að koma með tillögur, stundum kallaður til líttill hópur og stundum er skipuð nefnd. Í sumum tilvikum kemur byggingarnefnd með eigin tillögur, í öðrum er valin tillaga frá einhverjum í opinberri samkeppni. Hér á undan voru aðeins nefnd fáein dæmi en vísað á Netið þar sem af nógu er að taka sé leitað undir „götunöfn“ á leitarvélinni google.is.

Sérstakur kafli er um nafngjafir og nafnanefndir í Reykjavík. Það réðist af því að það svæði þekkir höfundur best og situr nú í starfshópi Reykjavíkurborgar um götunöfn. Vissulega eru nöfn í öðrum sveitarfélögum jafn áhugaverð og vonandi verður nöfnum innan allra bæjar- og sveitarfélaga gefinn meiri gaumur í nánustu framtíð.

Í fimmta kafla (5.3) var eitt hverfi rætt sérstaklega. Það er nýlega fullbyggt og götunöfnin voru kynnt sérstaklega í Norðlingaskóla. Það leiddi til mikils áhuga kennara og barna á nöfnum og fengu allar stofur skólans nöfn sem sótt voru í næsta nágrenni. Þetta sýnir hvað lítið þarf til að vekja áhuga á nöfnum ef rétt er að staðið.

Á bak við flestar nafngiftir er einhver saga, mörg götunöfnin geyma horfin örnefni, persónusögu, eins og nöfn systranna í Breiðholtinu, eða aðrar tengingar sem nauðsynlegt er að halda til haga. Erlendis má víða sjá örstuttar skýringar á götuskiltum og í ýmsum borgum er hægt að nálgast handhægar uppsláttarbækur með nafnaskýringum. Mikið verk er óunnið hérlendis en áhugi virðist vera að vakna á því að safna þarf nöfnum í þéttbýli meðan enn er unnt að rifja upp tilurð þeirra.

Heimildir:

- Dalberg, Vibeke, Jørgensen, Bent. 1997. Forord. *Byens navne. Stednavne i urbaniserede områder*. Rapport fra NORNAs 24. Symposium i København 25.–27. april 1996, bls. 7–8. Uppsala: NORNA-Förlaget.
- Jón Karl Helgason. 1998. *Hetjan og höfundurinn*. Reykjavík: Heimskringla.
- Ólafur H. Torfason. 1986. Maður er svolítið léttlyndur. Í: *Heima er bezt.* 4. tbl., 36:136–144.
- PL sjá Páll Líndal.
- Páll Líndal. 1986–1989. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.
- Símaskráin. 2008. Reykjavík: Já.
- Pórhallur Vilmundarson. 1997. Om islandske gadenavne. Í: Vikebe Dalberg og Bent Jørgensen (red.). *Byens navne. Stednavne i urbaniserede områder*. Rapport fra NORNAs 24. Symposium i København 25.–27. april 1996, bls. 171–184. Uppsala: NORNA-Förlaget.

Lykilorð

nafnfræði, nöfn í borgum og bæjum, götunöfn, götunafnanefnd

Keywords

onomastics, urban names, street names, street name committee

Abstract

In the article street names are discussed from a variety of viewpoints. The order of the content is laid out in the first chapter. The second chapter looks at laws which deal with street names (nr. 73/1977 and nr. 35/1953) and regulation nr. 136 for the work of the place name committee. In the third chapter examples are given of the working practice when choosing names. Sometimes suggestions are requested from individuals or groups, sometimes special committees are appointed and in yet other cases building committees of municipalities are entrusted with forming suggestions for names. The fourth chapter deals with the city of Reykjavík in particular, the oldest names there and naming committees and the fifth chapter tells of the official work group of the city of Reykjavík and the suggestions it has made for street names in new areas. The penultimate chapter discusses suffixes in street names in the greater Reykjavík area, of which there were 107 in March 2009. The suffixes show that for street names there is a tradition of looking to the surrounding environment when choosing suffixes. In the final chapter the contents of the article are summarized.

Guðrún Kvaran

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, orðfræðisvið / Háskóli Íslands

Neshagi 16

107 Reykjavík

gkvaran@hi.is

Hallgrímur J. Ámundason

Óformleg örnefni í Reykjavík

1 Hvað er örnefni?

Í ákveðnum frumskilningi er *örnefni* allt sem hefur nafn, hvort sem er staður á landi, hús í borg, heiti á dýri eða mannsnafn. Fæstir skilja þó orðið svo víðum skilningi. Í hugum flestra er örnefni nafn á ákveðnum stað: bæ, fjalli, stöðuvatni eða landsvæði (sjá um þetta grein Svavars Sigmundssonar í þessu hefti, bls. 55) og getur náð bæði yfir náttúruleg fyrirbæri og manngerð. Þessi merking hefur tilkast síðan í elstu heimildum. Dæmi eru þó til um eilítið annan skilning. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir (XI 1943:185): "Ekki má þessi örnefni byggja, því þau eru öll í hrjóstur komin." Þarna virðist örnefni merkja staðinn sjálfan en ekki bara nafnið. Þessi merking hefur ekki ratað í orðabækur enda þótt hún sé enn lifandi í málinu. Menn heyrast stundum tala um að "kíkja á örnefni", "heimsækja örnefni" og "ganga á örnefni".

Hér á eftir verður fjallað um ákveðna tegund örnefna sem lítið hefur verið rædd á íslensku. Þetta eru óformleg örnefni, þ.e. örnefni sem hafa ekki á sér yfirbragð formlegra og gamalla örnefna eins og bæjanafna, nafna á fljótum og fjöllum eða hreppum og sýslum. Dálít-ið verður rætt um eðli þessara örnefna en megingaflinn er greining á óformlegum örnefnum í Reykjavík. Samanburður er gerður við eldri tíð, rætt um vandamál við söfnun nafnanna og niðurstöður dregnar saman í lokin.

2 Formleg og óformleg örnefni

Nöfn af ýmsu tagi geta verið ýmist formleg eða óformleg. Mannanöfn geta þannig verið formleg (*Guðmundur, Steingerður*) eða óformleg (*Gummi, Steina*). Gælunöfn, viðurnefni, styttingar teljast þannig óformleg.¹ Örnefni geta einnig verið formleg eða óformleg: *Patreksfjörður* eða *Patró, Blönduós* eða *Dósin, Iðnaðarmannahúsið* eða *Iðnó*. Sama getur gilt um ýmis önnur fyrirbæri sem bera nafn. *Útgerðarfélag Péturs J. Thorsteinssonar & co.* var kallað *Milljónafélagið* í daglegu tali. *Morgunblaðið* og *Mogginn* er annað dæmi. Skólar og stofnanir geta einnig átt sér óformleg nöfn: *Versló, Borgó, Réttó, Hafró, Miðbó, Filó* (f. Fíladelfía) o.fl. Styttingar eins og *MR* eða *FB* eru af líku tagi. Áberandi er hve auðvelt er að splæsa -ó aftan við nöfn til að búa til óformlegt nafn.² Sama fyrirbæri sést stundum í mannanöfnum: *Ingólfur* og *Ingó*, *Kristinn* eða *Kiddó*.³ Halldór Laxness (1979) ritaði grein um nöfn af þessu tagi sem hann nefndi „Ónöfn“ og í *Atómstöðinni* skopast hann dálitið að þessum óformlegu nöfnum.

Óformleg örnefni eru sjálfsprottin að verulegu leyti, þau verða bara til. Formleg örnefni eru hins vegar þau sem eru búin til í ákveðnu augnamiði, oft af opinberu valdi eða fyrir náð þess eða samþykki. Flest gömul örnefni hafa þó aldrei gengið í gegnum neitt örnefnaferli en mundu samt teljast orðin formleg örnefni, svo er um flest eða öll bæjanöfn og mörg önnur örnefni. Hæpið er líklega að tala um að örnefni frá gamalli tíð séu enn óformleg, tíminn sjálfur veitir örnefnum ákveðinn formleika. Það er hins vegar í eðli óformlegra örnefna að þau lifa aðeins í skamman tíma, annaðhvort verða þau síðan formleg eða þau hverfa og önnur taka við. Óformlegum örnefnum er þess vegna hætt við að týnast og glatast ef þau ná ekki á prent í tæka tíð eða hljóta opinberun á annan hátt. Þannig má gera ráð fyrir að mörg óformleg örnefni frá eldri tíð hafi glatast, það hirti enginn um að halda þeim til haga.⁴

Formlegt örnefni er nafn á stað sem hefur almenna tilvísun sem allir skilja. Óformleg örnefni eru hins vegar oft aðeins þekkt í ákveðn-

¹Savar Sigmundsson (1997: 15) fjallar aðeins um gæluheiti örnefna (t.d. *Kolka f. Kolbeinsá*).

²Sjá umfjöllun um viðskeytið -ó hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1990:21–22, 28–29 o.v.).

³Fyrra dæmið má raunar túlka sem hreina stýfingu frekar en að um viðskeytið -ó sé að ræða.

⁴Sbr. Savar Sigmundsson (2001:305).

um hópi sem getur verið bundinn við t.d. ákveðið svæði (landfræðileg dreifing) eða aldurshóp eða stétt, eru t.d. bara notuð meðal barna eða leigubilstjóra.

Óformleg örnefni eru ekki ósvipað fyrirbæri og gælunafn á mannesku. Í síðara tilvikinu er gælunafnið helst notað í mjög þróngum hópi en ekki annars staðar – þar er formlega heitið notað. Og rétt eins og manneskjur geta haft mörg gælunöfn geta t.d. einstök hús haft mörg óformleg nöfn.

Maður er nefndur Hallgrímur Jökull. Hann er oftast kallaður *Hallgrímur* en í ákveðnum hópum *Grímsi*, *Grímur*, *Halli* eða jafnvel í mjög þróngum kreðsum *Glakki* eða *Gingó* (hvorttveggja leifar af smábarnamáli). Þarna má hæglega greina stigskiptingu í óformleikanum. Hallgrímur er formlegt nafn, *Grímsi*, *Grímur* og *Halli* óformleg en bundin ákveðnum hópi manna og hafa ákveðna skírskotun í þeim hópi. *Glakki* eða *Gingó* hafa mjög takmarkaða skírskotun en gegna hlutverki (sem uppnefni) í mjög þróngum hópi. Sama má segja um einstök hús. *Arnargata 4* er í Vesturbænum. Íbúar þar höfðu einhvern tíma nefnt húsið *Nýjabæ* og á öðrum tíma *Skaftafell*. Í daglegu tali var húsið hins vegar nefnt *Klumpurinn* (af því það var þannig í laginu) eða *Kastalinn* (af því að útveggirnir voru tenntir efst). *Arnargata 4* er formlegasta nafn hússins, *Nýbær* eða *Skaftafell* eru formleg að nokkru leyti, af því þau eru gefin af eigendum af ráðnum hug. *Klumpurinn* og *Kastalinn* eru óformleg, nokkurs konar uppnefni.

Hallærisplanið er nær horfið úr máli manna. Samt var það aðalnafnið í munni manna á ákveðnum parti Reykjavíkur um áratuga skeið á sl. 20. aldar. Borgaryfirvöld reyndu að útrýma þessu nafni með öðru formlegra, *Ingólfstorgi*, og virðist ætla að takast það. Á ákveðnum tíma var þó einnig til annað óformlegt nafn á torginu, það var kallað *Markúsartorg*, eftir þáverandi borgarstjóra Markúsi Erni Antonssyni. Þetta er dæmi um það að óformlegt örnefni þykir á einhverjum tímapunkti ekki vera viðeigandi lengur. Þannig var orðið með Hallærisplanið áður og eldra dæmi úr borgarsögunni er þegar reynt var að útrýma nafni *Klambratúns* með *Miklatúni*. Eldra nafnið hefur að ósekju haft neikvæða merkingu, menn hafa tengt það við so. 'klambra (saman)' sem á ekki alls kostar við þar sem túnið er kennt við býlið Klömbur sem þarna var staðsett (merking orðsins er þrengsli, klemma e.b.u.l.). Síðara dæmið virðist vera tilraun sem misheppnaðist eða hefur ekki heppnast að fullu því ef eitthvað er er *Klambratún* meira not-

að í daglegu tali.⁵ Í tilfelli Hallærисplans og Ingólfstorgs virðist nýja orðið hins vegar ætla að verða ofan á, fáir sem nota gamla heitið nú orðið.

Dæmi er um að formlegt örnefni breytist í óformlegt, svo að segja. Þannig var með *Rúgbrauðgerðina* sem starfaði lengi í Borgartúni 6. Eftir að starfseminni var hætt lafði nafnið áfram áratugum saman á húsinu. Þar var þá ýmis starfsemi á vegum hins opinbera en engin brauðgerð.

3 Óformleg örnefni í Reykjavík

Erfitt er að henda reiður á óformlegum örnefnum í Reykjavík, bæði vegna þess að þau eru síbreytileg og eru hvergi skráð sérstaklega. Hér fer á eftir yfirlit og flokkun á óformlegum örnefnum í Reykjavík. Peim er einkum safnað í Reykjavíkurbókum Páls Líndals (1986–1989), en einnig í samtölum við fólk og með fyrirspurnum. Langflest eru nöfnin þó úr Reykjavíkurbókunum.⁶

Örnefnunum er raðað í ákveðna heimagerða flokka. Nöfnunum var safnað saman fyrst og síðan reynt að koma auga á sameiginleg einkenni sem væri hægt að nota til flokkunar. Hægur vandi væri að sameina suma flokka og kljúfa aðra.⁷ Enda þótt segja megi að flest örnefnin sem verða til umfjöllunar séu óformleg (eða hafi einhvern tíma verið það) hafa sum þeirra hlotið svo mikla útbreiðslu að þau eru nú næsta almenn í máli manna. Allflestir fullorðnir þekkja t.d. *Næpuna*, sérkennilegt hús í Þingholtunum, og þegar nafn er orðið svo almennt þá er kannski hæpið að tala um óformlegt nafn lengur.

⁵Einföld talning á Google (11. mars 2009) gefur ákveðnar bendingar. Leitað var að Miklatúni og Klambratúni í öllum föllum (myndunum -tún, -túni, -túns). Miklatún gaf rúmlega 17.000 niðurstöður en Klambratún rúml. 12.000. Á það er að líta í þessu að opinbert heiti er Miklatún og því er það nafn notað af opinberum aðilum, einkum stofnunum borgarinnar. Séu tölurnar skoðaðar í þágufalli, hinu ómarkaða falli örnefna (sbr. Harald Bernharðsson (2006:82)), er munurinn enn minni: 12.300 Miklatún en 10.400 Klambratún.

⁶Savar Sigmundsson (2001) fjallar m.a. um nöfn á húsum og fyrirtækjum í þéttbýli en flest eða öll eru þau þó meira eða minna formleg. Á bls. 307–8 minnist Savar þó á nokkur önnur nöfn sem gætu fallið í flokk 1 hér á eftir.

⁷Auðvitað eru fjölmargar leiðir til flokkunar mögulegar. Þórhallur Vilmundarson (1997) notar t.d. sex flokka til að greina götunöfn í Reykjavík. Um almennari leiðir til örnefnaflokunar má fræðast hjá Frank Nuessel (1992:47 o.áfr.).

Flokkarnir sem hér verða notaðir eru sjö talsins: 1. Eigendur, 2. Útlit og efni, 3. Starfsemi, 4. Uppnefni, 5. Barnanöfn, 6. Styttigar, 7. Önnur nöfn.

1. Eigendur. Örnefni í þessum flokki eru kennd við eigendur sína. Stærstur hluti þeirra er dreginn af nafni eiganda eða ábúanda, oftast með eiginnafn en líka oft með ættarnafni. Dæmi um nöfn af þessum toga eru t.d.: *Teitshús, Hjaltestedshús, Ahrenzhús, Ámundaborg, Ásasel, Bergmannsfjós, Anikuhiús, Arabær, Grundtvigshús, Jóns Þórðarsonarbær*. Fjölmög nöfn af þessum toga er að finna í nafnaskrám að Reykjavíkurbókunum og engin ástæða að telja þau öll upp hér. Þessi nöfn eru að segja má hálf-formleg og eiga sér oft eldri rætur en götunafnakerfi Reykjavíkur. Raunverulega óformleg eru nöfn eins og *Gvunýmöllershús* (nafnið er e.k. framburðarmynd af húsi sem hefði getað heitið Hús Guðnýjar Möller), *Guðmundarbuð* (sem hétt að réttu lagi Verslun Guðmundar Andréssonar e.p.u.l.) og kannski *Zuggersbær* (Kirkjustræti 4, hús Jóhannesar Zoëga) sem tekur mið af framburði íslenskra á ættarnafninu Zoëga. Undirflokkur meðal eigendanafna inniheldur örnefni sem dregin eru af starfi eða stétt manna. Dæmi: *Skraddarahúsið* (Austurstræti 8), *Nærkonuhúsið* (Austurstræti 18, nærkona=ljósmóðir), *Amtmannshúsið* (Ingólfsstræti 9, nafnið lifir enn í heiti Amtmannsstígs), *Kafteinshús* (Vesturgata 32, húsbóndinn var skipstjóri), *Vaktarabær* (Lindargata 3–5, eigandinn var lengi næturvörður í Reykjavík), *Pontukot* (Bjargarstígur 16, þar bjó maður sem smíðaði tóbakspontur), *Heilagsandastræti* (Lækjargata, nefnd svo þegar bæði biskupinn og dómkirkjupresturinn bjuggu við götuna), *Doktorshús* (Ránargata 13, þar bjó landlæknir).

2. Útlit og efni. Í þessum flokki vísa nöfn til ytra útlits húsa eða byggingarefnis. Dæmi: *Múrinn* (Stjórnarráðið, nefnt svo vegna byggtingarefnisins), *Skrínan*, *Púltið* eða *Skatholið* (Vesturgata 16b eða Gröndalshús, húsið er einlyft að aftan með bröttu þaki en tvílyft að framan), *Hegrinn* (kolakraninn við Reykjavíkurhöfn, *Næpan* (Skálholtsstígur 7 eða Landshöfðingjahúsið, kallað svo vegna lögunar turnspírunnar), *Okaker* (Kirkjustræti 2, nú horfið, líktist að sköpulagi íláti sem tíðkaðist aður fyrr og var einkum notað fyrir skyr og súrmat), *Hæstiréttur* (tveggja hæða hús við Grjótagötu sem nú er horfið, stóð hátt og þótti reisulegt, aldrei var þó hæstiréttur þar til húsa).

3. Starfsemi. Nöfn í þessum flokki taka mið af starfseminni sem

fer fram á staðnum.⁸ *Bakarabrekkan* er eldra nafn á Bankastræti, nú er þar hvorki banki né bakarí. *Rúgbrauðsgerðin* er í Borgartúni 6. Þar var Hlutafélagið Rúgbrauðsgerðin til húsa og bakaði brauð frá 1948 og fram um 1970. Síðan voru þar veitinga- og fundasalir á vegum hins opinbera og héldu nafninu á lofti. Enn er nafnið við lýði, nú á veislujónustu sem þar er rekin. *Gamla Bíó* hét upphaflega frá 1906 *Reykjavíkur Biografteater* en snemma hefur það gengið undir nafninu *Bíó*. Eftir að *Nýja Bíó* er sett á fót 1912 fer „*Gamla Bíó*“ að ganga undir nafninu „*Gamla Bíó*“, fyrst óformlega en síðan er það heiti gert að opinberu nafni kvíkmyndahússins (í Fjalakettinum við Aðalstræti). Það nafn loddri síðan lengi við nýja húsið eftir að bíóið fluttist upp í Ingólfsstræti 1926 og lengi eftir að bíóstarfsemi var hætt. Eftir að Íslenska óperan tók þar til starfa hefur nafnið *Íslenska óperan* nær útrýmt hinu gamla heiti. *Bryggjuhúsið* (Vesturgata 2) stóð fast við sjóinn í eina tíð og þar voru rætur bryggjunnar sem húsið er kennt við. Húsið er annars núllpunktur Reykjavíkur í vissum skilningi. Frá *Bryggjuhúsinu* séð, þar sem Aðalstræti byrjar, miðast öll húsnúmer í borginni: jafnar tölur eru á hægri hönd en ójafnar á vinstri. *Jesúprent* (Bergstaðastræti 27), þar var Prentsmiðja Jóns Helgasonar og mikið prentað af guðsorðabæklingum. Hér með á líklega heima fyrirbæri eins og *Ríkið* (Áfengisútsala ríkisins) sem er nú mjög á undanhaldi eftir að farið var að kalla þessar verslanir ÁTVR og síðan *Vínþúðir*. Útibú *Ríkisins* á Lindargötu var kallað *Lindin* eftir götunni en hún hét aftur eftir Móakotslind, vatnsbóli sem þar var. Nafnið vísaði þannig bæði til staðsetningar og söluvöru. *Bæjarins beztu* er að öllum líkindum upphaflega partur af auglýsingaskilti sem staðið hefur utan á pylsusjoppunni, „*Bæjarins beztu pylsur*“, en þróast síðan yfir í eiginnafn á henni.

4. Uppnefni. Nöfn í þessum flokki geta ýmist verið saklaus gælu-nöfn, rætin illnefni eða spaugilegur útúrsnúningur. *Bráðræði* og *Ráðleysa* voru nöfn á húsum í útjaðri Reykjavíkur. Það fyrrnefnda stóð þar sem nú er Grandavegur 37. Annað nafn er ekki varðveitt á húsinu og er e.t.v. til vitnis um að það hafi aldrei haft annað nafn, óformlega nafnið hefur strax orðið almennt. Ráðleysa stóð þar sem nú er Laugavegur 40 en var á sínum tíma úr alfaraleið og þótti val á staðnum sýna fyrirhyggjuleysi. Á þessum tíma var Reykjavík sögð byrja í Bráðræði en enda í Ráðleysu! *Svínastíán* var veitingastaður á Hótel Ís-

⁸Þó er svolítið óvist hvernig flokka á *Bryggjuhúsið*, nær væri að tala um *staðsetningu*.

landi (þar sem Hallærисplanið varð síðar). Hann þótti ekki alveg óalþýðlegur. *Snobb Hill* er alkunnugt nafn á Laugarásveginum á 6. og 7. áratugnum. *Andalúsía* (Stýrimannastígur 6) var húsið kallað sem Einar H. Kvaran rithöfundur og spíritisti bjó í. Húsið sem Ottó N. Þorláks-son, fyrsti forseti ASÍ, bjó í á Vesturgötu 29 var kallað *Litla-Moskva* en fjölskylda Ottós var mjög virk við stofnun Kommúnistaflokks Íslands. Fríkirkjuvegur 11 hefur dálitið verið í fréttum síðustu misseri vegna sölu borgarinnar á þessu sögufræga húsi. Thor Jensen lét reisa húsið en seldi það síðan samtökum bindindismanna. Af þeim sökum var húsið lengi kallað *Bindindishöllin*. Aðalmiðstöð Strætisvagna Reykjavíkur til skamms tíma var *Hlemmur* eða Hlemmtorg við Laugaveg.⁹ Upphaflega vísar nafnið til brúarnefnu sem þarna lá yfir Rauðará og þótti heldur ómerkileg. *Fjalakötturinn* heitir nú veitingastaður í Hótel Reykjavík í Aðalstræti 16. Nafnið vísar til húss sem stóð í Aðalstræti 8 og upp með Bröttugötu en smíði þess þótti ekki vönduð. Fjalaköttur er annars eins konar músagildra. Eftir húsinu eru illa smíðuð hús síðan kölluð fjalakettir. Sjóppukeðjan *Skalli* var að líkindum ein af fyrstu verslunarkeðjunum á Íslandi. Fyrsta Skallasjóppan var í Lækjargötu 8 en hún er nú fyrir bí. Þar hafði Július Evert Ólafsson áður rekið verslun frá 1940. Hann fékk viðurnefnið „Straumlinuskalli“ eða bara „*Skalli*“. Eftir honum var fyrsti *Skallinn* nefndur. Síðasta sjóppan með þessu nafni lifir enn í Árbæjarhverfi. Tómthúsbýlið *Skuggi* stóð þar sem nú eru gatnamót Klapparstígs og Skúlagötu en var upphaflega nefnt Jensbær eða Jenskot. Við býlið eru m.a. Skuggasund og Skuggahverfi kennd.¹⁰ Ástæða nafngiftarinnar er óviss en vísar líklega til bágra aðstæðna. Þeir sem bjuggu í stórhýsinu Glasgow við Vesturgötu 5a voru sagðir búa í *Glerskó(g)*. Og af því að örnefni eru mest notuð í þágufalli (sbr. Haraldur Bernharðsson 2008:207) þá er óvist hvort menn ímynduðu sér að húsið væri *Glerskór* eða *Glerskógor*. Á horni Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis var *Kjaftaklöpp*. Þar var gott útsýni til sjávar og tilvalinn staður til að taka menn tali. Hús Máls og menningar á Laugavegi var stundum kallað *Rúblan*, vegna meintra tengsla við Ráðstjórnarríkin.

Mörg nafnanna í þessum flokki eru nú óðum að hverfa. Hlemmur

⁹Það er víst liðin titill að strætisvagnar eða strætisvagnaleiðir beri ákveðin nöfn. „Leið 12 Hlemmur-Fell“, „Hagar-Sund“, „Hagavagninn“, „Ásinn“, „Kleppur hraðferð“ voru einu sinni hræranleg örnefni á allra vörum.

¹⁰Og raunar *Hverfisgata* líka en hún hét áður „Skuggahverfisgata“.

lifir í breyttri mynd, Skalli hefur flust milli hverfa, Fjalakötturinn hefur annað hlutverk. Ný uppnefni koma í staðinn fyrir þau gömlu en ekki er víst að þau séu komin á bækur ennþá.

5. Barnanöfn. Nöfn í þessum flokki verða til í heimi barnanna, oft í tengslum við leiki. *Löggubrekka* var sleðabrekka krakkanna á Klepps-holti, ekki langt frá þar sem nú er Gunnarshús á Dyngjuvegi. Nafnið mun þannig tilkomið að hús Agnars Kofoed Hansens þáverandi lög-reglustjóra stóð efst í brekkunni. *Kókakólaróló* heitir leikvöllur barna fyrir aftan Haga á Hofsvallagötu. Þar var Coca Cola-verksmiðjan Víf-ilfell til húsa á árum áður en nafnið lifir enn meðal barna í hverfinu. *Hólavöllur* og *Krummavöllur* hétu fótboltavellirnir í Hólahverfi í Breiðholti á árunum fyrir 1980. Sá fyrrnefndi kom fyrst og var kenndur við hverfið sjálft en Krummavöllur síðar, kenndur við Krumma-hóla. Skógurinn sem stendur á árhólmum Elliðaár neðan Árbæjar-stíflu var kallaður *Indjánaskógur* eða *Dimmiskógur* meðal barna í Breiðholti, a.m.k. á 8. og 9. áratug 20. aldar.

Barnanöfnum er sérstaklega hætt við að glatast og ná ekki á prent. Það er ekki síst vegna þess að þau ná kannski aldrei að flytjast úr málheimi barna í málheim fullorðinna. Þó benda dæmin hér að ofan til þess að þau geti lifað meðal barna í margar kynslóðir.

6. Styttigar. Á ákveðnum tíma var algengt að stýfa nöfn og skeytu viðskeytinu -ó aftan við, sbr. 2. kafla hér að framan. Gömul dæmi um þetta eru t.d. *Gúttó*, *Iðnó* og *Hressó*. Fyrsta nafnið varðveitir einnig gamla framburðarmynd en hin nöfnin eru hreinar stýffingar. Þessi nöfn eru enn algeng, ekki síst í óformlegum útgáfum af nöfnum skóla. Óformlega örnefnið *Borgó* fyrir Borgarholtsskóli (sem er tiltölulega ný-legur skóli) sýnir að þetta er enn virk aðferð. Nöfn í þessum flokki eru oftast fyrirsjáanleg og segja ekki mikla sögu.¹¹

7. Önnur nöfn. Eins og oftast þegar reynt er að skipta efniviði í huglæga flokka inniheldur sá síðasti fyrirbæri sem falla ekki með góðu móti í neinn hinna flokkana. *Rúnturinn* er gamalt örnefni í borgarlífinu. Upphaflegu rúntarnir voru spásseraðir en ekki eknir eins og síðar varð. Þeir voru tveir, kallaðir *Litli-* og *Stóri-Rúntur*, fyrrnefndi náði kringum Austurvöll en sá stærri afmarkaðist af Austurstræti, Aðalstræti, Kirkjustræti og Pósthússtræti. Bílarúntar seinni tíma voru líka

¹¹Savar Sigmundsson (2003:19) minnist á styttigar fornra hreppanafna sem eru með öðrum hætti en hér, t.d. *Skálmarnesmúlahreppur* sem verður síðar *Múlahreppur*. Bæði nöfnin eru eftir sem áður formleg.

tveir, annar var umhverfis Kvosina en sá lengri bætti Hverfisgötu og Laugavegi við. Nafnið er auðvitað dregið af danska orðinu „rundt“ sem merkir ‘í kringum’. Svo virðist sem málhreinsunarmenn hafi all- veg gleymt að finna íslenskt heiti á þetta fyrirbæri. *Heiti lækurinn* eða *Volga* í Nauthólvík er nú horfinn en hafði mikið aðdráttarafl seitn á 20. öld, meðal fjölskyldufólks um helgar og unga fólksins á kvöldin. Á sama stað hefur nú Ylströndin tekið við hlutverkinu. Nafn Skothús- vegað vísar til gamals óformlegs örnefnis. Skotfélag Reykjavíkur átti hús þar sem nú er Suðurgata 35. Það var í daglegu tali kallað *Skothúsið* en hét að réttu „Reykjavigs Skydeforeningars Pavillon“ upp á dönsku.

Nöfnin sem hér hefur verið rætt um í sjö flokkum eru flest frá 19. og 20. öld og mörg orðin býsna gömul. En hvað er hægt að sjá langt aftur í tímann þegar óformleg örnefni eru annars vegar og hvernig gengur að halda nýjum nöfnum til haga?

4 Fyrri tíð

Í fyrsta bindi Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru nokkur dæmi um örnefni sem hljóta upphaflega að hafa verið „óformleg“. Nokkur slík hafa verið í Vestmannaeyjum á þessum tíma (1913–1917:19 o.áfr.). Þar er t.d. getið um „húsmannahús“ sem gengur undir nöfnunum *Langi*, *Hnakkur* og *Bakrangur* og vísa líklega öll heitin til sköpulags hússins. Annað hús er kallað *Rass*. E.t.v. vísar það til staðsetningar. Önnur nöfn sem koma fyrir eru *Ásahús*, *Bumbuhús*, *Pumfeiarhús* (?), *Bylta*, *Pokra*, *Dularahús* og *Kelasonarhús*. Parna eru semsé nöfn sem vísa til útlits húsa eða staðsetningar (*Langi*, *Bakrangur*, *Rass*), til eigenda (*Ásahús*, *Kelasonarhús*), til lifnaðarháttar eða virðingarstöðu (*Pokra*). Óvist er hvað orðið „dulari“ merkir.¹² Sama gildir um *Pumfeiarhúss*. Í dönsku er til orðið „pumpern“ sem merkir ‘leysa vind’ en óvist að það eigi við hér. Á dönsku er „pumpernikkel“ svo nafn á mjög dökku rúgbrauði. Ekki er útilokað að húsið hafi staðið næri áðurnefndum Rassi.

Í öðru bindi Jarðabókarinnar (1918–1921:254–255) er getið um tvær hjáleigur Hörgsholts í Hrunamannahreppi Árn. Önnur var kölluð *þverspyrna*. Hin gekk undir a.m.k. fimm nöfnum sem öll eru tilfærð:

¹² Það kemur skv. ritmálssafni Orðabókar háskólans fyrir í *Kleyfsa* (Nucleus Latinitatis) eftir Jón Árnason (í samsetningunni „dularamanháttur“) og í *Íslenskum þjóðsögum* sem alnafni hans safnaði.

Vestannepjá, Mundatuðra, Háfress, Handarprýði, Skrautholt. Bærinn er farinn í eyði þegar jarðabókin er gerð en þar hafði áður Ingimundur nokkur búið við mikla fátækt í einhvern tíma. *Erill* er til sem hjáleiga frá Skarði í Landmannahreppi, *Látalæti* hét afbýli frá Hellum í sama hreppi og *Reiksarakot* (nú Rifshalakot!) var hjáleiga frá Vetleifsholti í Holtamannahreppi. Um merkingu „reiksara“ er alls óvist en e.t.v. merkir það ‘förumaður, flakkari’ (sá sem reikar).

Í íslensku manntölunum bregður til beggja vona með heiti á húsum í Reykjavík. Í manntalinu 1801 (1978:377–402) eru nöfn gefin upp á gömlu bæjunum kringum Reykjavík en þegar kemur að húsum í þorpinu eru aðeins gefnar upp hlaupandi tölur, frá 1–43. Í manntalinu 1845 (1982:424–458) eru nöfnin gefin upp en þá yfirleitt upp á dönsku. Þar er að finna nöfn eins og *Madam Knudsens hus, Fattighuset, Bradræde, Aunenaust*. Þegar um dönskuskotna mynd er að ræða er oft hægt að giska á íslensku myndina (Bradraðe=Bráðræði) en stundum er það ekki hægt. Er Fattighuset t.d. „Fátækrahúsið“ eða „Snauðakot“ eða eitthvað enn annað? Í manntalinu 1816 (1947:422–440) eru íslensk nöfn notuð eingöngu, t.d. *Ullarstofa, Stýrimannshúsið, Dúkskot, Litla-Landakot*, og eftir talsverðu að slægjast.

Gamlar heimildir um óformleg örnefni hafa ekki verið skoðaðar að ráði önnur en þau sem nefnd eru hér að framan. Raunar er ekki sennilegt að mikið hafi varðveist af slíku efni. Hugsanlegt er þó að eitthvað af slíkum nöfnum finnist í dómabókum eða öðrum gömlum skjöldum.

5 Lokaorð

Óformleg örnefni hafa að öllum líkindum verið til frá fornu fari á Íslandi en hæpið er að nokkuð af því elsta sé varðveitt. Þessi nöfn hafa nefnilega tilhneigingu til að hverfa án þess að skilja eftir spor. Dæmi finnast að vísu svo snemma sem í byrjun 18. aldar. Vísir að því er í Jarðabókinni, einkum þar sem þéttbýli er að myndast, í Reykjavík og Vestmannaeyjum, enda er á slíkum stöðum líklegast að óformleg örnefni myndist – þetta eru nöfn sem krefjast ákvæðins mannfjölda.¹³

¹³Ónefndur yfirlesari þessarar greinar bendir á að svipað hafi getað gerst á stórbýlum þar sem oft voru kot og hjáleigur. Hann tekur dæmi af *Miklagarði*, koti frá Staðarholi í Dölu, þar sem Steinn Steinarr ólst upp síðar. Nafnið er sennilega valið kotinu til háðungar.

Í greininni var bent á að óformleg örnefni væru n.k. gælunöfn fyrir staði á sama hátt og fyrir menn. Rætt var um tilhneigingu til að uppræta óformleg örnefni sem orðið hafa almenn (Klambratún). Farið var yfir fjölda örnefna frá Reykjavík og hann flokkaður eftir eigindum. Dálitið hefur verið minnst á erfiðleika við að safna eldri óformlegum nöfnum úr heimildum. Það er þó hátið við hliðina á nýlegum slíkum nöfnum. Staðreyndin er auðvitað sú að nöfn af þessu tagi hafa átt erfitt uppdráttar þegar kemur að birtingu og varðveislu.¹⁴ Blogg er að vísu vænleg uppsprettu þar sem málsniðið er yfirleitt óformlegt en textamagnið er auðvitað óskaplegt.

Ritaskrá

- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1913–1917. *Jarðabók I. Kaupmannahöfn*: Hið íslenska fræðafélag.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1918–1921. *Jarðabók II. Kaupmannahöfn*: Hið íslenska fræðafélag.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1923–1924. *Jarðabók III. Kaupmannahöfn*: Hið íslenska fræðafélag.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1943. *Jarðabók XI. Kaupmannahöfn*: Hið íslenska fræðafélag.
- Einar S. Arnalds. 1989. *Reykjavík. Sögustaður við Sund 4*. Lykilbók. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. 4. útg. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Google*: www.google.is. Miklatún, -i, -s; Klambratún, -i, -s. Leit gerð 11. mars 2009.
- Halldór Laxness. 1979. Ónöfn. *Vettvangur dagsins*. 3. útg. (1. útg. 1942). Reykjavík: Helgafell.
- Haraldur Bernharðsson. 2006. Gás, gæs og Gásir, Gásar. Brot úr hljóðsögu og beygingarsögu. *Orð og tunga* 8:59–91.
- Haraldur Bernharðsson. 2008. Lokal markerethed i islandske stednavne. Í: Guðrún Kvaran, Hallgrímur J. Ámundason, Jónína Hafsteinsdóttir og Svavar Sigmundsson (red.). *Norræn nöfn – Nöfn á Norðurlöndum. Hefðir og endurnýjun*, bls. 205–215. NORNA-rapporter 84. Uppsala: NORNA-förlaget.

¹⁴Spurt var um óformleg örnefni í útvarpsþættinum *Vitt og breitt* í ríkisútvarpinu, einkum rólönöfn, en það skilaði engum svörum.

- Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978. [Júníus Kristinsson (útg.).] Reykjavík: Ættfræðifélagið.
- Manntal á Íslandi 1816.* I. 1947. [Guðni Jónsson (útg.).] Reykjavík: Ættfræðifélagið.
- Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982. Bjarni Vilhjálmsson (útg.). Reykjavík: Ættfræðifélagið.
- Nuessel, Frank. 1992. *The Study of Names. A Guide to the Principles and Topics.* Westport, Connecticut, London: Greenwood Press.
- Páll Líndal. 1986–1988. *Reykjavík. Sögustaður við Sund 1–3.* Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.
- Svavar Sigmundsson. 1997. Íslensk örnefni. Í: Turíð Sigurðardóttir og Magnús Snædal (ritstj.). *Frændafundur 2*, bls. 11–21. Tórshavn: Føroya Fróðskaparsetur.
- Svavar Sigmundsson. 2001. De isländska ortnamne flyttar till stan. Í: Gunnilla Harling-Kranck (red.). *Namn i en föränderlig värld*, bls. 304–311. Studier i nordisk filologi 78. Helsingfors: Svenska litteratursällskabet i Finland.
- Svavar Sigmundsson. 2003. Navne på de administrative inddelinger i Island. Í: Åse Wetås og Tom Schmidt (red.). *Gustav Indrebø og norsk namnegranskning*, bls. 11–24. Oslo: Seksjon for namnegranskning, Universitetet i Oslo.
- Svavar Sigmundsson. 2009. Um örnefnaskýringar. Í: *Orð og tunga* 12:55.
- Pórhallur Vilmundarson. 1997. Om islandske gadenavne. Í: Vikebe Dalberg og Bent Jørgensen (red.). *Byens navne. Stednavne i urbaniserede områder.* Rapport fra NORNAAs 24. Symposium i København 25.–27. april 1996, bls. 171–184. Uppsala: NORNA-Förlaget.

Lykilorð

örnefni, óformleg örnefni

Keywords

place names, informal place names

Abstract

The topic of this paper is informal place names in Reykjavík. The difference between formal and informal names is discussed and pointed out that places as well as

people can have nicknames. Informal place names in 19th and 20th century Reykjavík is examined and comparison made with older times. The informal place names are divided into 7 categories and each is described. Problems with sources and preservation of names are dealt with and a note made about informal place names having a tendency to disappear without a trace.

Hallgrímur J. Ámundason

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum / Háskóli Íslands

Neshaga 16

IS-107 Reykjavík

hja@hi.is

Svavar Sigmundsson

Um örnefnaskýringar

1 Inngangur

Í þessari grein verður reynt að svara því hvert sé meginviðfangsefni örnefnafræði. Það er ljóst að örnefni eru orð af sérstöku tagi. Fræðilegur vandi þeirra sem fást við orðfræði er að skýra merkingu þeirra og notkun. Hið sama á við um örnefni. Grundvöllur þess að fjalla um þau fræðilega er að reyna að skilja merkingu þeirra þegar þau urðu til og hugsanlega merkingarbreytingu í tímans rás. Merkingin og leit að skýringum á örnefnum er sérstakt fræðilegt viðfangsefni sem hlýtur að kalla á umfjöllun á borð við þá sem hér er fengist við.

Hvað er örnefni? Það er orð, oftast nafnorð sem ekki er samnafn heldur sérnafn á ákveðnum stað. Það hefur ekki lengur almenna skírskotun til ýmissa staða heldur á við einn einstakan og hefur þannig orðið nafn. Eins og orðið er hluti af orðasafni (lexikoni) málsins er nafnið hluti af nafnasafni (onomastikoni) þess.

Hlutverk örnefnafræði (toponymy) er fyrst og fremst að skýra örnefni, þ.e. að reyna að skilja og túlka einingar málsins sem þar er að finna. Þessi skilningur er forsenda þess að þær upplýsingar sem örnefrin gefa geti gagnast örnefnafræði og öðrum málfræðilegum greinum. Örnefnafræði er fyrst og síðast grein málfræði þar sem aðferðafræðin ákvarðast af því að rekja orðsifjar. Innan hennar hafa þó þróast eigin aðferðir sem að sumu leyti eru öðruvísí en venjulegar málfræðilegar aðferðir. Það er að nokkru vegna þess að nöfn hafa sérstöðu í málínu yfirleitt. Einnig er hefð fyrir ákveðnum tengslum við aðrar

fræðigreinar, m.a. sagnfræði og fornleifafræði, en á síðari tínum við náttúrvísindalegar og jafnvel raunvísindalegar greinar.

Í sögulegri grein eins og örnefnafræði oft er, er hvorki hægt að sanna né afsanna tilgátur. Það er ekki hægt að spryrja nafngjafann eða -gjafana hvað honum eða þeim bjó í hug þegar þeir gáfu örnefnið. Örnefnin eru minjar sem varðveist hafa í munnum legum og síðan skriflegum heimildum. Fræðimaðurinn sem ætlar að skýra örnefni þarf helst að leita uppi staðinn sem nafnið á við og síðan finna efni sem um hann fjallar og hann telur skipta máli til þess að reyna að túlka nafnið. Heimildirnar þarf að meta út frá aðferðum heimildarýni. Nýjar upplýsingar geta kallað á nýja tilgátu eða valdið því að breyta þurfi upphaflegri tilgátu. Tilgátur sem ekki hafa verið afsannaðar verða grundvöllur kenninga.

2 Forsendur örnefnaskýringa

Oddvar Nes, málfræðingur í Björgvin, setti fram í grein sinni Namnetolking (1987), eftirfarandi fjögur atriði sem gera þurfi kröfum um við skýringar á fornum örnefnum:

1. Forna nafnmynd ber að skoða í stafsetningarlegu textasamhengi eins og kostur er. Líta verður á nafnið út frá ritkerfi textans sem nafnið birtist í. Elstu örnefni í landinu eru eldri en elstu ritheimildir, en þó að málið hafi lítið breyst getur verið munur á upphafsmynnd nafns og elstu ritmynd.
2. Ritmyndin er borin saman við nútíðarframburð, ef hann er til, sem er mikilvægur til samanburðar, sérstaklega ef um mállyskur er að ræða.
3. Skoða verður málþróun á svæðinu sem örnefnið er á þegar það er metið.
4. Orðsifjagreiningin tekur mið af málinu sem talað er í landinu. Ef það gefur ekki niðurstöðu verður að færa leitina út til annarra germanskra mála og e.t.v. til indóevrópskra mála utan germaniska málsvæðisins. Við orðsifjaleit er mikilvægt að a) fara eftir viðurkenndum hljóðsögulegum reglum, b) gæta að merkingunni, og c) gera grein fyrir orðmynduninni (55).

Bæta má við 5. skilyrði við nafnskýringu eða nafntúlkun en það er að nafnið verður að eiga við staðhætti. Nauðsynlegt er að ganga úr skugga um það eftir því sem við verður komið. Bær hafa verið fluttir og mörg búsetunöfn hafa upphaflega verið nöfn á stöðum í náttúrunni eða óbyggðri landspildu. Taka verður tillit til landhækkunar eða landsigs, framræslu eða ræktunar o.s.frv. Ef örnefni hefur forlið sem táknað gróður eða dýr verður að sýna fram á að gróður- eða dýrategundin hafi átt þar vist þegar nafnið var gefið (SOL, 11).

Þegar skýrt hefur verið út hvaða málæiningar eða orð eru í örnefninu er næsta skref að koma með „merkingarlega nafnskýringu“ (namnsemantisk tolkning), þ.e. að reyna að gefa skýringu á því hvaða merkingu nafngjafinn lagði í örnefnið þegar hann gaf það. Merking einstakra nafnhluta getur verið augljós en merking nafnsins óljós. Við getum tekið nafnið Mælifell sem dæmi. Við vitum hvað so. mæla merkir sem er líklegast að liggi að baki forliðnum, og við vitum hvað fell er, en við vitum ekki vel hvað þau merkja saman í nafninu Mælifell. Er það fell sem staða sólar er mæld við á ákveðnum tíma, þ.e. eyktarmark, fell sem menn mæla áttina við, þ.e. átta sig eftir, t.d. á ferð, eða e.t.v. fell sem vegalengd er mæld út frá. Eins og við vitum getur verið erfitt að finna réttu skýringuna af því að erfitt er að setja sig inn í aðstæður og mál og málnotkun löngu liðins tíma. Takmarkið er að finna sennilegustu skýringuna sem fellur að þeim skilyrðum sem sett voru fram hér að framan.

Þegar forn örnefni eru annars vegar getur það verið samvinnumerkfni margra fræðigreina að komast að ástæðum nafngjafar og merkingu nafns þegar það var gefið. Það getur verið samvinna nafnfræðings, fornleifafræðings, sagnfræðings, menningarlandafræðings og frjókornafræðings svo að nokkrir fræðingar séu nefndir. Landslag breytist á löngum tíma. Hér suðvestanlands hefur orðið landsig sem gerir tjarnir nærri sjó að víkum, Bessastaðatjörn og Seltjörn, svo að dæmi séu nefnd. Aldur byggðar er hægt að tímasetja með landfræðilegum og jarðfræðilegum aðferðum og aldur bæjanafna eftir því. Þó þarf bær ekki að hafa boríð sama nafn alla tíð. Nöfn geta breyst eða nafnkipti farið fram af ýmsum ástæðum. Ekki er alltaf hægt að treysta því að nafn hafi verið nýtt eða nýmyndað á staðnum, heldur getur það verið til komið eftir þekktri fyrirmynnd, fyrir áhrif frá öðru örnefni (analogi). Staður getur verið skírður í höfuðið á öðrum stað (uppkallelse) og það nafn þarf ekki að vera norrænt. En oftast gefa

staðhættir tilefni til nafnsins, t.d. bæjarnafnið Uppsalir hér á landi, þó svo að staðurinn í Svíþjóð gæti verið fyrirmund nafnanna.

3 Eldri nafnskýringar

Í íslenskum ritum frá eldri tíma er fátt um örnefnaskýringar, en Arngrímur lærði Jónsson segir í *Crymogæu* 1609 um Breiðafjörð eða Faxaós: „Þessi fjörður var síðar kallaður Hafnafjörður vegna fjölda hafna; þetta heiti er nú sérstaklega notað um öruggustu höfninga innan þessa fjarðar, Hafnafjörð“ (Arngrímur Jónsson 1985:77).

Ég get ekki látið hjá líða að nefna skýringu Árna Magnússonar í riti sínu *Chorographica islandica* (Staðalýsing Íslands) á örnefninu Leikvöllur í Flóamanna afrétt. Hann segir: „Er sléttur völlur og svo kallaður af því að Flóamenn ... halda þar glímur og aðra skemmtan með rímnakveðskap og öðru þvílíku“ (Árni Magnússon 1955:43).

Örnefnafræðin er ung hér á landi eins og reyndar í öðrum löndum Evrópu. Nokkur tími leið þar til menn náðu fræðilegum tökum á greininni og öðluðust þá aðferðalegu færni að niðurstöður urðu annað en hreinar ágiskanir. Það er því ekki fyrr en undir lok 19. aldar að menn ná svo langt að hægt er að tala um fræðileg vinnubrögð á þessu sviði.

Elsta fræðilega greinin um íslenskt örnefni er frá 1881. Hana birti Björn M. Olsen í *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* í Kaupmannahöfn. Hún fjallaði um bæjarnafnið Undirfell eða Undunfell í Vatnsdal. Björn skýrði fyrri lið nafnsins sem orðið undorn 'dagmál' eða 'nón' og að fellið hefði verið eyktamark frá nálægum bæ sem kominn var í eyði.

Björn skrifaði einnig grein í *Skírni* 1910, „Rannsóknir um örnefni á Norðurlöndum“. Hann gerir þar í fyrsta skipti grein fyrir gildi íslenskra örnefnarannsókna og markmiði þeirra. Eftir að hafa lýst helstu rannsóknum á örnefnum á Norðurlöndum og árangri þeirra segir hann:

„Enn hvað gerum við Íslendingar?... Er þá ekkert á íslenskum örnefnum að græða firir íslenska tungu og íslenskt þjóðerni? Jú, stórmikið! Mörg af þeim hafa að geima eldgömum orð og mannanöfn, sem annars eru tínd úr málinu, mörg varpa skæru ljósi ifir lifnaðarháttu og siðu feðra vorra. Mörg eru að vísu svo ljós, að þau þurfa lítillar eða engrar skíringar við, enn aftur eru sum svo mikr og sum svo afbök-

uð orðin í munni manna; að rjett skíring er mjög vandasöm og svo miklum erviðleikum háð, að þeir verða ekki ifir stignir, nema beitt sje öllum þeim vopnum sem vínsindi nútímans eiga ifir að ráða“ (Björn M. Ólsen 1910:367).

Áður en þetta er ritað hafði sr. Eggert Ó. Brím skrifað langa ritgerð á dönsku sem hann nefndi „Om islandske gårdsnavne på -staðir“ og líklega sent hana til Finns Jónssonar í Kaupmannahöfn og ætlað honum að koma henni til birtingar þar. Eggert lést 1893. Finnur kom ritinu ekki á framfæri en birti sjálfur rit sitt Um bæjanöfn á Íslandi á árunum 1910–15. Það var grundvallarverk, þó að það væri yfirlitskennt og í það vantaði mörg bæjanöfn, sérstaklega þau sem höfðu -kot og -hjáleiga að síðari lið. Líklegt er að Finnur hafi haft rit Eggerts undir höndum með sínum skýringum, þó að hann vitni hvergi til þess, en handrit Eggerts kom úr fórum Finns eftir hans dag til Landsbókasafns. Í riti Eggerts eru rakin bæjanöfn sem hafa -staðir að síðari lið, alls 862 nöfn eða nafnmyndir, eftir ýmsum heimildum. Skýringar eru nánast allar á sömu lund, að mannsnafn eða viðurnefni sé í forlið -staða-nafnanna. Á einum stað lætur höfundur þá skoðun í ljós að það sé síðar til komið að kenna bæina við náttúruna eða „terrainforhold“, mannsnafnið sé hið upphaflega. Það er um nafnið Hraunastaðir, sem hanri telur hafa verið Kraunastaði upphaflega, og þá Krauni sem mannsnafn. „Da man begyndte at sætte terrainforhold i forbindelse med staðir, lå, i et så 'hraun'rigt land som Island en sådan forandring meget nær“ (88–89). Þetta er alveg öfugt við náttúrunafnakenninguna. Hér er á ferðinni hrein mannanafnakennung. Eggert er barn síns tíma í þessum efnum og fylgir alþýðlegri hefð í skýringum sínum. En greinin er mikilsverður áfangi, af því að hún er fyrsta tilraun til að fjalla um heilan flokk íslenskra bæjanafna á skipulegum hátt (Svavar Sigmundsson 2000). Finnur Jónsson fylgir í rauninni sömu hefð að skýra marga forliði bæjanafna með nöfnum manna þó að það sé ekki eins eindregið og hjá Eggerti.

Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður birti alllanga ritgerð „Rannsóknir og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi“, í Árbók Fornleifafélagsins 1923. Hann skrifaði í ævisögu sinni: „Lagði ég mikla vinnu í ritgerð þessa, enda hygg égg, að þar sé réttilega ráðið fram úr mörgum vafaatriðum um bæjanöfn hér á landi og rannsókn þessi í heild sinni sé bæði nauðsynleg og allmikilsverð, er geti orðið góður grundvöllur undir enn ýtarlegri rannsókn síðar meir“ (Hannes Þor-

steinsson 1962:390). Af þessu spannst mikil deila milli Finns og Hannesar á árunum 1924–26, þar sem Finnur álasaði Hannesi fyrir að nota skýringar úr sínu verki, og svo gengu klögumálin á víxl.

Birna Lárusdóttir hefur gert grein fyrir þessari deilu í *Árbók Fornleifafélagsins* 2004–2005, þar sem hún einnig tekur fyrir skýringar Margeirs Jónssonar, alþýðlegs fræðimanns, á bæjanöfnum, en hann skrifaði um „Torskilin bæjanöfn á Norðurlandi“ á 3. áratugnum (Margeir Jónsson 1921–1933).

Bæjarnafnið *Íbishóll* er í fyrrum Staðarhreppi í Skagafirði, sem hefur verið skrifað með ýmsum hætti, t.d. *Ypishóll* í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (IX:89). Finnur taldi að forliður væri e.t.v. mannsnafnið *Ípir*, sem hann telur að gæti verið útlent nafn, og setur þó spurningarmerki við þessa skýringu sína. Hannes taldi að nafnið gæti verið upphaflega *Ýbeygishóll*, þar sem *Ý* væri af *ýr* 'bogi' en útskýrir það ekki nánar. Margeir hafnaði þessum skýringum báðum og taldi að nafnið hefði verið *Íbeitshóll* í upphafi enda sé framúrskarandi beitarlund á jörðinni, ekki síst á hól einum ofan bæjar þar sem nánast aldrei taki fyrir beit, jafnvel í miklum harðindavetrum (Margeir Jónsson 1989: 214). Orðið *íbeit* þekkir hann að vísu ekki en að benda megi á orðin *ítak* og *ítalá* til samanburðar. Margeir leggur því til að ritað verði *Íbeitshóll*. Þessar mismunandi skýringar þeirra þriggja þar sem engin virðist óyggjandi sýna að þeir Finnur og Hannes eru kanskje bundnari af málfræðilegum og sögulegum sjónarmiðum en Margeir aftur bundnari náttúrunni og viðhorfi bónadans og eins er hann málstýringarmaður meiri en þeir. Persónulegar deilur og hnútukast þeirra Finns og Hannesar settu svip á þessa umræðu. Birna orðar það svo að þessi skýringarit þeirra séu „frumkvöölaverk á sínu sviði hér á landi og gefa einnig vísbindingu um tíðarandann og hvernig menn sáu bæði sögu og náttúru endurspeglast í bæjanöfnum í árdaga örnefnafræða á Íslandi“ (Birna Lárusdóttir 2007:98).

4 Vandi við örnefnaskýringar

Það er allur fjöldi af bæjanöfnum á Íslandi sem ekki er skýrður á viðunandi hátt enn þann dag í dag. Það er af því að rithættir nafnanna eru mismunandi á ýmsum tínum, og ekki er auðvelt að vita hver myndin er upphaflegust. Ýmsir nafnliðir eru sjálfsgagt horfnir úr málinu annars og ekki alltaf gerlegt að finna samsvarandi orð eða nöfn í skyld-

um málum. Við skýringu þarf að gera ráð fyrir að nafn geti haft aðra merkingu en orðabókarmerkingu á þeim tíma sem nafnið var gefið, þ.e. fyrir einhverja málnotendur á ákveðnu tímabili á ákveðnum stað. Sem dæmi um það má nefna bæjanöfnin *Saura* og *Saurbæ*, þar sem saur merkir 'mýri, votlendi'.

Ýmsir leggja áherslu á að það sé einkenni nafnfræðinnar og það sem geri hana að sérstakri grein sé þetta viðfangsefni hennar að greina nafnmyndunaratvikið. Það þarf ekki aðeins að skýra nafnið málfræðilega heldur líka að skilja það í myndunarsamhengi sínu. Sænskur nafnfræðingur, Stefan Brink, hefur lagt áherslu á þessa two þætti nafnfræðinnar: orðmerkingargreininguna og nafnmerkingargreiringuna. Skoðun hans er sú að nafnfræðin sé málfræðileg í þeim skilningi að hún fjalli um mállegar heimildir og noti málfræðilegar heimildir. En efniviðurinn er menningarsögulegur og markmiðið með rannsóknunum er menningarsögulegt og samfélagssögulegt. Nöfnin eru meðal þeirra heimilda sem varpað geta ljósi á manninn og athafnir hans. Rannsókn á smáatriðum á að leiða til heildarsýnar og nafnfræðingur á að þora að koma fram og leggja fram syntesu, segir Stefan Brink (1992–93:27).

Þetta gerði Þórhallur Vilmundarson þegar hann kom fram á 7. áratugnum með náttúrunafnakenningu sína, m.a. um -staða-nöfnin, um að staðhættir ættu mun meiri hlut í forlið þeirra en mannanöfn væri þar helst ekki að finna (1999:136 o.áfr.). Þá hafði endurskoðun á forlið staða-nafnanna verið í gangi á Norðurlöndum um árabil. Menn höfðu oftúlkað mannanöfn í þessum flokki nafna, svo að vissrar endurskoðunar var þörf. En annað mál er það að skýringagleðin í anda kenningarinnar gekk of langt. Upphaflega var um að ræða leiðsögutilgátu en hugmyndin varð fljótlega að grunnmúraðri kenningu. Hún gerði ákveðið gagn og vakti athygli á örnefnum og mikil heimildavinna var unnin sem birtist í *Grímn* á árunum 1980 o. áfr. Það sem er varasamt við allar örnefnaskýringar er að örnefnin gefa svo litlár upplýsingar að þau gefa færí á miklu hugarflugi.

Alltaf hafa verið til svonefnar alþýðuskýringar á örnefnum en slíkar skýringar eru nú nefndar merkingartulkun. Málnotendur leitast þá við að tengja framandleg orð í örnefnum við kunnuglega orðliði sem þeir þekkja í málinu. Við það skapast fölsk merkingartengsl.

Eitt af því sem menn grípa til þegar skýringar á örnefnum þrýtur, er keltnesk mál, og þá írska nærtækust. Það eru einkanlega áhuga-

menn um keltnesk mál sem koma fram með slíkar tilgátur en ekki málfræðingar. Menn hafa lag á að finna í orðabókum um keltnesk mál eitthvað sem minnir á íslensk örnefni og freistast þá til þess að ætla að þeir hafi fundið lausnina. Fæst af þessum skýringartilgátum kemur á prenti en Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur skrifaði t.d. um tilgátur sínar í *Múlaping*, austfirskt tímarit. Skýring Freysteins á nafninu *Beinageitarfjall* í N-Múl. er að það sé keltneskt, og merki nánast 'Dyrfjöll', en þá þarf að gera ráð fyrir að nöfnin hafi víxlast á þessum tveim nágrannafjöllum á milli Borgarfjarðar eystri og Héraðs (Freysteinn Sigurðsson 2000).

Þó að eitthvað hafi borist hingað af keltneskum örnefnum á landnámstíð er meginhluti örnefnanna af norrænum rótum og verður að ganga út frá því við skýringar. Sum örnefnin fluttu landnámsmenn með sér þó að þeir vissu kannske ekki alltaf hvað þau þýddu upphaflega. Í Noregi eru örnefni sem eru svo gömul, t.d. sum eyjaheiti og árheiti, að þau eru ekki nauðsynlega af norrænni rót og þá kemur fyrir lítið að koma með skýringar á þeim út frá norrænni málsögu.

5 Miðlun skýringa

Síðasta áratuginn hef ég fengist við að taka saman skýringar á örnefnum. Vísindavefurinn í Háskóla Íslands hefur beðið um svör við ákveðnum spurningum og hefur verið reynt að leysa úr því. Eins hafa fyrirspurnir í síma og tölvupósti kallað á ýmsar samantektir á svörum til að gefa skýringar. Yfirleitt er fólk áhugasamt um að fá skýringar og tekur þeim vel.

Íslenskar orðabækur hafa ekki tekið upp örnefni að neinu marki. Aðeins orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar (1989) hefur talsverðan fjölda örnefna sem honum þóttu vandskýrð. Þar vantar að vísu oftast tilvísanir til staðanna sem nöfnin eiga við. Í ritmálsskrá Orðabókar Háskólans er allmög örnefni að finna en það hefur verið tilviljun fremur en ásetningur hvað hefur verið skráð þar, og veit ég að Ásgeir Blöndal sá eftir því að ekki skyldi betur sinnt þeim þætti orðaforðans við orðtökuna. Ýmsir orðabókamenn telja að nöfn eigi ekki erindi inn í almennar orðabækur, svo að þá er lausnin að koma þeim á framfærri í sérstökum orðabókum.

Á meginlandi Norðurlanda eru nú komnar út uppflettibækur um helstu örnefni, í Noregi (NSL 1976), í Danmörku (SNO 1994), í Svíþjóð

(SOL 2003) og í Finnlandi (SP 2007). Bækurnar þrjár úr skandinavísku löndunum, einkum þó sú norska, koma að gagni við skýringar á örnefnum okkar. Í örnefnaorðabók er nauðsynlegt að reyna að geta þeirra skýringakosta sem til eru og taldir eru skipta máli fyrir skýringuna og hefur orðið að taka mið af ýmsum kenningum um uppruna örnefnanna eins og nærrí má geta. Að sánsku örnefnabókinni stóðu 10 höfundar. Einn höfundur er að dönsku uppflettibókinni en að þeirri norsku eru þeir níu en aðalhöfundar tveir.

Á undanförnum árum hefur orðið til hjá mér efni sem fyllt gæti uppsláttarbók um örnefni með tilraunum til skýringa og almennum skýringum sem settar hafa verið fram í ýmsum greinum og bókum á síðustu áratugum. Vonandi kemur hún út innan ekki allt of langa tíma (Svavar Sigmundsson 2008).

Það sem gerir alla skýringavinnu við örnefni seinlega hér á landi er hversu mikil vinna fer í að fletta í heimildaritum til þess að finna elstu ritheimildir, af því að þau hafa ekki verið nafntekir. Til þess að athuga einstakt örnefni getur það kostað uppflettingar í 16 bindum af Íslenskum fornritum, 16 bindum af Fornbréfasafninu, 17 af Alþingisbókunum, 13 af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og 15 bindum af Sýslu- og sóknalýsingum, auk nafnaskráa um annála, Sturlungu og þjóðsagnasöfn. Það gerir um 80 bindi. Ekki er alltaf að treysta þessum útgáfum og þarf þá að fletta í stafréttum útgáfum eða fara í handritin sjálf af því að filólógiska skráningu vantar á nafnmyndum. Mikið af óutgefnum skjölum, vísitasíum og bréfabókum í handritum er ókannað í því skyni að finna þar örnefni með ýmsum forvitnilegum rithætti. Sama er að segja um útgefin kort jafnt sem óutgefin að ekki hefur verið skráð hvaða nöfn eru á þeim. Sama er að segja um talsverðan hluta örnefnaskráanna í örnefnasafni stofnunarinnar, þann hluta sem ekki hefur verið tölvuskráður enn. Ekki er auðvelt að finna í þeim nema með mikilli leit og flettingum. Því er brýnt að hraða því að tölvuskrá þennan efnivið til þess að gera hann leitarbærar. Þegar því lýkur verður auðveldara að gera sér grein fyrir örnefnunum í heild sinni og fá þá yfirsýn sem nauðsynleg er til þess að hægt sé að koma fram með sem bestar skýringar á þeim.

6 Lokaorð

Í greininni er fjallað um örnefnafræði og forsendur hennar, þ.e. örnefnaskýringar og hvers þurfi að gæta þegar örnefni eru túlkuð. Rakin eru dæmi um eldri örnefnaskýringar úr íslenskum ritum og nefnd elstu fræðiskrif um íslensk örnefni. Síðan er fjallað um deilur þriggja fræðimanna frá 3. áratug 20. aldar um merkingu ýmissa bæjanafna. Í sérstökum kafla er fjallað um vandann við örnefnaskýringar, m.a. um náttúrnafnakenningu Þórhalls Vilmundarsonar og tilraunir til að skýra íslensk örnefni út frá keltneskum málum. Að síðustu er svo gerð grein fyrir miðlun örnefnaskýringa til almennings með birtingu á netinu. Þá er sagt frá fyrirhugaðri útgáfu sérstakrar uppfletribókar um örnefni sem höfundur hefur unnið að og takmörkunum á aðgengi að íslenskum örnefnum til rannsókna vegna skorts á skrásetningu nafnmynda úr eldri heimildum, útgefnum jafnt sem óútgefnum.

Örnefnaskýringar eru meginforsendur örnefnafræði. Fræðilegar skýringar á íslenskum örnefnum hafa verið stundaðar síðan um 1880 án þess að vera sérstök kennslugrein í háskóla. Þær hafa gengið í gegnum ýmsar stefnur í gegnum tíðina og aðstæður til að stunda þær hafa verið misjafnlega góðar, m.a. hefur aðgengi að rannsóknargögnum verið ýmsum annmörkum háð. Þeir sem stundað hafa skýringarnar hafa oft gert það í hjáverkum með öðrum störfum og fræðilegar forsendur þeirra hafa verið misjafnar. Hlutverk þeirra sem stunda örnefnafræði er að keppa að því að komast að sem réttastri niðurstöðu um merkingu örnefna og miðla henni til annarra fræðimanna heima og erlendis og almennings í landinu.

Heimildir

- Arngrímur Jónsson. 1985. *Crymogæa*. Þættir úr sögu Íslands. Safn Sögufélags. Þýdd rit síðari alda um Ísland og Íslendinga 2. bindi. Reykjavík: Sögufélag.
- Árni Magnússon. 1955. *Chorographica islandica*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag. Safn til sögu Íslands. Annar flokkur I.2.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1930. *Jarðabók*. Níunda bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðasifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

- Birna Lárusdóttir. 2007. Bæjanöfn brotin til mergjar. Í: *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 2004–2005*.
- Björn M. Ólsen. 1881. Et islandsk stedsnavn. Í: *Aarbøger for nordisk Old-kyndighed og Historie*.
- Björn M. Ólsen. 1910. Rannsóknir um örnefni á Norðurlöndum. Í: *Skírnir* 84. Bls. 365–367.
- Brink, Stefan. 1992–93. Var står onomastiken idag ? En epistemologisk betraktelse. Í: *Namn og nemne. Tidsskrift for norsk namnegranskning* 9/10. Bls. 7–30.
- Eggert Ó. Brím. *Om islandske gårdsnavne på -staðir*. Lbs. 3916, 4to.
- Finnur Jónsson. 1907–15. *Bæjanöfn á Íslandi*. Safn til sögu Íslands. Fjórða bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið ísl. bókmentafélag.
- Freysteinn Sigurðsson. 2000. Gelísk örnefni á Austurlandi. Í: *Múlabing* 27:64–67.
- Grímnir. Rit um nafnfræði 1–3. 1980–1996.
- Hannes Þorsteinsson. 1923. Rannsóknir og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi. Í: *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1923.
- Hannes Þorsteinsson. 1962. *Sjálfsvævisaga*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Margeir Jónsson. 1921–33. *Bæjanöfn á Norðurlandi*. Rannsókn og leiðréttigar. [I] Torskilin bæjanöfn í Skagafjarðarsýslu. Akureyri 1921. II) Torskilin bæjanöfn í Húnavatnsþingi. Akureyri 1924. III) Bæjanöfn á Norðurlandi. Eyjafjarðarsýsla. Reykjavík 1929. IV) Bæjanöfn á Norðurlandi. Þingeyjarsýslur.] Reykjavík.
- Margeir Jónsson. 1989. *Heimar horfins tíma. Rannsóknir og sagnir úr safni Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum*. Friðrik Margeirsson og Hjalti Pálsson sáu um útgáfuna. Skagfirzk fræði. Sauðárkrókur.
- Nes, Oddvar. 2008. Namnetolking. Í: *Nes om namn. Heidersskrift til Oddvar Nes på 70-årsdagen 27. desember 2008*. Bergen 2008. [Áður pr. í *Maal og Minne. 1987: 55–66.*]
- NSL = Norsk stadnamnleksikon. 1976. Red. av Jørn Sandnes og Ola Stemshaug. Oslo: Det Norske Samlaget.
- SNO = Bent Jørgensen. 1994. *Stednavneordbog*. København: Gyldendal. [2. udg. af Dansk Stednavneleksikon. 1981–83.]
- SOL = Svenskt ortnamnlexikon. Redaktör: Mats Wahlberg. Uppsala: Språk- och folkminnesinstitutet. 2003.

- SP = *Suomalainen paikannimikirja*. 2007. [Aðalritstjóri] Sirkka Paikkala. Helsinki: Karttakeskus.
- Svavar Sigmundsson. 2000. Oluf Rygh og islandsk stednamnforskning. Í: *Oluf Rygh. Artikler om en foregangsmann i humanistisk forskning*. Ed. av Berit Sandnes, Jørn Sandnes, Ola Stemshaug og Lars F. Stenvik. NORNA-rapporter 70 A. Uppsala: NORNA-FÖRLAGET.
- Svavar Sigmundsson. 2008. Dictionary of Icelandic Place Names. Í: *Proceedings of the 21st International Congress of Onomastic Sciences. Uppsala 19–24 August 2002*. 4. Ed. Eva Brylla & Mats Wahlberg. Uppsala.
- Pórhallur Vilmundarson. 1999. Om islandsk stednavneforskning. Í: *Den nordiska namnforskingen. I går, i dag, i morgen*. Handlingar från NORNA:s 25:e symposium i Uppsala 7–9 februari 1997. Red. av Mats Wahlberg. NORNA-rapporter 67. Uppsala: NORNA-FÖRLAGET.

Lykilorð

Örnefni, örnefnafræði, bæjanöfn, orðsifjafræði, málsaga, nafnaorðabækur

Keywords

Place-names, onomastics, farm-names, etymology, language history, place-name dictionaries

Abstract

In the introduction to the article, place-names and their study are discussed in a general way, and then there is a discussion of some basic concerns and prerequisites in the interpretation of place-names.

Examples are given of some early place-name explanations in Icelandic writings along with a discussion of the earliest scholarly publications on Icelandic place-names, an article on Undirfell by Björn M. Ólsen (from 1881) and Eggert Ó. Briem's monograph on farm-names ending in *-staðir* (written sometime before 1893), and the debate of three scholars in the 1920's about the meaning of various farm-names.

A special chapter concerns various problems in place-name interpretation, *inter alia* Pórhallur Vilmundarson's 'nature-name theory' (náttúrunafnakenningin) and the identification of Celtic words in Icelandic place-names.

Finally, there is a discussion of how place-name interpretations are presented to the public via the Internet, for example in the column 'Place-name of the Month' on the home-page of The Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies. Mention is also made of the projected edition of a place-name handbook on which the author has

worked for the past decade and how access to Icelandic place-names for research purposes is limited owing to insufficient documentation of name-forms in older sources, published or not.

*Svavar Sigmundsson
Stofnun Arna Magnússonar í íslenskum fræðum / Háskóli Íslands
Neshaga 16
IS-107 Reykjavík
svavar@hi.is*

Torfi Hjartarson

Kennarinn og kennileitin

Örnefni í námsefni og skóla

1 Inngangur

Kennileiti þarf ekki bara að þekkja eða kannast við, þau má nálgast eða fást við á marga vegu. Þræðir nafnfræðinnar liggja víða og örnefni bjóða upp á mörg mikilsverð athugunarefni. Má í því efni vísa á vef Árnastofnunar (sjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: <http://www.arnastofnun.is>) en þar er gerð stutt grein fyrir viðfangsefnum sem lúta að örnefnum, söfnun og nafnfræði. Í skólastarfi hlýtur það að vera keppikefli kennara, þegar örnefnin eru annars vegar, að nemendur hafi ekki bara á hraðbergi sem flest og hagnýtust heiti á kennileitum heldur einnig að þeir rækti með sér almenna forvitni um örnefni; áhuga á uppruna þeirra, merkingu, tilvísunum eða þýðingu í málfræðilegu, sögulegu og félagslegu samhengi. Sama máli hlýtur að gegna um höfunda og útgefendur hvers konar námsefnis. Í þessari grein er leitast við að varpa ljósi á ýmis atriði sem gætu stuðlað að notadrjúgri og áhugavekjandi umfjöllun um örnefni í skólastarfi. Rætt er um hlutverk kennara hvað þetta varðar, fjallað um miðlun og upplýsingatækni í ljósi af hugsmíðahyggju, tekin nokkur dæmi af útgefnu námsefni handa grunnskólum og bent á möguleika sem felast í nýmiðlun á Veraldarvefnum.

2 Fagleg þversögn

Vafalítið eru örnefni ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar athygli er beint að viðfangsefnum kennara í dagsins önn. Kennrarar á öllum skólastigum standa frammi fyrir flóknum úrlausnarefnum dag hvern og þurfa í mörg horn að líta. Þó eru örnefnin ekki langt undan þegar grannt er skoðað og koma víða fyrir í námsefni af ýmsu tagi og á fleiri greinasviðum en ætla mætti við fyrstu sýn. Örnefni eða kennileiti af ýmsu tagi eru einn af ótal þáttum í því síkvika þekkingarneti sem þróast með nemendum á langri skólagöngu allt frá blautu barnsbeini fram á fullorðinsár. Erfitt er að meta hve mikil af þeim fróðleik lærist í skóla og hve mikil á öðrum vettvangi. Jafnframt er ljóst að kennrarar eru ekki alltaf öfundsverðir af sínu hlutskipti þegar kemur að því að ákveða hve mikla áherslu á að leggja á örnefnaforða eða viðfangsefni honum tengd. Um þetta gildir eins og svo margt annað í starfi skóla að kennrarar standa í hlutverki sínu frammi fyrir faglegri þversögn.

Annars vegar er kennurum ætlað að búa nemendur sína undir þátttöku í þekkingarsamfélagi þar sem skapandi hugsun, sveigjanleiki, ígrundun og vilji til breytinga eiga að vera í öndvegi. Þeir mega ekki binda nemendur í viðjar staglsins með áherslu á andlausán utanbókarlærdóm eða niðursoðinn þekkingarforða sem ekki endurspeglar nema að litlu leyti flókinn veruleikann. Hins vegar er þeim ætlað að bregðast við og draga úr neikvæðum áhrifum þekkingarsamfélags; neysluhyggju, skorti á samfélagsvitund, upplausn og félagslegum ójöfnuði (sjá Hargreaves, Andy 1997:105–106). Í því felst ásamt öðru að stuðla að sameiginlegum þekkingarforða og samhengi milli kynslóða, veita aðgang að menningarlegum gildum eða verðmætum og efla með nemendum ríka tilfinningu fyrir aðild að samfélagi. Hvað örnefnin snertir hljóta kennrarar að leitast við að mæta þessari þversögn með því annars vegar að vekja til umhugsunar um örnefni, kveikja áhuga og forvitni um hvers konar örnefni í öllu umhverfi nemenda og hins vegar að rækta með nemendum þekkingu á örnefnum eða kennileitum sem telja má nauðsynlegt eða heppilegt veganesti í frekara námi, lífi og starfi.

Efnahagslífið hefur kallað eftir traustri færni og þekkingu hvað snertir ýmsa grundvallarþætti en líka hugvitssemi, innsæi, tilfinningagreind, samskiptafærni og hvers konar teymisvinnu. Kennrarar verða að standa faglega að verki til að ná þeim árangri sem til er ætlast

og miklu varðar að þá skorti ekki hug eða traust á eigin getu til að að standa á eigin fótum og taka áhættu í starfi (sjá Fuglsang, Esben 2003:450–451). Þeir hafa mikinn stuðning af skýrri námskrá og markvissu námsefni en verða líka að leita leiða til að brjóta upp, vinna gegn stagli og vanahugsun, ögra nemendum með verðugum og áhugaverðum verkefnum sem vísa til margra átta og opna augu fyrir ótal möguleikum á hverju efnissviði. Samstarf kennara innbyrðis, skólanámskrá eða stefna skóla ásamt styrkri leiðsögn skólastjórnenda og annarra sem móta menntastefnu skipta miklu um árangur af slíkri viðleitni (sjá Fullan, Michael 2007).

3 Hver er helstu kennileitin?

Flest hljótum við, hvað sem líður kröfum um frumkvæði, innsæi eða skapandi hugsun, að fallast á að í skólastarfi með börnum og unglingu sé miðað að einhverjum grunni þekkingar og færni. Aftur á móti kann að reynast þrautin þyngri að tiltaka af einhverri nákvæmni hver sá grunnur eigi að vera. Ef horft er til örnefna hlýtur svarið hverju sinni að ráðast af aldri nemenda, greinasviðum eða samhengi og áherslum í námsefni, framvindu í samfélagi á hverjum tíma, tíðaranda og heimahögum svo að eitthvað sé nefnt. Umhverfi sem máli skiptir ræðst af viðfangsefnum og þeim sem við þau fást. Hvaða örnefni skipta máli þegar rætt er um landnám eða fornar söguhetjur við nemendur á barnsaldri? Hvaða kennileiti ættu nemendur að kannast við þegar unglingar kljást við mannkynssögu eða bókmenntir? Myndlist og matreiðslu, heimabyggð eða fjarlægar álfur? Einstök framkvæmd getur beint kastljósi að nýjum kennileitum, byggðir og fyrirtæki rísa og hníga og umhverfi teygir sig út á víðáttur ljósvaka og netheima. Hver eru kennileiti og heimahagar dagsins? Gætu það verið Ríkisútvarpið og Moggavefurinn *mbl.is*; vefleitarvélin *Google* og myndavefurinn *YouTube*; sjónvarpsþættir á borð við *Kastljós* og *Idol*; verslanir á borð við Hagkaup og Ikea?

Þegar horft er til nýrra möguleika eins og þeirra sem bjóðast á loftmyndavefsetrinu *Google Earth* (sjá <http://earth.google.com>) má spyrja að hvaða marki þeir nýtast án staðgóðrar þekkingar á kennileitum. Um leið og heimurinn skreppur saman verður mikilvægara en áður að nemendur átti sig í grófum dráttum á staðfræði framandi slóða og geti sett örnefni í notadrjúgt samhengi. Þeir þurfa að henda reiður á

óreiðunni sem skapast við ómælt aðgengi að upplýsingum. Í heima-
byggð getur svo umfjöllun um örnefni eða kennileiti opnað dýrmæt
tækifæri til að vekja nemendur til vitundar um rætur og sögu. Um-
fjöllun um ný örnefni og gæluheiti sem smám saman öðlast fastan
sess vekur skilning á sögulegu samhengi og kallar á spurningar um
gömul og viðtekin heiti í umhverfi okkar almennt. Pannig getur um-
fjöllun um lítt kunn kennileiti í hverfi, þorpi eða sveit leitt til frjórrar
og lærdómsríkrar vinnu sem verður nemendum gott veganesti í frek-
ari þekkingarleit.

4 Tól fyrir nemendur

Hugmyndir um kennslufræði falla að jafnaði undir tvö meginjónar-
mið eða stefnur sem kalla mætti kennsluhyggju og hugsmíðahyggju
(sjá Fuglsang, Esben 2003:449 og Jón Torfa Jónasson 2008:80–84). Sam-
kvæmt hugsmíðahyggju verður nám varla merkingarbært nema nem-
andi sé virkur, hafist að og glími við verkefni á sínum forsendum, þrói
með sér þekkingu á grunni fyrri reynslu, eigi samvinnu við aðra og
spegli sig í þeim, fáist við verkefni sem endurspeglar flókinn veruleik-
ann og hafi ígrundað hvað hann eða hún ætlar sér (sjá Jonassen, David
H, Kyle L. Peck og Brent G. Wilson 1999:7–11). Tæknin er í ljósi hug-
smíðahyggju tól fyrir nemendur til að afla þekkingar og byggja þekk-
ingu, til að greina og setja fram hugmyndir, lýsa skilningi og gildis-
mati, sýna sig og sjá aðra. Sjá þarf nemendum fyrir málulegum stuðn-
ingi eða vinnupöllum (e. scaffolds), hvatningu og vekjandi umhverfi.
Nemandinn þarf að fá og taka við ábyrgð, hafa hlutverki að gegna.
Hlutverk kennarans verður að leiðsegja, skilgreina úrlausnarefni og
veita góð ráð fremur en að kenna og hafa yfir fróðleik.

Merkingarbært nám í anda hugsmíðahyggju með hjálp tækni get-
ur samkvæmt ofangreindu falist í því að nemendur kanni víðáttur
Veraldarvefsins, hafi stuðning af sjónrænni skrásetningu og mynd-
rænni miðlun, nýti kosti margmiðlunar og gagnvirkni, hafi stuðning
af námssamfélagi, beiti öflugum verkfærum til greiningar á því sem
við er að fást hverju sinni og hafi greiðan aðgang að fyrirmundum,
leiðbeiningum og jafnvel leiðsegjandi mati. Þegar kemur að spurning-
um um menntun og hæfniskröfur þarf að hafa í huga að nám byggist
á sífelldri ígrundun, líta ber á fróðleik eða vitneskju sem ferli og halda
má á lofti að nám sé til að læra að læra. Hvað snertir skipan skóla-

starfs má svo segja að hugsmíðahyggjan kalli á opin vinnubrögð og sveigjanleika í námi. Tölvan sem miðill ætti að ýta undir samþættingu námsgreina, þemavinnu og opin verkefni. Hafa ber í huga að tengsl í tíma og rúmi breytast fyrir tilstuðlan tækninnar og hefðbundnu hlutverki eða áhrifasviði kennara er ögrað.

5 Hvað er átt við með námsefni?

Þegar rætt er um útgefið námsefni grunnskóla þarf að gera nokkurn greinarmun á efni eftir notkun og áherslum. Sumt efni má kalla kjarnaefni og liggur í miðjum straumnum þar sem flestir nemendur og kennrar koma við, annað efni er fremur jaðarefni sem stöku kennrar grípa til þegar svo ber undir. Sumu efni fylgir ítarefni af ýmsu tagi og vinnuefni er útbreitt. Þá má nefna verkefnahugmyndir eða kennsluleiðbeiningar og hvers konar handbækur eða uppfletti-efni. Kvíkmyndir, hljóðbækur, teikningar og ljósmyndir eiga sér hefð í skólastarfi og á seinni árum hefur stafrænt efni komið til sögunnar. Hver sem vill efla umfjöllun um örnefni í grunnskólum með útgáfu á námsefni stendur því frammi fyrir býsna flóknu vali um leiðir. Námsbækur, landakort, landabréfabækur og kortavefsjár koma fljótt upp í hugann en margt annað kemur til greina og getur hentað.

5.1 Dæmi um prentgögn

Fyrir um tveimur áratugum réðst ungar höfundur í það verkefni að skrifa tvær námsbækur fyrir miðstig grunnskóla um landafræði Íslands. Fyrri bókin hét *Land og líf* (sjá Torfa Hjartarson 1988) og þar var fjallað um lykilþætti í náttúru landsins og sambúð lands og þjóðar; rætt um eldvirkni og landmótun, náttúrufar, þróun byggðar og umgengni við náttúru. Sú síðari hét *Landshorna á milli* (sjá Torfa Hjartarson 1990) og þar var áhersla á að lýsa landshlutum og kynna helstu kennileiti, rekja staðfræði í stuttu málum um leið og reynt var að gefa góða hugmynd um byggð og atvinnuvegi. Höfundur stóð frammi fyrir því vandasama hlutverki að gæða staglkenndan fróðleik lífi og vekja áhuga tíu til tólf ára barna á fjarlægum kennileitum. Til þess var beitt ýmsum ráðum. Margar myndir voru í báðum bókum og mikil vinna lögð í að velja saman myndefni sem myndaði sterka sjónræna heild og fól í sér líf, sýndi farartæki á leið um landið, börn að leik, veður, dýralif

og fólk að störfum. Í hverjum landshluta var kynnt til sögunnar með stuttu viðtali eitt barn ásamt foreldri sem gefið gat hugmynd um mikilvægan atvinnuveg. Til að festa landshlutaskil í minni var teft fram þjóðsögum og með spurningum í hliðarreitum var leitast við að vekja til umhugsunar um ýmis efni, kveikja umræður og gefa kennara færí að taka upp áhugaverð efni tengd landsháttum eða kennileitum. Þar á meðal voru spurningar sem beindust að örnefnum og þá gjarnan einhverju sem talið var geta vakið forvitni og áhuga, opnað augu fyrir því erindi sem örnefni eiga við okkur eða við við þau. Þá voru í fyrri bókinni myndskreyttar verkefnalýsingar sem gáfu tilefni til föndurvinnu og sjálfstæðra athugana af ýmsu tagi.

Landi og lífi fylgdi vinnubók (sjá Torfa Hjartarson 1993) og þar mátti finna verkefni sem kölluðu á lestur texta eða korta með vakandi auga fyrir örnefnum og þýðingu þeirra. *Landshorna á milli* fylgdu myndbönd (sjá Torfa Hjartarson og Guðberg Davíðsson 1998) og vinnukort af landshlutum í möppu þar sem nemendur áttu að fylla í eyður og færa inn örnefni (sjá Torfa Hjartarson og Svandísí Svavarssdóttur 1994). Jafnframt áttu þeir að rita á eða myndskreyta þessi landshlutablöð með ýmsu móti. Loks voru á hverju landshlutablaði tillögur að leikjum, þrautum og skapandi samvinnuverkefnum. Þar var í sumum tilvikum brugðið á leik með örnefni og staðfræði. Hugmyndin var að nemendur áttuðu sig á að staðfræði og nöfn geta verið skemmtilegt hugðarefni auk þess sem nota má leiki til að festa hluti í minni. Nefna má smellinn leik fyrir two sem fer þannig fram að báðir ímynda sér að annar sé með Íslandskort á baki sér. Hann eða hún segir svo hinum til við að klóra sér á bakinu með því að tilgreina landshluta og kunna staði!

Athygli vekur að í nýrri námsbók fyrir miðstig grunnskóla um staðfræði á Íslandi, *Ísland – veröld til að njóta* (sjá Björn Hróarsson 2007) er þrátt fyrir litríkar ljósmyndir lítil tilraun gerð til að gæða efnið lífi eða færa það nær nemendum með sérvöldu myndefni, verkefnum eða öðrum hætti. Hér verður enginn dómur lagður á þetta nýja námsefni en látið nægja að vekja athygli á þeim áherslubreytingum sem þarna virðast hafa orðið.

Land og líf og *Landshorna á milli* voru lesnar af þorra nemenda á miðstigi grunnskóla um langt árabil eins og gjarnt er um námsbækur sem fjalla um skyldubundin viðfangsefni. Þegar upp er staðið skipta lesendur tugum þúsunda. Margt annað efni á ekki eins greiða leið að

nemendum heldur ræðst af áhuga kennara hvort því er beitt eða ekki. Nefna mætti nokkur dæmi um vandaða útgáfu á námsefni þar sem staðfræði eða kortalestur leika mikilvægt hlutverk en efnið nær lítill fótfestu í skólastarfi. Líklegt má telja að kennurum þyki sumt jaðarefni of viðamikið eða þungt í vöfum til að sníða að þróngri stundaskrá í annasömu starfi. Einnig má vera að viðleitni skorti til að ná til ungra lesenda.

Vinnuheftið *Nafnakver* (sjá Vénýju Lúðvíksdóttur 1988) kom út um líkt leyti og námsbókin *Land og líf* og er ágætt dæmi um efni sem ekki er kostnaðarsamt í útgáfu og kalla má jaðarefni en fellur samt í góðan jarðveg hjá kennurum. Þó að það fjalli um nöfn manna en ekki staða og svæða kann það að gefa góðar vísbendingar um hvernig mætti ná til kennara og nemenda með aðlaðandi og hagnýtum verkefnum um örnefni. Kverið byggir á einföldum verkefnum þar sem teft er fram líflegum teikningum og nemendur glíma við mannanöfn í nokkuð fjölbreytilegu og stundum óvæntu samhengi. Sjá má fyrir sér örnefna-kver af líkum toga þar sem nemendur myndu fást við forvitnileg og vandlega valin dæmi um örnefni í ýmiss konar samhengi sem vak-ið gæti vinnugleði og áhuga. Þar mætti beita einföldum eyðufyllingum, fróðleiksmolum, áhugakvejkum, þrautum og leikjum í bland við myndefni meðmátulegri tilhöfðun til ungra nemenda. Beina mætti athygli að örnefnum í nærumhverfi nemenda, sögustöðum og áhuga-verðum landsvæðum eða vel völdum örnefnum vítt og breitt um land-ið og miðin.

5.2 Dæmi um vefi

Hér væri ástæða til að dvelja miklu lengur við prentefni ætlað grunn-skólum, bæði gamalt og nýtt. Fjalla mætti sérstaklega um landabréfa-bækur og efni sem gefið hefur verið út með það fyrir augum að ýta undir lestur korta eða áhugavert námsefni í íslensku og samfélags-greinum. Þess í stað verður vikið stuttlega að dæmum um stafræna útgáfu á námsefni. Hún hefur á seinni árum færst nær alfarið yfir á Veraldarvefinn þó að finna megi dæmi um áhugaverða skjámiðun á söfnum eða öðrum fræðsluvettvangi og námsmiðaða tölvuleiki á diskum.

Í *Kortavefsjá* (2007) Námsgagnastofnunar frá Gagarín býðst lesanda að skoða kort af Íslandi í þar til gerðum glugga og hann getur kall-

að fram sérstaklega tiltekna flokka kennileita; eyjar, fjöll, vötn, jökla, fossa, þéttbýli, ár og þjóðgarða. Í hverjum flokki eru talin allmög ör-nefni og hægt að fá upp staðsetningu á korti ásamt kynningartexta og ljósmynd af hverjum stað. Pysja má inn og út í kortaglugga og færa sig til á landinu með sérstökum örvahnöppum. Mæla má loftlinu á milli tveggja punkta á kortinu en mælikvarði korts er ekki gefinn upp. Vissulega er fengur að sjánni en því verður varla á móti mælt að hún veitir takmarkaðan aðgang að upplýsingum. Ekki eru upplýsingar nema um hluta örnefna á kortinu, örnefni merkt á kortið eru tiltölulega fá þegar þysjað er inn í nærmynd, textar um kynnta staði eru sumir knappir og ekki hægt að kalla fram tengdar upplýsingar um atriði sem þar koma fram. Þá eru ljósmyndir smáar. Ekki er boðið upp á leit að staðarheimitum. Þó að bygging notendaskila og flokkun efnis séu skýr má búast við að margir vildu sjá lipurra tól og efnisríkari umfjöllun um landið. Benda má á kortavefsjár sem bjóða upp á loft-myndir (sjá t.d. *Borgarvefsjá* og *kortavef Já.is*) og algengt er í uppfletti-efni að stíklur í texta vísi á tengdar upplýsingar (sjá t.d. *Wikipediu*). Þá eru engar upplýsingar í sjánni um notkunarmöguleika við nám og kennslu.

Íslandsvefurinn (sjá Jóhann Ísberg 1998) hefur verið á boðstólum hjá Námsgagnastofnun en er með nokkuð öðru sniði en *Kortavefsjáin*. Þar er boðið upp á mikinn fjölda landslagsljósmynda sem summar hverjar má fá upp í sérglugga. Þegar farið er yfir summar þeirra mynda með bendli birtast örnefni yfir ákveðnum kennileitum. Auk ljósmynda af landi eru teikningar eftir Jón Baldur Hlíðberg af fuglum, fiskum, dýrum og gróðri. Myndaflokkum í myndabankanum fylgir texti en við margar myndanna er enginn texti þegar dýpra er komið í vefinn. Efni er flokkað eftir landshlutum og flokkum kennileita. Boðið er upp á myndasýningar og sérstaka umfjöllun um valin efni. Þá eru í vefnum sérstakar þjónustusíður sem nýst geta ferðalöngum. Hér er á heildina litið mikið og hagnýtt efni þó að viða vanti texta við myndir. Freist-andi væri að eiga kost á tengdu efni þar sem örnefni birtast á myndum þannig að smella mætti á kennileiti í hluta myndar til að fá um það upplýsingar.

Vefir á vegum Námsgagnastofnunar (sjá <http://nams.is>) eru nokkuð margir og benda má á ýmsa eftirsóknarverða þætti sem summar þeirra búa yfir. Í vefjum um dýr á Íslandi er t.d. boðið upp á púsl, minnis-leiki og spurningaleiki, orðskýringar í sprettireitum, upplestur á texta

og jafnvel myndskeið (sjá t.d. *Íslensku húsdýrin, Íslensku landspendýrin*). Í vef um smádýr og vef um plöntur er boðið upp gagnvirka greiningarlykla (sjá *Greiningarlykil um smádýr* og *Íslensku plönturnar*), í vef um listir er boðið upp á hreyfimyndir til skýringar á hugtökum (sjá *Listavefinn*) og í vef um ritfærni er boðið upp á skrifblokk, geymlustæð fyrir eigin gögn, kveikjur að ritun og fleira (sjá vefinn *Ritfærni*). Aðrir vefir bjóða upp á margmiðlunarefni, hugmyndir að leikjum, gagnvirkar æfingar og þrautir. Þá byggja vefirnir yfirleitt á litríkri og myndrænni framsetningu, efnisskipan og notendaskilum sem ætlað er að höfða til ungra lesenda.

5.3 Viðamiklir örnefnavefir

Örnefnaskrár eða efnisgrunna um örnefni væri eftirsóknarvert að birta á Veraldarvefnum og með hliðsjón af ofangreindum dæmum um námsefni mætti tína til margt sem prýtt gæti aðgengilegan örnefnavef fyrir skóla. Örnefnavefur gæti geymt skráð örnefni ásamt skýringum og fróðleik, ljósmyndir, teikningar og myndskeið, framsetningu á kortum, yfirborðsmyndir, jafnvel þrívídarteikningar eða líkan af yfirborði lands ásamt venslum á milli örnefna og tengslum við annað efni. Með myndrænum og aðlaðandi notendaskilum, barnmiðuðum efnisfærslum, leikjum og þrautum mætti höfða sérstaklega til yngri lesenda. Einnig þyrfti að huga að aðgengi lesenda með ýmsar sérþarfir. Þá má nefna tengsl við síma og staðsetningartæki sem gert gætu kleift að bjóða upp á staðfræði á staðnum. Með slíkri tækni mætti ganga um svæði á borð við Þingvelli, Jökulsárgljúfur eða Kvosina í Reykjavík og fá upp viðeigandi upplýsingar eftir því hvar á svæðinu maður er staddur. Mikil þróun er í hvers konar kortagerð og landfræðikerfum (sjá t.d. vefgáttina *Landakort.is* og vefsetur Landmælinga Íslands) og nýlega bárust fréttir af samkomulagi um samstarf á milli Árnastofnunar og Landmælinga Íslands (sjá frétt á vefsetrum Árnastofnunar og Landmælinga). Má gera ráð fyrir að slíkt samstarf skili miklum árangri ef rétt er á spilum haldið og einhverju kostað til. Efnisgrunnar reistir á slíku samstarfi gætu reynst nemendum og kennurum ómetanleg náma jafnt til náms og kennslu.

5.4 Viðaminni veflausnir

Vinna við gerð veflægra uppflettirita eða efnisgrunna er auðvitað mikil og kostnaðarsöm og alla jafna er dýrt að útvega efnivið á borð við ljósmyndir og texta. Einfaldari veflausnir sem snúast um afmörkuð efni og væru til þess fallnar að vekja til umhugsunar um örnefni gætu líka komið að gagni og krefjast ekki sama tilkostnaðar. Þá er vert að minna á að tækifæri gætu falist í samvinnuskrifum á borð við þau sem fara fram í svonefndum wiki-kerfum (sjá efnisorðið *Wiki í Wikipedi*: <http://en.wikipedia.org/wiki/Wiki>) sem teljast til opinna hugbúnaðarlausna. Pað sem einn skrifar getur annar yfirfarið og leiðrétt og smám saman vex fram mikið og gott efni. Þekktasta daemið um þetta er að sjálfssögðu *Wikipedia*, (sjá <http://is.wikipedia.org>) sem er alfræðirit skrifað á fjölda tungumála í opinni samvinnu þeirra sem að rituninni vilja koma. Hugsanlega gæti Árnastofnun ritstýrt hliðstæðu kerfi á eigin vegum og fengið til liðs við sig áhugafólk um örnefni vítt og breitt um landið eða á afmörkuðum svæðum. Einnig gætu kennarar fært sér wiki-skrif í nyt, látið nemendur fást við samvinnuskrif um staði og staðarheiti.

6 Kringumstæður og möguleikar kennara

Að lokum er rétt að víkja aftur að kennaranum sem alltaf hlýtur að gegna lykilhlutverki þegar skólastarf er annars vegar, líka þegar upplýsingatækni er komin til skjalanna. Hafa ber í huga að nemendur og kennarar eru misjafnlega settir hvað varðar aðgang að nýjum miðlum (sjá *Upplýsinga- og samiskiptatækni í starfi grunnskóla – af sjónarhlíð skólastjórnenda og tölvuumsjónarmanna* 2005) og ýmsar væntingar bundnar við tæknivæðingu grunnskóla hafa ekki gengið eftir (sjá Hrefnu Arnardóttur 2007). Athuganir í grunnskólum sýna að miklu varðar hvernig staðið er að notkun upplýsingatækni til náms og kennslu. Þannig hafa sumir skólar unnið markvisst að því að efla búnað, tryggja aðgengi og svigrúm í tímatöflu, veita stuðning og marka stefnu um hvernig tæknin er felld að námi og kennslu. Víða annars staðar er ekki jafn markvisst að þessu staðið og þar eiga áhugasamir frumkvöðlar gjarnan á brattann að sækja. Eins og áður sagði skiptir miklu að kennarar treysti sér til að takast á við ögrandi verkefni og njóti stuðnings samverkafólks og stjórnenda (sjá Fullan 2007 og Ingvar Sigurgeirsson

o.fl. 2005). Þegar fengist er við námsefnisgerð með nýjum miðlum er brýn nauðsyn að huga vel að kringumstæðum á vettvangi með það fyrir augum að mæta þörfum þeirra sem á endanum ráða úrslitum um hvernig til tekst við nám og kennslu.

7 Lokaorð

Mikil tækifæri felast í þeirri vinnu sem þegar hefur verið lögð í skráningu örnefna, margvíslegum fróðleik sem að þeim lýtur og landmælingum sem nú fleygir fram með nýrri tækni. Jafnframt hafa opnast nýjar gáttir með tilliti til stafrænnar miðlunar. Þá liggja víða ónýtt tækifæri í miðlun námsefnis af hefðbundnari toga, bæði hvað varðar útgáfu námsbóka í kjarna skólastarfs og ýmiss konar prentgagna sem vakið gætu áhuga á örnefnum eða kennileitum. Verkefni kennara, námsefnishöfunda og útgefenda eru því ærin og mikilvægt að rannsóknarstofnanir, fjölmíðlamenn og safnafólk, sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar styðji og ýti undir hvers konar útgáfu og fræðslustarf á þessu sviði. Örnefnin eiga erindi við okkur öll.

Heimildir

- Aukinn kraftur í örnefnaskráningu.* Frétt frá 10. mars 2009 sótt á vef Landmælinga Íslands: <http://www.lmi.is/landmaelingar-islands/frettir/nr/84747/> (31. mars 2009).
- Aukinn kraftur í örnefnaskráningu.* Frétt frá 13. mars 2009 sótt á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: [http://www.arnastofnun_frett&wosid=KxbpPnPnLlk5dPE00xnLPErg](http://www.arnastofnun.is/Apps/WebObjects/HI.woa/1/wa/dp?detail=1020961&name=arnastofnun_frett&wosid=KxbpPnPnLlk5dPE00xnLPErg) (31. mars 2009).
- Björn Hróarsson. 2007. *Ísland – veröld til að njóta.* Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Borgarvefsjá.* Frá 1999. <http://www.borgarvefsja.is> (31. mars 2009). Reykjavíkurborg.
- Fuglsang, Esben. 2003. Informationsteknologi og pædagogik – Indkredsning af et felt. Í: Jens Bjerg (ritstj.). *Pædagogik – En grundbog til et fag.* Kaupmannahöfn: Hans Reitzel.
- Fullan, Michael. 2007. *The New Meaning of Educational Change.* 4. útgáfa. London/New York: Routledge/Teachers College Press.

- Google Earth.* <http://earth.google.com> (31. mars 2009). Google.
- Greiningarlykill um smádýr.* <http://www1.nams.is/smadyr/index.php> (31. mars 2009). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hargreaves, Andy. 1997. From Reform to Renewal – A New Deal for a New Age. Í: Hargreaves, Andy og Roy Evans (ritstj.). *Beyond Educational Reform – Bringing Teachers Back In.* Buckingham/Philadelphia: Open University Press.
- Hrefna Arnardóttir. 2007. Verkfæri, miðill, samskiptatál eða kennari – Hugmyndir um notkun tölvunnar í skólastarfi síðustu 30 ár. Í: *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun:* <http://netla.khi.is/greinar/2007/019/index.htm> (31. mars 2009). Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands/Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Ingvar Sigurgeirsson, Anna Kristín Sigurðardóttir, Börkur Hansen, Guðbjörg Aðalbergasdóttir, Hafdís Ingvarsdóttir, Lilja M. Jónsdóttir, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson. 2005. Ísjakinn færist ekki úr stað ef aðeins á að færa þann hluta sem sýnilegur er – Um kenningar Michael Fullan. Í: *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun:* <http://netla.khi.is/greinar/2005/019/index.htm> (31. mars 2009). Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands/Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Íslandsvefurinn.* <http://www.islandsvefurinn.is> (31. mars 2009). Jóhann Ísberg.
- Íslensku húsdýrin.* 2004. <http://www1.nams.is/husdyr/> (31. mars 2009). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Íslensku landspendýrin.* 2006. <http://www1.nams.is/landspendyr/index.php> (31. mars 2009). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Íslensku plönturnar.* 2004. <http://www1.nams.is/flora/index.php> (31. mars 2009). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Já.is. Kortavefur.* <http://ja.is> (31. mars 2009).
- Jonassen, David H.; Kyle L. Peck og Brent G. Wilson. 1999. *Learning with Technology. A Constructivist Perspective.* New Jersey: Prentice-Hall, Inc.
- Jón Torfi Jónasson. 2008. Lært af sögunni. Í: Dóra Bjarnason, Guðmundur Hálfdarson, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson og Ólöf Garðarsdóttir (ritstj.). *Menntaspor – Rit til heiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008.* Reykjavík: Sögufélag.
- Kortavefsjá.* 2007. <http://flashmap2.nams.is> (31. mars 2009). Kort frá Landmælingum Íslands. Reykjavík: Gagarín ehf. fyrir Námsgagnastofnun.

- Kristín Björk Gunnarsdóttir. 2007. *Ritfærni*. <http://ritfaerni.nams.is> (31. mars 2009). Reykjavík: Næst fyrir Námsgagnastofnun.
- Landakort.is*. Frá 2009. <http://landakort.is> (31. mars 2009). Þorvaldur Bragason.
- Landmælingar Íslands. <http://www.lmi.is> (31. mars 2009).
- Listavefurinn*. <http://www.nams.is/listavefurinn/index.html> (31. mars 2009). Reykjavík: Námsgagnastofnun, Listasafn Íslands, Næst ehf., Kennaraháskóli Íslands og RannÍs.
- Námsgagnastofnun. <http://nams.is> (31. mars 2009).
- Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <http://www.arnastofnun.is> (31. mars 2009).
- Torfi Hjartarson. 1988. *Land og líf*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Torfi Hjartarson. 1993. *Land og líf. Vinnubók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Torfi Hjartarson. 1990. *Landshorna á milli*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Torfi Hjartarson og Guðbergur Davíðsson. 1998. *Landshorna á milli. Sex myndbönd um landshluta (Vesturland og Vestfirðir, Norðurland, Austurland og Suðausturland, Suðvesturland, Reykjavík og nágrenni, og Óbyggðir)*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Torfi Hjartarson og Svandís Svavarasdóttir. 1994. *Landshorna á milli. Vinnukort*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Upplýsinga- og samskiptatækni í starfi grunnskóla – af sjónarhóli skólastjórnenda og tölvuumsjónarmanna*. 2005. Allyson Macdonald, Torfi Hjartarson og Þuríður Jóhannsdóttir (ritstj.). Ritröð NámUST. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Véný Lúðvíksdóttir. *Nafnakver*. 1988. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Wiki. Í: *Wikipedia*. Frá 2001. <http://en.wikipedia.org> (31. mars 2009).
- Wikipedia*. Frá 2003. <http://is.wikipedia.org> (31. mars 2009).

Skýringar

Landakort.is er vefgátt fyrir landfræðilegar upplýsingar á Íslandi. Birtir eru tenglar í vefsíður sem sýna kortagögn og annað landfræðilegt efni ásamt fréttum um það sem helst er að gerast hér á landi í vefútgáfu landupplýsinga. Eigandi og ábyrgðarmaður er Þorvaldur Bragason landfræðingur og upplýsingafræðingur.

Borgarvefsjá er vefþjónusta sem er öllum opin á vefsíðónni <http://www.borgarvefsja.is>. Hún veitir grunnupplýsingar úr gögnum LUKR og auk þess ýmsan fróðleik. Fyrsta útgáfa *Borgarvefsjár* var tekin í notkun 1999 og varð Reykjavíkurborg fyrst sveitarfélaga á Íslandi til að bjóða slíkan aðgang að landupplýsingum.

Já er þjónustufyrirtæki sem starfrækir *Símaskrána, Já 118* og vefinn *Já.is*. Vefurinn er einn fjölsóttasti vefur landsins en þar býðst notendum að finna upplýsingar úr *Símaskrá* og af *Gulu síðunum*. Já var stofnað árið 2005 en *Símaskráin* hefur komið út í meira en 100 ár.

Google Earth gerir notendum kleift að fara um alla jörð að skoða gervihnattamyndir, kort, yfirborð og þrívíðar byggingar. Hægt er kanna ýmsar landfræðilegar upplýsingar, vista heimsóttu staði og deila með öðrum.

Lykilorð

Órnefni, námsefni, upplýsingatækni, hugsmíðahyggja

Keywords

Toponyms, placenames, curriculum materials, information technology, constructivism

Abstract

Teachers and landmarks – Toponyms in curriculum materials and school

When names of places are the focus of attention in school settings, teachers must be concerned not only to ensure instant recall of as many names of relevant landmarks as possible but also to generate a more general interest in toponyms or placenames; curiosity about their origins, meaning, context or significance in a linguistic, historical or social sense. The same goes for authors and publishers of different curriculum materials. In this article an attempt is made to throw light upon some factors that might help to establish an interesting approach to toponyms in school settings. We reflect upon the role of the teacher, discuss information technology in view of constructivism, line out a few examples of curriculum materials published for use in elementary schools and point out opportunities emerging with new media over the World Wide Web.

*Torfi Hjartarson
lektor í kennslufræði og upplýsingatækni
Menntavísindasviði Háskóla Íslands
torfi@hi.is*

Margrét Jónsdóttir

Beyging orða með viðskeytunum -*ing* og -*ung*

Söguleg þróun

1 Inngangur¹

1.1 Markmið – niðurstöður

Markmið þessarar greinar er að rannsaka beygingarsögu kvenkynsorða með viðskeytunum -*ing* og -*ung*, orða eins og t.d. *sýning* og *lausung*, og leita skýringa á mikilvægustu einkennum hennar.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi. Í fornu máli voru orð með viðskeytinu -*ing* yfirleitt endingarlaus í þolfalli en enduðu á -*u* í þágufalli. Þó eru dæmi um endinguna -*u* í þolfalli. Það sýnir að beygingin hefur þá þegar verið byrjuð að falla að beygingu langflestra annarra kvenkynsorða en þá voru þolfall og þágufall eintölu (án greinis) langoftast eins. Síðar varð sú beyging skyldubundin, með einni undantekningu. Allt fram til samtímans má sjá dæmi um forna beygingu *ing*-orðanna. Það er þó eftirtektarvert að á síðustu tínum eru dæmin nánast bundin við hátiðlegt mál eða formlegt.

¹Greinarhöfundur þakkar Ástu Svavarssdóttur, Þorsteini G. Indriðasyni, Þórhalli Eyþórssyni og nafnlausum ritrýni yfirlestur og ábendingar og Bessa Aðalsteinssyni, Gunnlaugi Ingólfssyni, Matthew J. Driscoll, Maríu Gréta Guðjónsdóttur og Erni Hrafnkelssyni fyrir veitta hjálp og upplýsingagjöf af ýmsum toga.

Heimildum ber ekki saman um það hvort munur hafi verið á beygingu orða með viðskeytunum *-ing* og *-ung* í fornu máli. Á 16. öld er munurinn þó orðinn mjög glöggur. Hann er þess eðlis að *ung*-orðin eru endingarlaus í þolfalli og þágufalli. Flestar heimildir allt til þessa tíma styðja það. Í máli samtímans er hins vegar ýmislegt sem gæti bent til þess að munurinn væri að hverfa, að orð með viðskeytunum *-ing* og *-ung* gætu farið að beygjast eins. Raunar er sú tilhneiting ekki alveg nýtilkomin eins og dæmin sanna.

Einn mikilsverðasti áhrifavaldur í beygingarsögu áðurnefndra orða er greinirinn. Eins og sýnt verður fram á skiptir hann miklu máli við að endingin *-u* festist í sessi í þolfalli.

Viðfangsefnið er skoðað frá ýmsum hliðum. Þar skipa áhrifsbreytingar stærstan sess. Þær eru aldrei tilviljanakenndar heldur hafa þær orðið vegna þeirra kerfislegu vensla sem máli skipta hverju sinni. Hugmyndir Haspelmath (2002:124) um það hvernig stærð beygingarflokka endurspegli „áhrifamátt“ þeirra innan beygingarkerfisins verða ræddar. Samkvæmt þeim er beint samhengi á milli stærðar beygingarfloksins, þ.e. orðafjöldans, og möguleika hans til að lifa. Jafnframt verður litið til hugmynda Wurzels (1984:86–87) um kerfislegt beygingarsamræmi. En niðurstöðurnar í heild sýna að stefna breytinganna hefur verið sú að útrýma óreglu og koma á meira jafnvægi innan þess tiltekna kerfis sem um ræðir.

Viðfangsefnið er skoðað í heimildum frá ýmsum tímum og í sögulegu og samtímalegu ljósi hvers tímabilis.² Það þýðir að hin sögulegu og samtímalegu viðhorf eru ekki andstæðir pólar heldur leiða lýsingin og túlkunin á hinum ýmsu sögulegu staðreyndum til samtímalegrar niðurstöðu. Lýsingin sýnir þær breytingar sem hafa orðið í tímans rás. Langtímaheimildirnar sýna að breytingarnar hafa gerst hægt, þrep af þrepi; um er að ræða *stighækkun*.³

²Hjá Fischer og Rosenbach (2003:12–13) er þessi aðferð eða greining kölluð ‘functional–diachronic approaches’. Þar er henni beitt í umræðu um það þegar inn-taksorð fær málfræðilegt hlutverk.

³Hugtakið *stighækkun* er þýðing á enska hugtakini *gradualness*, sbr. Brinton og Traugott (2005:26). Þess ber þó að geta að hjá þeim er það notað í sambandi við *málfræðingu* (grammaticalization). Með langtímaheimildum er vísað til þess sem kemur fram í textum yfir lengri tíma.

1.2 Virkni viðskeytanna og staða þeirra meðal annarra viðskeyta

Viðskeytin *-ing* og *-ung* eru sitthvort viðskeytið enda eiga orð með þessum viðskeytum sér ólíka stöðu innan orðmyndunarkerfisins. Í báðum tilvikum eru orðin mynduð með afleiðslu. Orð sem enda á *-ing* eru langoftast með sagnrót í fyrri lið rétt eins og *sýning*. Sögnin er yfirleitt sömu gerðar og *sýna*, þ.e. að uppruna svokallaðar ija-sagnir sem mynda þátið með tannhljóði (*t, d* eða *ð*) + *i*. Fleiri leiðir eru þó mögulegar. Orðin með *-ung* eru oftar en ekki dregin af nafnýrði og eru því með nafnorðs- eða lýsingarorðsrót. Þetta eru orð eins og t.d. *hörmung* og *djörfung*; orðin lýsa því ástandi. Það er þó ekki algilt að nafnýrði liggi til grundvallar *ung*-orðunum. Það sýnir nafnorðið *sundrung* en það er dregið af sögninni *sundra*.

Rannsóknir Eiríks Rögnvaldssonar (1987) á tíðni nokkurra viðskeyta í nútímmáli sýna ólíka stöðu viðskeytanna tveggja. Sé t.d. miðað við samanlagða tíðni orðmynda með hvoru viðskeyti er *-ing* í öðru sæti en *-ung* á hinn bóginn í 42. sæti af 48 viðskeytum. Sé viðmiðunin fjöldi róta sem hvort viðskeyti tengist þá er *-ing* í þriðja sæti og ræturnar 224 en *-ung* í 38. sæti og ræturnar sjö. Í framhaldi af þessu má skoða virkni (frjósemi) viðskeyta frá ýmsum sjónarhornum, t.d. hvort hún hefur haldist sú sama alla tíð. Þannig getur virknin verið mismunandi eftir því hvort hún er metin í sögulegu eða samtímalegu ljósi. Að því er *ing*-viðskeytið varðar er nokkuð víst að sögulega virknin hefur verið meiri en sú samtímalega enda forsendurnar aðrar. Það byggist á því að nýjar sagnir eru aldrei eða varla af sömu gerð og *sýna*. Það leiðir því af eðli máls að viðskeytið *-ing* er ekki lengur virkt á sömu forsendum og áður enda gamli efniviðurinn uppurinn. Samkvæmt hugmyndum Bauer (2001:205–207) um *aðgengi* (e. *availability*) sem annan af tveimur meginþáttum virkninnar hefur það aðgengi sem fóðraði viðskeytið *-ing* ávallt verið til staðar. Virknin hefur hins vegar verið mismikil eftir tímabilum í samræmi við aðstæður. Í ljósi hugmynda Bauer (2001:207–209) um *arðsemi* (e. *profitability*) sem hinn meginþáttinn er arðsemi *ung*-viðskeytisins lítil þrátt fyrir að aðgengi þess að efnivið hljóti alla tíð að hafa verið fullnægjandi. Um það bera tölurnar gleggsta vitnið.

2 Beygingarsaga orða með viðskeytunum *-ing* og *-ung*

2.1 Inngangur

Heimildir sýna að beyging orða með viðskeytunum *-ing* og *-ung* hefur breyst í tímans rás. Í þessum kafla verður beygingarsaga þeirra rakin. Umfjöllunin skiptist í tvennt. Annars vegar verður sagan rakin til loka 19. aldar. Um 20. öldina verður á hinn bóginn rætt sérstaklega. Einnig verður fjallað um ýmsar beygingarlegar hliðstæður, t.d. beygingu ým issa eiginnafna.

2.2 Beyging orða með viðskeytunum *-ing* og *-ung* til loka 19. aldar

Enda þótt Noreen (1923:260–262) greini að viðskeytin *-ing* og *-ung* leggur hann þau beygingarlega að jöfnu. Í (1) er sýnd forn eintölu beyging þriggja orða sem að mestu leyti eru sambærileg þeim sem Noreen notar til að sýna beygingu hreinna ó-stofna.⁴

(1) Hrein ó-stofna orð

nefnifall	<i>taug-Ø</i>	<i>sýning-Ø</i>	<i>þorbjörg-Ø</i>
þolfall	<i>taug-Ø</i>	<i>sýning-Ø</i>	<i>þorbjörg-u</i>
þágufall	<i>taug-Ø</i>	<i>sýning-u</i>	<i>þorbjörg-u</i>
eignarfall	<i>taug-ar</i>	<i>sýning-ar</i>	<i>þorbjarg-ar</i>

Þágufall orðsins *sýning* endar á *-u*. Í athugasemd (bls. 262) tekur Noreen fram að sjaldgæft sé, a.m.k. í elsta mál, að orð sem endi á *-ing* endi á *-u* í þolfalli eintölu. Eiginnöfnin hafa því sérstöðu. Þess ber að geta að Noreen minnist aðeins á *ing*-orðin í sambandi við þolfallið. Því verður að álykta að þau sem enda á *-ung* geri það ekki enda hafði hann

⁴Hér verður að geta beygingar undirflokkia ó-stofna skv. Noreen (1923:260–264). Fram kemur (bls. 263) að meðal orða sem töldust til wō-stofna hafi *u*-ending í þágufalli verið sjaldgæf. Af orðum Noreens má hins vegar ætla að jō-stofna orð hafi miklu fremur fengið þágufallsendingu, sum alltaf eins og t.d. *egg*, *hel* og *ey*. Mörg þeirra orða sem um ræðir hafa einfaldað beygingu sína en beyging sumra er þó nokkuð á reiki. Þau jō-stofna orð sem fengu sérstaka þágufallsendingu voru yfirleitt langstofnar að fornri viðmiðun. Í nútímmáli hefur beyging þessara orða breyst þannig að þau eru öll endingarlaus í þolfalli og þágufalli. Þess má líka geta að upprunaleg jō-stofna eiginnöfn, t.d. *Laufey*, *Frigg* og *Sif*, voru upprunalega endingarlaus í þolfalli, sbr. Noreen (bls. 263).

áður greint viðskeytin að. Finnur Jónsson (1901:40–41) ræðir líka um þágufall viðskeyttu orðanna. Langflest dæma hans eru með endingu. Nokkur dæmi eru um orð án endingar og önnur sem eru ýmist með eða án endingarinnar, þ.á m. orðið *verðung* en það er eina *ung*-orðið sem hann nefnir. Finnur segir líka að það sé ekki fyrr en á 11. og 12. öld að *u*-endingin fari að hverfa að einhverju marki.⁵

Í (1) sést að nefnifall og eignarfall hafa hvort um sig eina endingu, þ.e. nefnifall *-Ø* og eignarfall *-ar*, en þolfall og þágufall tvær hvort. Venslum þolfalls og þágufalls má lýsa þannig:

(2) **Vensl þolfalls og þágufalls**

- a. þolfall *-u* ⇒ þágufall *-u*
- b. þágufall *-u* ≠ þolfall *-u*

Þolfallsendingin *-u* er skilyrt af sömu endingu í þágufalli. Þetta er hins vegar ekki gagnkvæmt þar sem þágufallsendingin gerir ekki kröfu til þolfallsendingarinnar.

Í bók Noreens (1923:261–262) eru nokkur einkvæð orð, t.d. *hlið*, *laug* og *ull*, sem beygjast eins og viðskeyttu orðin; einnig orð eins og t.d. *leið*, *för* og *vök* sem Noreen segir að hafi líka, einkum síðar, beygst eins og i-stofnar. Af orðum hans má skilja að orðin *jörð*, *sól* og *öld* tilheyri þessum flokki. Í lokin segir hann að öll þessi orð geti, einkum þó síðar, beygst eins og hreinir ö-stofnar. Mikilvægt er að hann undanskilur ekki viðskeyttu orðin. En allt þetta sýnir að beygingin hefur verið á hreyfingu. Það var alveg eins við því að búast að orðin misstu þágufallsendinguna eins og þau fengju endingu í þolfalli. En í ljósi hugmynda Carstairs (1988:74) um hagkvæmni beygingarkerfa, sem byggist á því að nota eins fáa andstæðuþætti og hægt er að komast af með, hefði mátt reikna með því að orð eins og *sýning* hefðu farið að beygjast eins og *taug*. Pannig hefðu samnöfnin mynd-að sérstakan flokk en eiginnöfnin annan. Flokkarnir hefðu samt sem áður orðið tveir. En einhvers konar innri endurskipulagning var óhákvæmileg vegna þess misræmis sem var innan beygingarkerfis sterkra kvenkynsorða.

Björn K. Þórólfsson (1925:14) segir að þegar komið sé fram á 14. og 15. öld hafi orð með viðskeytinu *-ing* yfirleitt endingu í þágufalli ein-tölu en þau með *-ung* séu oftast endingarlaus. Hann segir jafnframt (bls. 80) að á 16. öld fjölgji þeim *ing*-orðum sem endi *-u* í þolfalli. Af

⁵Finnur er ekki sammála Noreen í því að þágufall endi yfirleitt alltaf á *-u*.

bessu má ráða að *-u* í þolfallinu sé eldra en frá 16. öld enda segir Björn að orðunum fjöldi.⁶ Þetta sést vel í *Nýja testamenti* Odds Gottskálks-sonar frá 1540, sbr. Jón Helgason (1999:52). Í þágufalli er endingin oft *-u* en í þolfalli þá aðeins að orðið sé með greini, sbr. *hellinguna*. Dæmi um *líkingina* sýnir þó að skilyrðingin er ekki alger. Sé viðskeytið *-ung* er þágufallið ýmist endingarlaust eða ekki.

Bandle (1956:217–218) segir að í þágufalli eintölu í *Guðbrandsbiblíu* frá 1584 sé *u*-endingin oft í *ing*-orðum en einboðin á undan greini. Sé viðskeytið *-ung* sé þágufallið e.t.v. oftar endingarlaust.⁷ Bandle segir um þolfallið að endingin *-u* hjá *ing*-orðunum komi ekki oft fyrir á 14. og 15. öld og ekki heldur hjá Guðbrandi. Í beygingardæmi (bls. 214) hefur Bandle orðið *drottning* með endingu í þolfalli.⁸ Hann (bls. 217) tekur fram að nú (á ritunartíma bókarinnar) sé endingin einhöfð í þágufalli og (bls. 218) alltaf í þolfalli í talmáli en í ritmáli sé þolfallið stundum endingarlaust, þó aldrei sé það með greini. Það sama eigi þó ekki við um *ung*-orðin. Í þágufalli fái þau stundum endingu, stundum ekki. Í þolfalli séu orðin endingarlaus.

Pá er komið að heimildum frá 18. öld. Guðrún Kvaran (1994:xxii–xxiii) segir í formála að latnesk-íslenskri orðabók Jóns Árnasonar (1994) að í íslenskum skýringum bókarinnar sé ending í þágufalli *ing*-orða en í þolfalli sé endingarleysið ríkjandi. Ekki er minnst á hinn hópinn. Í málfræði Jóns Magnússonar (1997:49–51), sem samin er á 18. öld, eru viðskeytin ekki nefnd á nafn heldur einungis talað um tvíkvæð kvenkynsorð, í þessu tilviki þau sem enda á *-g*. Þar eru slík orð endingarlaus í þolfalli og þágufalli.

Icelandic-English Dictionary kom út á seinni hluta 19. aldar. Í málfræðikaflanum með bókinni, sbr. Cleasby og Vigfússon (1874:xvii), segir að í nútímmáli fái mörg *ing*-orðanna endingu í þolfalli og þágufalli. Ekki er minnst á *ung*-orðin.

Heildarniðurstaðan er því sú að þágufallsendingen eigi sér lengri og útbreiddari sögu í rituðum heimildum en þolfallsendingen og orð með viðskeytinu *-ing* hafi miklu frekar endingu en *ung*-orðin. Jafnframt virðist sem *u*-endingin sé valtari hjá þeim síðarnefndu.

⁶Sjá einnig Noreen (1923:262).

⁷Bandle (bls. 217) segir orðrétt: „*-ungu* und *-ung* sind ungefähr gleich häufig, eventuell *-ung* etwas häufiger.“

⁸Bandle hefur orðið innan sviga enda er það sýnt sem beygingarleg hliðarmynd við orðið *eptirlíking* (svo ritað) sem er endingarlaust í þolfalli.

Pær upplýsingar sem komið hafa fram eru þær sem má sjá í (3).⁹ Hafa ber í huga að upplýsingarnar um *Nýja testamentið* og *Guðbrandsbiblú* byggjast á umfjöllun fræðimanna. Tekið skal fram að rit Noreens er hér með fyrst og fremst til samanburðar.

(3) Viðskeytið -ing

	N	FJ ¹⁰	NT	GB	JÁ	JM	CV
þolfall	-u	varla	?	(+) ^x	(+)	(-)	-
þágufall	-u	+	(+)	(+)	(+)	(+)	-

(+) = endingin -u kemur oft fyrir ¹¹
 (-) = endingin -u kemur sjaldan fyrir
^x = endingin skilyrt af greininum

Um orð með viðskeytinu -ung er niðurstaðan þessi:

(4) Viðskeytið -ung

	N	FJ	NT	GB	JM	CV
þolfall	-u	-	?	(-)	(-)	-
þágufall	-u	+	(-)	(-)	(-)	-

(-) = endingin -u kemur sjaldan fyrir

Endingin -u er nokkuð á reiki í orðum sem enda á -ing í *Guðbrandsbiblú* enda þótt hún sé fastari í sessi en hjá Oddi í *Nýja testamentinu*. Eignarfallsformið *handauppleggingunnar* sem er eina dæmi þess að orð fái endinguna -u í eignarfalli og er bæði hjá Oddi og Guðbrandi, sbr. Bandle (1956:216), kynni að benda til þess að u-endingin væri að festast í sessi í beygingardæminu sem heild.

2.2.1 Samanburður við aðrar heimildir

Í ROH¹² er að finna mikinn fjölda orða með viðskeytinu -ing. Könnuð voru sérstaklega 60 orð og skoðaðar endingar þeirra í þolfalli og

⁹Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í (4): N vízar til Noreens, FJ til Finns Jónssonar (1901), NT til *Nýja testamentis* Odds Gottskálkssonar, GB til *Guðbrandsbiblú*, JÁ til Jóns Árnasonar, JM til Jóns Magnússonar og CV til *Icelandic-English Dictionary*. Tekið skal fram að þau 18. aldar rit sem skoðuð voru sérstaklega eru ekki með hér. Um þau er rætt í 2.2.1.

¹⁰Finnur Jónsson minnist ekkert á þolfallið í þessu sambandi. Hann nefnir aðeins eitt orð með viðskeytinu -ung.

¹¹Þessar sömu táknanir eru einnig notaðar í (4), (7) og (8).

¹²ROH = ritmálsafn Orðabókar Háskólags, á vef *Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

þágufalli til loka 19. aldar. Pessum 60 orðum má skipta í two hópa. Helmingur þeirra er úr skránni 'Algengustu flettiorð í tíðniröð' í *Íslenskri orðtíðnibók* (1991). Orðið *bygging* var þar í áttunda sæti en *kerling* í því átjánda. Um sum orðanna voru fjölmörg dæmi í *ROH*, flest um orðin *bygging* og *kerling*, eða 100 um hvort orð. Hinn helmingurinn var valinn af handahófi. Fjölmörg dæmi voru um sum orðin, flest um orðin *fylling*, 100 dæmi, og *meining*, 94 dæmi.¹³ Niðurstaðan leiddi eftirfarandi í ljós:

(5) a. *þolfall*

1. 16. og 17. öld: Að orðunum í *Nýja testamentinu* og *Guðbrandsbiblíu* slepptum eru nánast öll dæmin um þolfall með endingunni -Ø eða 34 sem telja má örugg. Aðeins 4 dæmi finnast um *u*-endinguna frá sama tíma.

2. Með tímanum fækkar þolfallsdæmum með endingunni -Ø en þeim með -u fjölgar að sama skapi. Ø-endinguna má þó finna allt til loka nítjándu aldar.

b. *þágufall*

Í langflestum tilvikum endar þágufall á -u. Engin dæmi eru um endinguna -Ø frá 16. öld en 9 frá 17. öld. Dæmin ná allt til loka 19. aldar. Þau eru ekki mörg.

Öll helstu *ung*-orðin í *ROH* voru skoðuð, orð eins og *nýjung*, *djörfung*, *háðung*, *hörmung*, *sundrungr* o.fl. Þar mátti sjá að þolfall jafnt sem þágufall enda ýmist á -u eða ekki. Í textasafni *OH* eru textar frá ýmsum tínum. Engin dæmi voru um endinguna -u.

Forvitnilegt er að skoða beygingu viðskeyttu orðanna í tveimur ritum. Annars vegar er rit de Buchwald frá miðri 18. öld, en hins vegar eru sögur Jóns Oddssonar Hjaltalín sem voru skrifðar í kringum aldamótin 1800.¹⁴ Tölulegar niðurstöður eru þessar:

¹³Orðin úr *Íslenskri orðtíðnibók* (1991) eru þessi: *spurning*, *minning*, *tilfinning*, *hreyfing*, *upplýsing*, *skýring*, *þekking*, *bygging*, *merking*, *lysing*, *skelfing*, *setning*, *snerting*, *rigning*, *kosning*, *byltung*, *menning*, *kerling*, *fæðing*, *kenning*, *æfing*, *viðurkenning*, *sprenging*, *vísbending*, *örvænting*, *staðsetning*, *endurminning*, *tilhneiging*, *uppygging*, *mæling*. Tekið skal fram að röðin miðast við tíðniröðina í *Íslenskri orðtíðnibók*. Orðin í hinum helmingnum eru þessi í tíðniröð *ROH*: *fylling*, *meining*, *lkning*, *virðing*, *festing*, *uppfylling*, *uppsetning*, *greining*, *sigling*, *drotnning*, *sending*, *skipting*, *beiting*, *bending*, *endurfæðing*, *læknинг*, *fylking*, *trygging*, *breyting*, *læsing*, *lagning*, *hegning*, *sýning*, *vitundarvakning*, *freisting*, *stýring*, *fjárfesting*, *melting*, *refsing*, *barnsfæðing*.

¹⁴Rit de Buchwald er um ljósmóðurfræði en í bók Jóns eru tvær frumsamdar sögur,

(6) a.	ÞOLFALL		
	<i>-Ø</i>	<i>-u</i>	<i>-u + greinir</i>
<i>de Buchwald</i>	20 dæmi (8 orð) (þar af 8 um <i>fæðing</i>)	12 dæmi (4 orð) (þar af 8 um <i>fæðing</i>)	20 dæmi (öll um <i>fæðing</i>)
<i>Jón Oddsson</i>	22 dæmi	15 dæmi	10 dæmi
<i>Hjaltalín</i>			
Þolfallsdæmi	-Ø	-u	-u + greinir
samtals	42 dæmi	27 dæmi	30 dæmi
Í allt 99 dæmi			
b.	ÞÁGUFALL		
	<i>-Ø</i>	<i>-u</i>	<i>-u + greinir</i>
<i>de Buchwald</i>	1 dæmi (um <i>fæðing</i>)	7 dæmi (4 orð)	13 dæmi (öll um <i>fæðing</i>)
<i>Jón Oddsson</i>	4 dæmi	24 dæmi	8 dæmi
<i>Hjaltalín</i>			
Þágufallsdæmi	-Ø	-u	-u + greinir
samtals	5 dæmi	31 dæmi	21 dæmi
Í allt 57 dæmi			

Í þágufalli eru niðurstöðurnar afdráttarlausari en í þolfalli. Hjá de Buchwald eru þágufallsdæmin 21 og aðeins eitt endingarlaust. Af 21 dæmi eru 16 um orðið *fæðing*. Hjá Jóni eru dæmin samtals 36. Fjögur dæmanna eru endingarlaus en 32 dæmi eru með endingu.¹⁵

Í heild má segja að niðurstöðurnar úr ritunum í (6) séu sambærilegar við þær sem fram komu í (5) en þar sagði að þolfallsdæmum um *u*-endingu orða með viðskeytinu *-ing* fjölgæði eftir því sem á aldirnar liði. Þó ber að hafa í huga að dæmunum úr ROH ber að taka með ákveðnum fyrirvara; það felst í eðli safnsins.

2.3 Beyging orða með viðskeytunum *-ing* og *-ung* frá lokum 19. aldar

Finnur Jónsson (1905:15) getur þess að *ing*- og *ung*-orðin fá stundum þolfallsendingu í máli síns samtíma. Hann minnist ekki á þágufallið en af orðum hans má ráða að það sé með endingu. Valtýr Guðmundsson (1922:63) greinir viðskeytin að og segir *ing*-orðin hafa endinguna

ein þýdd og ein endurskópuð. Þær eru *Sagan af Marroni sterka*, *Sagan af Zadig*, *Fimbræðra saga* og *Ágrip af Heiðarvíga sögu*.

¹⁵ Aðeins eitt dæmi er um orð með endingu -*ung*. Það er í þágufalli og er endingarlaust, *hörmung*. Það er hjá Jóni Oddssyni Hjaltalín (2006:81): *hörmung*.

-u í þölfalli og þágufalli en *ung*-orðin vera ýmist með eða án endingar í þágufalli. Á þölfallið minnist hann ekki. Í útlendingakennslubók Sigfúsar Blöndals og Stemanns (1959:68)¹⁶ eru *ing*- og *ung*-orðin með öðrum endingarlausum orðum í þölfalli og þágufalli. Fram kemur þó að mörg viðskeyttu orðanna hafi endingu í umræddum föllum. Stefán Einarsson (1945:38) segir að *ing*-orðin endi á *-u* í þölfalli og þágufalli en þau sem enda á *-ung* geti endað á *-u* en þá einungis í þágufalli og tekur orðið *djörfung* sem dæmi.

Halldór Halldórsson (1950:91) getur þess í bók sinni um formmálið að *ing*- og *ung*-orðin endi á *-u* í nútímmáli í þölfalli og þágufalli eintölu. Hjá Kress (1982:65–66) enda *ing*- og *ung*-orðin líka á *-u* í þölfalli og þágufalli eintölu. Í athugasemd segir að *ung*-orðin séu stundum endingarlaus í þöfllinu. Þar segir líka að stundum séu *ing*- og *ung*-orðin án endingar bæði í þölfalli og þágufalli. Sú athugasemd hlýtur að teljast athyglisverð. Jón Friðjónsson (1983:15) hefur þöfllsendinguna valfrjálsa í orðum sem enda á *-ing*.¹⁷ Hann tekur hins vegar fram að orðið *nýjung* sé endingarlaust í þágufalli. Enda þótt hann minnist ekki á þöfllið þá hlýtur það einnig að vera svo. Um orðin sem enda á *-ing* segir Jón G. Friðjónsson (2006:38) rúmlega tuttugu árum síðar að þau endi á *-u* í þölfalli, þó ekki í föstum orðasamböndum. Jón Hilmar Jónsson (1984:20–21) segir *u*-endinguna skyldubundna bæði í þölfalli og þágufalli þeirra orða sem enda á *-ing*. Guðrún Kvaran (2005:400) segir að í nútímmáli endi *ing*-orðin alltaf á *-u* í þölfalli enda þótt svo hafi ekki verið í fornu máli. Á orðin sem enda á *-ung* minnist hún ekki. Í BÍN er orðið *sýning* með endingu í þölfalli og þágufalli en orð eins og *djörfung* og *nýjung* eru það ekki¹⁸ Af íO¹⁹ má það eitt ráða að orðin *sýning* og *hörmung* beygist eins, séu endingarlaus í þölfalli og þágufalli, enda engar upplýsingar gefnar; það sama á raunar við um orðið *nýjung* í íO (2002:1074) enda þótt í undirgrein standi gera e-ð af *nýjungu*.

Þær upplýsingar sem fram koma í heimildum frá 20. öld má sjá samandregnar í (7) og (8). (7) varðar *ing*-viðskeytið. Þar stendur +E fyrir rit sem öllum ber saman um niðurstöður.²⁰

¹⁶Bókin kom fyrst út 1943.

¹⁷Sjá dæmi (12)d.

¹⁸BÍN =Beygingarlýsing íslensks nútímmáls er á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

¹⁹íO = Íslensk orðabók (2002).

²⁰Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í (8): FJ vísar til Finns Jónssonar (1905), SB/S til Blöndals/Stemann og BK til Kress. +E vísar til eftirtalinnar rita: VG til Valtýs

(7) Viðskeytið *-ing*

	FJ	SB/S	BK	+E
þolfall	-u	(-)	- z	(+)
þágufall	-u	+	- z	(+)

z = mörg orð geta haft endinguna

Lýsing Valtýs Guðmundssonar (1922) á beygingu *ing*-orða fellur vel að máli líðandi stundar eins og glögglega má sjá í (7). Það kemur á óvart hve fornleg viðmið Blöndals/Stemanns eru og hve Kress er lítt afdráttarlaus í skoðunum sínum. Ástæðan gæti verið sú hve mjög hann miðar við ritmál í allri sinni greiningu. Jón Friðjónsson (1983) taldi þolfallsendinguna valfrjálsa en breytti svo lýsingu sinni tveimur áratugum síðar eins og rakið var hér áður.

(8) varðar viðskeytið *-ung*. +E stendur fyrir tvö rit sem ber saman um niðurstöður en -E stendur fyrir þrjú rit sem öll eru á öndverðri skoðun við þau fyrرنefndu.²¹

(8) Viðskeytið *-ung*

	FJ	VG	SB/S	SE	BK	+E	-E
þolfall	-u	(-)	-	- z	-	(+)	+
þágufall	-u	+	(+)	- z	(+)	(+)	+

Upplýsingarnar um *ung*-orðin er nokkuð misvísandi. Í sumum yngstu ritunum er gert ráð fyrir endingarleysi í báðum föllum, öðrum ekki. Dæmi eru þó ekki alltaf gefin.

2.4 Vensl viðskeyta, beygingarendinga og ákveðna greinisins

Í handbókum eru hvergi sýnd dæmi um beygingu *ing*- og *ung*-orða með ákveðnum greini. Þó finnast dæmi í orðabókum sem sýna beyginguna. Í *Snorra-Eddu*, sbr. Snorra Sturluson (1931:104), er *lækningina*. Þetta er í samræmi við endingarlaust þolfall enda getur *-i*-einungis verið hluti greinisins. Á hinn bóginn er *-u*- þá beygingarending.

Guðmundssonar, SE til Stefáns Einarssonar, HH til Halldórs Halldórssonar, JGF til Jóns G. Friðjónssonar (2006), JHJ til Jóns Hilmars Jónssonar, GK til Guðrúnar Kvaran (2005) og BÍN.

²¹+E vísar til HH og Hb en -E til BÍN og JF, þ.e. Jóns Friðjónssonar (1983). Tekið skal fram að vísað er til Jóns G. Friðjónssonar (2006) = JGF í sambandi við viðskeytið *-ing* en Jóns Friðjónssonar (1983) = JF um *-ing* og *-ung* enda ræðir hann ekki um hið síðarnefnda í yngri heimildinni. Aðrar skammstafanir koma fyrir í (7).

Fróðlegt er að skoða birtingingarform greinisins og þar með vensl endingarinnar *-u* og greinisins bæði í *Nýja testamentinu* og í *Guðbrandsbiblú*. Þeim má lýsa á eftirfarandi hátt:

(9)	Vensl endingarinnar <i>-u</i> og greinisins	ÞAGUFALL
<i>Nýja testamentið</i>	ÞOLFALL	ÞÁGU FALL
	<i>-Ø, -u</i> <i>líkingina,</i> <i>blóðsúthellinguna</i>	<i>-u, -Ø</i> <i>mælingu, ritning-Ø</i> <i>nýjungu, háðung-Ø</i>
<i>Guðbrandsbiblía</i>	<i>-Ø, -u</i> <i>merking-Ø, fyllingu</i> <i>festingina, festinguna</i> <i>hörmung-Ø hörmungina</i>	<i>-u, -Ø</i> <i>festingu, fylking-Ø</i> <i>hörmungu, hörmung-Ø</i> <i>hörmunginni, hörmungunni</i> <i>festingu, (*festinginni)</i>

Þótt aðeins tæplega hálf öld skilji ritin að er töluverður munur á máli þeirra. Í báðum endar þolfall ýmist á *-u* eða er endingalaust. Sé við komandi orð með greini hjá Oddi kemur *i*-endingin ávallt á undan greininum nema í einu tilviki, þ.e. *blóðsúthellinguna*. Hjá Guðbrandi er staðan öðrvísi. Þágufallsendingen *-u* í ákveðna forminu *festingu* gefur e.t.v. til kynna að greinirinn sé forsenda þess að endingin festist í sessi enda þótt greinislusu dæmin séu með og án endingar. Vafasamt er þó að fullyrða um of enda kann það að vera tilviljun að orð-myndin **festingu* finnst ekki. Á hinn bóginн er athyglisvert að sjá orðið *hörmung* með og án greinis. Kannski má ætla sem svo að staða endingarinnar sé valtari meðal *ung*-orðanna.

Ekki verður annað ráðið af þessu en að *u*-endingin hafi fest sig fyrr í sessi í orðum með greini en án hans. Það má sjá í (10) þar sem sýnd er hugsanleg beyging orðsins *festingu* í nefnifalli, þolfalli og þágufalli í *Guðbrandbiblú*, sbr. Bandle (1956:217–218):²²

(10)	nefnifall	<i>festingu</i>	<i>festingu</i>
	þolfall	<i>festingu, festingu</i>	<i>festingina, festinguna</i>
	þágufall	<i>festingu, festingu</i>	<i>festingu</i>

Í þolfalli og þágufalli eru algengari formin höfð á undan. Þannig er *festingu* algengara en *festingu* í þolfalli en í þágufalli á hið gagnstæða við. Séu orðin með greini þá er aðeins eitt form til staðar í þágufalli en tvö í þolfalli.

²²Beygingardæmið í (10) er sett saman úr raunverulegum heimildum sambærilegra orða.

Það má kallast meginregla að þolfall og þágufall kvenkynsorða séu eins. Svo var þó ekki alltaf eins og viðfangsefnið hér sýnir. Fræðilega séð var um tvær endingar að velja, -Ø og -u. Beygingin sem lýst er í (9) og (10) er breytileg, ekki síst í þolfalli og þá vegna greinisins. Með því er verið að vísa til sérhljóðsins sem getur birst á two vegu, sem -i, sbr. *festingina*, eða sem -u, sbr. *festinguna*. Í þessu sambandi má vísa til orða Bandle (1956:233) um upprunaleg i-stofna orð í *Guðbrandsbiblú*. Hann segir *u*-endinguna sjaldgæfa í þolfalli. Hann nefnir orðin *jörð* og *strönd* og segir skýringalaust að endinguna sé því aðeins að finna að orðin séu greinislaus. En staðreyndin er sú að hefðu orðin verið með *u*-endingu og greini þá væri komið sams konar misræmi innan beygingardæmisins og lýst var í (9).

Niðurstaðan er því sú að beyging *ing*-orðanna hlaut að breytast. Enda þótt möguleikarnir séu tveir þá er rökréttara að þolfall og þágufall endi á -u en ekki -Ø. Þar skiptir þágufallið mestu enda var *u*-endingin miklu algengari í því falli, jafnvel þótt orðið væri greinistaust. *u*-endingin er líka vænlegri kostur út frá upplýsingagildinu enda gefur það fallendingu til kynna; það er því „feitara“ morfemið skv. fyrsta lögmáli Kuryłowicz (1945–1949) um áhrif og eðli áhrifsbreytinga; sjá líka Collinge (1985:249–250). Sé hins vegar tekið mið af viðskeytinu -ung í (9) þá er líklegra að orð eins og t.d. *hörmung* verði í þágufalli með greini *hörmunginni* enda þótt -u- í stað -i- sé alls ekki útilokað.

2.5 Samantekt

Hér hefur verið rakin beygingarsaga viðskeyttra orða af sömu gerð og kvenkynsorðin *sýning* og *nýjung* allt til nútíðarmáls. Enda þótt beyging þeirra hafi í fyrstu haft ákveðna sérstöðu gagnvart öðrum sterkum kvenkynsorðum er þó ljóst að í beygingu(m) *ing*- og *ung*- orðanna felst snertiflotur við önnur beygingarmynstur vegna fallendinga, sbr. (1). Svo er líka hér þar sem þolfall og nefnifall eru eins; það sama á við um meirihluta sterkra kvenkynsorða. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að í snertifletinum er jafnframt fólginn lífskraftur beygingarinnar. Ella hefði beygingin öll breyst, ekki aðeins hluti hennar.

Sérstaka athygli vöktu tengsl greinisins við *u*-endinguna, einkum í þolfalli. Þegar viðskeytin áttu í hlut gat *u*-endingin stundum verið skilyrt af viðskeytta greininum eins og í *Nýja testamentinu*, sbr. (3) í 2.2

og (9) í 2.4. Hins vegar voru dæmi þess að annars konar orð fengju því aðeins endingu að þau væru greinislaus, sbr. 2.4.

3 Viðskeytið *-ing* og *-ung* og sérþróun hvors viðskeytis

3.1 Inngangur

Á árinu 2009 komu út tvö greinasöfn um orðabókafræði sem eiga rætur að rekja til starfsemi orðabókafræðistofnunar Árósaháskóla, Center for lexikografi. Þar hefur um árabil farið fram öflugt og gróskumikið starf sem aflað hefur stofnuninni álits og virðingar í fræðaheiminum. Greinasöfnin endurspeglar vel þá áherslu sem einkennir starf stofnunarinnar, þar sem þarfir þekkingar- og upplýsingasamfélags nútímans fyrir gagnaleit og gagnamiðlun í margvíslegu formi eru mjög í brennidrepli.

Lexicography at a Crossroads. Dictionaries and Encyclopedias Today, Lexicographical Tools Tomorrow. Henning Bergenholz, Sandro Nielsen & Sven Tarp (eds). Peter Lang. Bern 2009.
ISBN 978-3-03911-799-4. 372 bls.

Greinasafnið byggist á fyrirlestrum sem fluttir voru á samnefndu málþingi sem Center for lexikografi efndi til í Árósum vorið 2008. Þangað var boðið hópi orðabókafræðinga úr öllum heimsálfum en auk þeirra tóku heimamenn virkan þátt í málþinginu. Ritið hefur að geyma 15 greinar um margvísleg viðfangsefni orðabókafræðinnar. Í inngangi leggja Henning Bergenholz, Sandro Nielsen og Sven Tarp áherslu á að þörf sé á að endurmóta hina fræðilegu undirstöðu í ljósi breytrra viðhorfa til hlutverks orðabóka og þeirra möguleika til þekkingarmiðlunar sem spretta af nýjungum í tækni og gagnavinnslu. Sven Tarp fylgir þeim hugleiðingum eftir í grein sinni þar sem hann fjallar um stöðu og vanda orðabókafræðinnar andspænis nýjum áskorunum. Tarp heldur því fram að orðabókafræðin glími við tilvistarkreppu, sem m.a. lýsi sér í því að fræðilegar nýjungar og framfarir hafi aðeins að óverulegu leyti sett mark sitt á hagnýta orðabókagerð. Tarp leggur áherslu á sérstöðu og sjálfstæði orðabókafræðinnar, ekki síst gagnvart málfræði og málvísindum sem hún hefur löngum verið tengd við. Til að tryggja

markvissa og árangursríka notkun orðabóka í upplýsingaflóði nútímans þurfi að rannsaka raunverulegar notkunarþarfir og haga efniskipan og framsetningu þannig að hver og einn rati sem best að þeim upplýsingum sem máli skipta.

Gerð rafrænna orðabókargrunna, sem gegnt geta margvíslegum hlutverkum, og miðlun orðabókarefnis í rafrænu formi er umræðu-efni margra greinanna. Í því samhengi er kallað eftir róttækum nýjungum og meiri sveigjanleika í efnisskipan (Julia Pajzs), m.a. með því að stórauka vægi fleiryrra flettna (Jón Hilmar Jónsson) og innleiða sveigjanleika í röðun merkingarbrigða eftir því hvaða hlutverki orðabókin á að gegna (Robert Lew). Margvísleg skírskotun orðabókarlegra upplýsinga er einnig til umræðu, m.a. gagnvart tilteknnum notenda-hópum við ákveðnar aðstæður (Patrick Leroyer). Yukio Tono lýsir í grein sinni þeirri miklu grósku sem er í gerð rafrænna vasaorðabóka af ýmsu tagi í Japan og bendir á að efni þeirra og efnisskipan móta-st enn um of af rótgrónum prentuðum orðabókarverkum. Veflægar orðabækur með frjálsum aðgangi ryðja sér nú mjög til rúms. Gerard Meijssen lýsir því hvernig orðabókarkerfin Wiktionary og OmegaWiki hafa verið byggð upp sem afsprengi alfræðivefsins Wikipedia. Pedro A. Fuertes-Olivera fjallar í grein sinni um Wiktionary sem dæmigerð-an fulltrúa veforðabóka af þessu tagi, í ljósi kenninga Bergenholz og Tarp um orðabókarhlutverk og notendaþarfir. Joseph Dung gerir grein fyrir þeim kröfum sem gera verði til veforðabóka um aðgengileika, hnitmiðun og umfang. Serge Verlinde og Jean Binon lýsa hlutverki orðabókarefnis í kerfi námsgagna sem ætlað er erlendum nemendum í frönsku, þar sem virkur orðaforði er byggður upp með því að sýna notkun orða í samhengi með textadæmum úr stórrri málheild. Rufus H. Gouws fjallar um breytt stöðlunarhlutverk orðabóka í heimi raf-rænnar miðlunar þar sem taka þurfi aukið tillit til breytileika í máli og málnotkun. Zhang Yihua setur fram lýsingu á heildstæðum orðabók-argrunni fyrir tvímála orðabækur. Loks er að nefna tvær greinar sem veita innsýn í orðabókarmenningu tveggja landa, Brasilíu (Philippe Humblé) og Indlands (Raja Saravanan).

Lexicography in the 21st Century. In honour of Henning Bergenholz. Edited by Sandro Nielsen & Sven Tarp. John Benjamins Publishing Company. Amsterdam/Philadelphia 2009. ISBN 978-90-272-2336-4. 341 bls.

Ritið er gefið út til heiðurs prófessor Henning Bergenholz í tilefni af 65 ára afmæli hans. Bergenholz hefur á löngum starfsferli haft mikil og mótandi áhrif á mörgum sviðum orðabókafræðinnar og varð á sínum tíma fyrstur manna í heiminum til að hljóta prófessorsstöðu í þeirri fræðigrein (við Verslunarháskólann í Árósum árið 1986). Auk viðamikilla rannsókna hefur hann átt hlut að gerð og útgáfu fjölmargra orðabóka og verið í forystu um margvísleg verkefni í alþjóðlegu samstarfi. Meðal norrænna orðabókamanna er hann m.a. þekktur sem ritstjóri tímaritsins *LexicoNordica* og einn höfunda *Nordisk leksikografisk ordbok*. Aftast í ritinu er birt ýtarleg skrá um ritverk Henning Bergenholz.

Í ritinu, sem skipt er í fimm hluta, eru greinar eftir 14 höfunda. Í fyrsta hluta eru greinar um orðabækur almennt, efnisskipan þeirra og aðgangsleiðir notenda. Þar fjallar Rufus Gouws um breytilega megin-skipan (makróstrúktúr) orðabóka og lýsir því hvernig aðgangsleiðir þurfa að taka mið af hlutverki orðabókarinnar sem um ræðir. Sandro Nielsen ritar um mismunandi sjónarmið við orðabókagagnrýni og setur fram meginreglur í því efni. Sven Tarp fjallar um gagnaþörf notenda við ólíkar notkunaraðstæður og leggur áherslu á að greiður aðgangur og hnitiðun skipti meginmáli. Herbert Ernst Wiegand ritar um efnisskipan og samþættar efniseiningar orðabókargreina.

Í öðrum hluta bókarinnar er umræðuefnið hlutverk orðabóka og orðabókanotendur. Sven-Göran Malmgren gerir grein fyrir stöðu þeirra efnispáttá í *Svensk ordbok* (1986, 2009) sem lúta að málbeitingu, með tillti til þess að orðabók af því tagi gegnir jafnframt og ekki síður skýringarhlutverki. Patrick Leroyer lýsir því hvernig orðabókafræðileg nálgun og sjónarmið geta styrkt margvíslega upplýsingamiðlun til ferðamanna. Lars S. Vikør lýsir málstöðlunarhlutverki orðabóka, með hliðsjón af stafsetningarorðabókum um fjögur norræn mál og hollensku.

Í þriðja hluta eru greinar um tegundarflokkun og inngangsefni orðabóka. Bo Svensén lýsir endurskoðun og umbótum á þeirri tegundarflokkun orðabóka sem hann mótaði á sínum tíma í *Nordisk leksikografisk ordbok*. Pedro A. Fuertes-Olivera ritar um þær kröfur sem

hann telur að gera þurfi til stuðnings- og inngangsefnis sérhæfðra orðabóka.

Í fjórða hluta er fjallað um gagnaheimt og málheildir. D.J. Prinsloo veltir fyrir sér hlutverki málheilda í orðabókum framtíðarinnar og Franziskus Geeb lýsir því hvernig nota má orðabókargögn sem þekkingarstofn fyrir vélrænan talbúnað.

Fimmti hlutinn hefur svo að geyma greinar um orðastæður og orðasambönd. Marie-Claude L'Homme gerir grein fyrir aðferðafræði sem mótuð hefur verið til að lýsa orðastæðum í sérhæfðum orðabókum. Jón Hilmar Jónsson lýsir því hvernig orðastæður og önnur orðasambönd vitna um merkingarvensl orða og eru þar með undirstöðugögn við gerð samheita- og hugtakaorðabóka. Loks rekur Thomas Herbst hvernig setningarlegum þáttum í orðanotkun hefur verið lýst í orðabókum sem ætlað er málbeitingarlegt hlutverk og gerir grein fyrir þörf á umbótum í þeim efnum.

Jón Hilmar Jónsson

Tvö rit frá norrænum ráðstefnum á Íslandi

Sumarið 2007 voru haldnar tvær norrænar ráðstefnur á Íslandi sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum átti aðild að, níunda ráðstefnan um orðabókafræði á Norðurlöndum sem haldin var á Akureyri í júní á vegum Norræna orðabókafræðifélagsins (NFL) og fjortánda norræna ráðstefnan um nafnfræðirannsóknir á vegum NORNA sem fór fram í Borgarnesi í ágúst. Ráðstefnurit frá báðum þessum ráðstefnum voru gefin út síðla árs 2008 í samvinnu félaganna og stofnunarinnar og önnuðust starfsmenn hennar ritstjórn og útgáfu þeirra.

Nordiske Studier i Leksikografi 9. Rapport fra konference om leksikografi i Norden, Akureyri 22.–26. maj 2007. Ritstjórn: Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson og Jón Hilmar Jónsson. (Skrifter udgivet af Nordisk Forening for Leksikografi. Skrift nr. 10.) Reykjavík: NFL i samarbejde med Språkrådet i Norge og Árni Magnússon-instituttet for islandske studier. 2008. ISBN 938-9979-654-05-6. 497 bls.

Í ritinu eru birtar 37 greinar eftir 44 norræna og evrópska höfunda, flesta frá Danmörku og Noregi, og eiga sumir aðild að fleiri en

einni grein. Flestar greinanna eru skrifaðar á dönsku, norsku eða sænsku með útdraetti á ensku og hverri grein fylgir heimildaskrá yfir tilvitnuð rit. Einnig er í ritinu ítarleg atriðisorðaskrá sem auðveldar lesendum að glöggva sig á viðfangsefnunum.

Greinarnar byggjast allar á fyrilestrum frá ráðstefnunni og snerta margs konar hagnýt og fræðileg viðfangsefni tengd orðabókum og orðabókagerð. Allmargar greinar fjalla um orðabækur sem eru í smíðum eða nýlega komnar út. Þar má nefna tvímálaorðabækur eins og sænsk-danska orðabók sem unnið er að í Danmörku (Kjeld Kristiansen) og íslensk-dönsku/sænsku/norsku veforðabókina ISLEX sem er samstarfsverkefni milli íslenskra, danskra, sænskra og norskra háskóla- og menningarstofnana (Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir), einmála orðabækur eins og Norsk ordbok (Kristin Bakken og Oddrun Grønvik o.fl.) og *Jysk ordbog* (t.d. Inger Schoonderbeek Hansen) svo og ýmsar sérhæfðar orðabækur, s.s. réttritunarorðabækur (Ari Páll Kristinsson; Anita Ågerup Jervelund og Jørgen Schack). Einnig eru í ritinu greinar um orðasambönd og orðastæður (t.d. Torben Arboe; Ken Farø og Erla Hallsteinsdóttir; Nina Martola), um orðabókanotkun (Alexandra Granström; Ann-Kristin Hult), um orðanet (Bolette Sandford Pedersen, Sanni Nimb og Lars Trap-Jensen; Jón Hilmar Jónsson) og um gamlar orðabækur (Simon Skovgaard Boeck; Dagfinn Worren). Í heild gefur ritioð því glöggva mynd af þeim fjölbreytilegu viðfangsefnum sem norrænir orðabókahöfundar og orðabókafræðingar eru að fást við um þessar mundir.

Norræn nöfn – Nöfn á Norðurlöndum. Hefðir og endurnýjun / Nordiska namn – Namn i Norden. Tradition och förnyelse. Handlingar från Den fjortonde nordiska namnforskarkongressen i Borgarnes, 11–14 augusti 2007. Ritstjórn: Guðrún Kvaran, Hallgrímur J. Ámundason, Jónína Hafsteinsdóttir og Svavar Sigmundsson. (Norna-rapporter 84.) Uppsala: Norna-förlaget i samarbete med Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. 2008. ISBN 978-91-7276-083-7. 537 bls.

Heiti ritsins, *Norræn nöfn – Nöfn á Norðurlöndum. Hefðir og endurnýjun*, er sótt til þema ráðstefnunnar og það er enn fremur titillinn á samantekt Bente Holmberg sem birt er á dönsku og ensku í lok bókarinnar og gefur yfirlit yfir helstu viðfangsefni fyrirlesara á þinginu og þá um

leið efni greinanna í ritinu. Þar birtast greinar byggðar á 43 þeirra 46 fyrirlestra sem fluttir voru í Borgarnesi auk setningarræðu Vésteins Ólasonar og áðurnefndrar samantektar. Flestar greinanna eru skrifaðar á dönsku, norsku eða sænsku með enskum efnisútdrátti en fáeinan greinar eru ritaðar á ensku og þá með útdrátti á einhverju Norðurlandamálanna.

Greinarnar fjalla flestar annaðhvort um mannanöfn eða örnefni en frá mörgum ólíkum sjónarhornum. Þannig er í ýmsum greinum fjallað um mannanafnaforðann og þróun hans, bæði m.t.t. fornafna og eftirnafna (Birgit Eggert; Eva Brylla og Sonja Entzenberg o.fl.), og um nafngiftir og hvernig þær mótaðst af tíðaranda, samfélagi, menningu og lagaramma (Anfinnur Johansen; Emilia Aldrin; Guðrún Kvaran). Hér má einnig nefna greinar um viðurnefni og gælunöfn (t.d. Leif Nilsson; Kendra J. Willson) og um nöfn í bókmenntaverkum, m.a. áhrif þeirra á nafngiftir (Guðrún Bjarkadóttir; Katharina Leibring; Benedicta Winde). Greinar um örnefni eru sömuleiðis fjölbreyttar að efni og innihaldi. Þar má nefna yfirlit og umfjöllun um örnefni á ákveðnum svæðum (t.d. Richard Coates; Rúna K. Tetzschner), þ.á m. nokkrar greinar um örnefni og staðarheiti í þéttbyli (Terhi Ainiala; Riikka Eskelinen; Annette C. Torensjö). Einig er fjallað um tiltekna flokka örnefna, t.d. nöfn sem enda á *-torp* (Peder Dam) og nafnliðinn *holt* (Tom Schmidt), um uppruna og þróun örnefna (t.d. Þórhallur Vilmundarson), um málsögulega þróun örnefna og staðarheita sem víkur oft frá því sem gerist í almenna orðaforðanum (Haraldur Bernharðsson) og um alþýðuskýringar í tengslum við örnefni (Per Vikstrand). Eins og dæmin sýna vitnar ritið um fjölbreytileg viðfangsefni nafnfræðinga á Norðurlöndum.

Ásta Svavarsdóttir

Tvö greinasöfn um málstýringu og stöðlun

Helge Omdal & Rune Røsstad (ritstj.). *Språknormering – i tide og utide?* Oslo: Novus forlag. 2009. ISBN 978-82-7099-518-9. 299 bls.

Haustið 2007 var haldin ráðstefna við háskólann í Agder í Noregi undir yfirskriftinni *Behov for eller trang til å normere?* (Þörf eða löngun til að staðla?) og greinarnar í safninu byggjast á fyrillestrum sem þar voru

haldnir. Alls eru greinarnar 19 og ritstjórarnir fylgja þeim úr hlaði með ítarlegum inngangi. Flestir höfundanna eru norskir og fjalla fyrst og fremst um norskar málaðstæður. Þær einkennast ekki síst af því að þar eru tveir ritmálsstaðlar, bókmál og nýnorska, auk þess sem gildandi reglur um málnotkun á opinberum vettvangi veita talsvert valfrelsi í rithætti og vali orðmynda innan hvors afbrigðis. Aðstæður í Noregi eru því um margt óvenjulegar. Í greinunum er drepið á ýmis hagnýt og fræðileg úrlausnarefni sem hafa víðari skírskotun. Meðal höfunda eru Gunnstein Akselberg sem fjallar um afstöðu málnotenda til stöðlunar í talmáli, Endre Brunstad og Jan Olav Fretland sem báðir fjalla um málrækt í nýnorsku samhengi, Svein Lie sem ræðir um erlend nöfn í norsku, Helge Sandøy sem fjallar um staðalmál (standardspråk) og Ragnhild Tønnessen sem spyr hvernig megi bregðast við ókostunum sem fylgja valfrelsingu. Í safninu eru einnig greinar eftir erlenda höfunda sem tóku þátt í ráðstefnunni. Sérstakir gestafyrirlesarar voru þau Kerstin Gúthert frá Þýskalandi, Olle Josephson frá Svíþjóð og Jørn Lund frá Danmörku sem öll eiga grein í ritinu þar sem þau fjalla um málstöðlun og málrækt í sínu landi. Auk þeirra skrifar Ari Páll Kristinsson um stöðlun beygingarmynda í íslensku, Charlotta af Hällström-Reijonen um finnlandssænska málrækt og Wim Vandebussche um málstýringu og málstöðlun í hinum flæmska hluta Belgíu á 19. öld.

Marie Maegaard, Frans Gregersen, Pia Quist & J. Normann Jørgensen (ritstj.). *Language attitudes, standardization and language change. Perspectives on themes raised by Tore Kristiansen on the occasion of his 60th birthday*. Oslo: Novus forlag. 2009. ISBN 938-82-7099-527-1. 316 bls.

Þetta greinasafn er gefið út í tilefni af sextugsafmæli norska málfræðingsins Tore Kristiansen sem hefur búið alla starfsævi sína í Danmörku og starfar við Norraenu rannsóknarstofnunina (Nordisk forskningsinstitut) við Kaupmannahafnarháskóla. Viðfangsefni greinanna í ritinu taka mið af áhuga- og rannsóknasviði hans. Tore Kristiansen hefur einkum fengist við mállyskur og félagsmálfræði og er þekktur á Norðurlöndum og víðar fyrir rannsóknir sínar, ekki síst á sambandi mállysksna og staðalmáls og á viðhorfum málnotenda og málsamfélags og áhrifum þeirra á þróun tungumálsins. Tveir ritstjórnar, þau Frans Gregersen og Pia Quist, skrifa ítarlegan inngang að

greinunum þar sem þau fjalla um líf Tores og störf og setja rannsóknir hans og niðurstöður þeirra í samhengi, m.a. við umfjöllunar-efni vina hans og samstarfsmanna í greinunum sem á eftir fylgja. Auk inngangsins eru 14 greinar í ritinu, allar skrifaðar á ensku. Höfundarnir eru margir virtir og víðkunnir fræðimenn en meðal þeirra eru líka yngri samstarfsmenn og nemendur Tores.

Greinunum er skipt í þrjá hluta. Í þeim fyrsta, sem ber yfirskriftina *Kenning* („Theory“), eru fimm greinar: Nikolas Coupland skrifar um mállýskur og staðalmál og tekur einkum dæmi af málþróun í Bretlandi. Inge Lise Pedersen ritar um stöðlun og hugmyndafræðilegan grundvöll hennar, einkum í ljósi sögulegrar þróunar í Danmörku allt frá því á 16. öld. Helge Sandøy ritar grein þar sem hann setur fram túlkun á niðurstöðum úr rannsókn á nýlegum aðkomuorðum í sjö norrænum málsamfélögum, s.k. MIN-verkefni. Hann telur ólíka afstöðu almennings til erlendra máláhrifa í þessum samfélögum sprottna af menningarmun — ólíkri málmenningu — sem rekja megi til mismunandi sögulegra aðstæðna. Munurinn felur m.a. í sér missterka samfélagslega vitund um tungumálið og stöðu þess gagnvart öðrum málum og mállýskum. Í grein Anthony Mulac, Howard Giles o.fl. er fjall-að um kynbundna þætti sem hafa áhrif á það hvernig fólk metur viðmælendur sína og þar er sett fram líkan um tjáskipti þar sem kynferði kemur við sögu. Loks skrifar Dennis R. Preston grein sem hann kallar „Are you really smart (or stupid, or cute, or ugly, or cool)? Or do you just talk that way?“. Þar fjallar hann um rannsóknir á afstöðu til málbrigða og málnotenda, um sambandið á milli meðvitaðra og ómeðvitaðra viðhorfa og túlkun á niðurstöðum þekktra rannsókna, t.d. at hugunum Labovs í New York 1966 og rannsóknum Tore Kristiansen í Næstved, í ljósi þess líkans sem hann setur fram í greininni. Annar hluti bókarinnar hefur yfirskriftina *Aðferð* („Method“). Þar eru fjórar greinar um afmörkuð viðfangsefni. Þrjár þeirra eru skrifaðar af samstarfsfólki Tores við LANCHART-setrið í Kaupmannahöfn. Þær fjalla um ákveðna þætti í þeim rannsóknum sem þar fara fram á dönsku máli, málbrigðum og málsamfélagi, einkum með tilliti til þess hvernig þróunin hefur verið síðustu ár og áratugi (Marie Maegaard; Nicolai Pharaor; Christopher Hare Svenstrup og Jacob Thøgersen). Fjórða greinin í þessum hluta er eftir Peter Garrett og Angie Williams. Hún fjallar um samskipti milli kynslóða og hvernig fólk á ólíkum aldri túlk- ar hugtök sem notuð hafa verið um ólík aldursskeið, t.d. „miðaldra“

eða „unglingur“, í samanburði við raunaldur. Þriðji og síðasti hlutinn ber fyrirsögnina *Málbrigði* („Varieties“). Þar skrifar Leila Mattfolk um staðbundin tilbrigði í finnlandssænsku og Janus Spindler Møller um fastmótaða eða stereotípíska flokkun stílafbrigða hjá tilteknun minnihlutahópi í Danmörku. Ursula Ritzau, Marta Kirilova og J. Normann Jørgensen fjalla um dönsku sem annað tungumál, einkum með tilliti til viðhorfa gagnvart afbrigðum og framandi hreim sem kemur fram í máli þeirra sem ekki hafa dönsku sem móðurmál, og Peter Garrett skrifar um viðhorf Japana og Kínverja til mismunandi afbrigða af ensku, þ.e.a.s. ástralskrar og nýsjálenskrar ensku auk breskrar og bandarískrar. Síðustu greinina í safninu ritar Lars Anders Kulbrandstad. Viðfangsefnið er athugun á því hvernig fólk víða í Evrópu lýsir málnotkun og framburði útlendinga sem tala mál þess. Sjónum er einkum beint að hugtakinu „broken (language)“ og samsvörun þess á ýmsum málum (t.d. da./no. *gebrokken*, sæ. *bruten*, ísl. *bjagaður* o.s.frv.) og þeirri myndhverfingu sem felst í því að nota það um tungumál.

Ásta Svavarsdóttir

Sverrir Hólmarsson, Christopher Sanders, John Tucker.

Íslensk-ensk orðabók. Önnur útgáfa – aukin og endurskoðuð.

Ráðgjafi fyrstu útgáfu Svavar Sigmundsson. Ritstjóri annarrar útgáfu Christopher Sanders. Ráðgjafi Jón Skaptason.

Forlagið, Reykjavík 2009. ISBN 978-9979-53-528-7. Ixiv, 569 bls.

Íslensk-ensk orðabók er nú komin út öðru sinni en tuttugu ár eru liðin frá fyrstu útgáfu. Þegar á árunum 2003–2004 var aukið við orðaforða fyrstu útgáfu og hann endurskoðaður til þess að hann nýttist við vefnámskeiðið Icelandic Online hjá Háskóla Íslands. Textinn var síðan enn yfirfarinn með það að markmiði að gefa út endurskoðaða útgáfu. Orðaforðinn var aukinn um 4000 orð, þ.e. úr 24.000 flettiorðum í um 28.000.

Í formála gerir ritstjóri grein fyrir helstu hjálpargögnum við vinnslu bókarinnar sem séu umtalsvert betri en fyrir um tuttugu árum. Þeir Sverrir Hólmarsson, sem nú er látinna, höfðu lagt drög að gagngerri endurskoðun og stækkan í 50.000 flettiorða bók. Þetta mun fyrsta skref í átt til þeirrar stækkunar og verður fengur að enn stærra riti þótt síðar verði.

lauslegur samanburður við fyrstu útgáfu sýnir að bókin mun koma að enn meira gagni en hin fyrri bæði fyrir nemendur og allan almenning sem þarf að skrifa enskan texta. Leiðbeiningar um notkun eru ítarlegar, bæði á íslensku og ensku og bókinni fylgir, eins og þeirri fyrri, ágrip að málfræði eftir Svavar Sigmundsson.

Guðrún Kvaran

Adrian Room. *Alternate Names of Places. A Worldwide Dictionary*. McFarland & Company, Inc., Publishers. Jefferson, North Carolina, and London. 2009. ISBN 978-0-7864-3712-2.

Breski nafnfræðingurinn Adrian Room hefur tekið saman uppsláttarrit um það sem e.t.v. má kalla „víxlnöfn“ (alternate names) fjölmargra staða víðs vegar um heim. Hann hefur áður sent frá sér um hálft hundr-að bóka um orð og nöfn úr ýmsum áttum. Rit hans eru flest ef ekki öll uppsláttarrit eða orðasöfn fremur en samfelldur texti. Adrian Room lætur sér fátt óviðkomandi, hann fjallar um örnefni, nöfn manna, dýra og verslana, titla bókmenntaverka, tónverka og annarra listaverka, dulnefni, tölur og peringa og greinir frá uppruna og sögu orðanna. Nefna má ritið *An Alphabetical Guide to the Language of Name Studies* (London 1996) þar sem orðafar nafnfræðinnar er kynnt með uppruna-skýringum og dæmum.

Í þeirri bók sem hér er stuttlega sagt frá hefur höfundur safnað saman víxlnöfnum, nýjum og gömlum, meira en 7000 staða og er all-ur heimurinn undir eins og raunar í fleiri ritum hans. Nöfnin munu þó nær því að vera 9000 talsins því að margir staðir bera eða hafa borið fleiri en eitt nafn. Höfundur skilgreinir víxlnöfn sem opinber nöfn staðanna, eða a.m.k. hálfopinber, en hann telur ekki auknefni, styttingar eða annað þess háttar sem notað er í daglegu tali fólks. Undir hinu opinbera nafni, sem ósjaldan er ensk nafnmynd, eru tilgreindar aðrar myndir, fyrst heitið á tungumáli viðkomandi lands hafi það ekki verið sjálfst uppflettiorðið, síðan fleiri myndir. Stundum fylgja stuttar greinar til nánari skýringar og fróðleiks um viðkomandi staði. Víxlmyndirnar eru einnig teknar upp í skrána og vísað frá þeim til opinbera nafnsins. Nafnberi er tilgreindur (land, borg, bær o.fl.) ásamt staðsetningu. Dæmi: „Copenhagen (city, eastern Denmark) : [Danish *København*]“ (bls. 51) – og frá København er aftur vísað til Copenhagen. Gömul

nöfn og aflögð eru talin og þá tekið fram hvenær breyting varð: „*Oslo* (city, southeastern Norway) : 1877–1924 *Kristiania*; 1624–1877 *Christiania*; Medieval Latin *Asloga*“ (bls. 150). Ártölin geta verið vísbendingar um sögulega atburði sem leiða til nafnabreytinga, einkum í Evrópu, s.s. hernám eða innrás eins ríkis í annað þar sem herraþjóð gefur nöfn á sinni tungu, og þar koma m.a. heimsstyrjaldirnar tvær á tuttugustu öld við sögu: „*Latvia* (republic, northwestern Europe) : [Latvian *Latvija*]; (Russian *Latviya*); 1941–1944 German *Lettland*“ (bls. 112). Oft liggja pólitískar ástæður að baki nýrri nafngift, t.d. í Sovétríkjunum. Algengur forliður nafna þar var *Krasno-* ‘rauður’ og tiðum var kennt við Lenín og Stalín þó þeir hefðu engin tengsl við viðkomandi staði. Frá nafnmyndinni Ísland er vísað í flettuna *Iceland* („island republic, North Atlantic“) (bls. 86) og er þetta eina íslenska nafnið í ritinu.

Að lokum má nefna two viðauka. Í þeim fyrri eru allmögorg staðaheiti þýdd á önnur mál en ensku: frönsku, þýsku, tyrknesku, finnsku, pólsku, velsku og kínversku, og er franski kaflinn fyrirferðarmestur. Þar má m.a. sjá að Ísland nefnist á finnsku Islanti, á tyrknesku Ízlanda og Ynys-yr-iâ á velsku. Síðari viðaukinn er skrá um ýmsa staði, suma alkunna, aðra lítt þekkta, sem vitað er með vissu að koma fyrir í skáldverkum en þá undir breyttum nöfnum. Eru rit breskra höfunda þar í miklum meirihluta en einstök skáldverk eru ekki tilgreind, einungis höfundar.

Í bókarlok er skrá um heimildir. Bókin er 257 bls. að stærð, án korta og mynda.

Jónína Hafsteinsdóttir